

Sterk króna stoppar hótél

Ris krónunnar undanfarin ár samhlíða ævintýralegum vexti í ferðapjónustu hefur verið mikið. Hóteluppbyggingu á Akureyri seinkar vegna sterkrar krónu. Hins vegar hefur krónan veikt umtalsvert síðustu tvær vikur. Gengið féll um tvö prósent í gær.

EFNAHAGSMÁL Sterk staða krónunnar þýðir að opnun hótels á Sjallareitnum á Akureyri seinkar um tvö til þrjú ár. Áður hafði verið stefnt að því að opna hótelið á næsta ári.

„Við horfum nú til þess að hótelið á Sjallareitnum verði opnað 2020 eða 2021 og þá myndu framkvæmdir hefjast mögulega á næsta ári. Þar er allt meira og minna tilbúið, það er nánast búið að fullhanna hótelið og samþykki bæjaryfirvalda á loka-stigi. Við gætum í raun og veru hafið framkvæmdir mjög fljótlega,“ segir Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótelanna.

Í tilkynningu félagsins í upphafi árs, þar sem sagt var frá framkvæmdunum, var vísað í spár um 20 prósent fjölgun ferðamanna. Nú sé útlit fyrir að bókanir verði færri en fyrstu áætlanir fyrirtækisins gerðu ráð fyrir.

„Við erum ekki að sjá þessa aukningu sem við vorum búin að áætla á þessum svæðum og þetta verður

Við erum ekki að sjá þessa aukningu sem við vorum búin að áætla á þessum svæðum.

Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótelanna

enn þyngra ef þessi virðisaukaskattur kemur á ferðapjónustuna og menn þurfa að velja og hafna hvar ný hótél verða byggð,“ segir Davíð.

Þó að krónan hafi styrkst mjög undanfarna tólf mánuði hefur gengið fallið síðustu tvær vikur. Gengið féll um tvö prósent í gær og hefur gengisvísitalan hækkað um 7,1 prósent það sem af er mánuði. Heimildir Fréttablaðsins herma að lækun síðustu daga megi rekja að hluta til viðskipta Arion banka síðustu daga. Merkja mátti áhrif veikingarinnar í Kauphöllinni en HB Grandi, Icelandair Group og Eimskip hækkuðu öll í verði.

– hg, kj / sjá síður 4 og 18

Ómetanleg verðmæti eru í hættu

SAMFÉLAG „Þetta er upphæð sem þingið hlýtur að geta fundið, smáaur miðað við þau ómetanlegu menningarverðmæti sem eru í hættu ef ekkert er gert,“ segir Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Vinstri grænna í Reykjavíkurborgardæmi norður.

Nýlega fundust merkilegar minjar við fornleifauppgröft á Dysnesi norðan Akureyrar. Talið er að kuml sem þar fannst sé frá víkingaöld. Vísibendingar eru um



að mun fleiri kuml finnst á svæðinu á næstu dögum.

Rannsókn fornleifafræðinganna er hluti af umhverfismati fyrir stórskipahöfn á Dysnesi með allt að 300 metra viðlegukanti sem fyrirtæki og sveitarfélög í Eyjafirði áforma að byggja á næstu árum.

Andrés segir ergilegt að það sé aldrei farið af stað í fornleifauppgröft nema til standi að fara í framkvæmdir á viðkomandi stað.

– bb / sjá síðu 6

Stríðandi fylkingar í Árneshreppi

ÁRNESHREPPUR „Það eru engir almannahagsmunir eftir í þessari fyrirhuguðu framkvæmd og þess vegna ekki boðlegt að fara fram með náttúrunni með þessum hætti,“ segir Elin Agla Briem, einn skipuleggjandi málþings um helgina um framtíð mála í Árneshreppi á Ströndum, þar er búist við að fyrirferðarmesta umræðuefnið verði áform einkafyrirtækisins Vesturverks sem gert hefur vatnsréttarsamninga við jarðeigendur í Ófeigsfirði vegna 55

megavatta virkjunar í Hvalá. Innan við fimmtíu íbúar eru skráðir í Árneshreppi, minnsta sveitarfélagi landsins. Elin Agla segir að íbúar hafi þungar áhyggjur af því að byggð leggist þar af innan fárra ára.

„Það eru einhverjir sem eru á móti og það ber meira á þeim heldur en hinum þögla meirihluta,“ segir Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti í Árneshreppi og hóteleigandi í Djúpuvík, um afstöðu íbúanna til virkjunarinnar. – gar / sjá síðu 8



Hjólreiðakappar sem taka nú þátt í hjólreiðakeppninni WOW Cyclothon, og hjóla hringinn í kringum landið, voru staddir í Hvalfirðinum þegar ljósmyndari Fréttablaðsins rakst á þá í gær. Keppnin er í boðsveitarformi þar sem liðsfélagar skipta 1.358 kílómetrum sín á milli og er keppt í nokkrum flokkum. Keppninni lýkur á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Þorsteinn Víglundsson skrifar um jafnréttismál. 22

SPORT Landsliðsmarkvörðurinn Aron Rafn er kominn heim úr atvinnumennsku á besta aldri. 32

MENNING Ég hef alltaf meiri áhuga á spurningum en svörum, segir Alicja Kwade. 42

LÍFÍÐ Kolbrún Sara, sem margir kannast við úr þáttunum Leit-in að upprunum, er flutt aftur til Íslands. 52

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• ALLT FYRIR FERÐALAGIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Dýrustu eignir í bænum

LÍFÍÐ Fasteignamarkaðurinn og verð fasteigna er mörgum landsmönnum ofarlega í huga um þessar mundir. Fréttablaðið tók af því til efni saman nokkrar dýrustu og svakalegustu fasteignirnar sem eru til sölu þessa stundina.

Ásett verð fyrir eignirnar sem náðu í samantektina er á bilinu 124 til 230 milljónir. Nú geta lesendur látið sig dreyma, eða hlaupið út í banka og skellt sér í greiðslumat. – sph / sjá síðu 50



KRÓNAN

Chilipýlsur
Kryddpýlsur með baslíku

98% KJÖT

Þú getur fyllingarefni

Þú getur innblástur á grillinn

#Grillsníllá KRÓNAN

kr. kg

1999 kr. kg

KjötPól gæða pýlsur


SMÁRALIND

FYRIR TILFERNIN STÓR SEM SMÁ



OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

Veður



Suðlæg eða breytileg átt í dag, yfirleitt 3-10 m/s og víða dálitlar skúrir. Fremur milt í veðri. **SJÁ SIÐU 38**



Í dag verða víða skúrir um land, en ekki samfelld rigning eins og hefur verið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ekki sumarhiti í kortunum á næstunni

VEÐUR „Í höfuðborginni má búast við þokkalegu veðri um helgina en fyrir norðan og austan verður ágætt á sunnudag en svalt í veðri,“ segir Helga Ívarsdóttir, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Skil gengu yfir landið í gær með rigningu en það dró úr rigningu og vindi upp úr hádegi. Búist var við talsverðri rigningu fyrir austan í nótt.

„Í dag verða víða einhverjar skúrir en ekki samfelld rigning eins og hefur verið,“ segir Helga. Það mun ekki koma heitara veður í Reykjavík þegar styttr upp að sögn Helgu.

„Á föstudag erum við að snúa yfir í norðaustanátt og þá birtir til í Reykjavík. Sérstaklega á þeim stöðum sem eru í skjóli fyrir norðaustanáttinni, en sum hverfi í Reykjavík eru það. Það er ekki mjög hlýtt í veðri en það verður ágætis veður í Reykjavík um helgina,“ segir Helga.

„Á laugardaginn dregur úr vindi og úrkomu víða um land. Sunnudagurinn lítur bara vel út víðast hvar á landinu. Það verður fremur milt sunnan og vestanlands, 8 til 15 gráður, en það verður nokkuð svalt fyrir norðan og austan í þessari norðaustanátt um helgina. Það má búast við að á föstudag og laugardag verði samfelld rigning fyrir norðan og sérstaklega fyrir austan,“ segir veðurfræðingurinn Helga. –sg

Blóm fyrir börnin



Aðstandendur Secret Solstice afhentu börnum á leikskólanum Hofi í Laugardal blómáttu í gær. Var það gert eftir að leikskólastjórinn greindi frá því að gestir hátíðarinnar hefðu brotið blómáttu barnanna. Sveinn Rúnar Einarsson, til vinstri, segist vilja halda góðu sambandi við nággranna í Laugardal. „Það er hægt að leysa öll vandamál með því að vera jákvæður og ganga í málin,“ segir Baldvin Þormóðsson, til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Enn færri þiggja fjárhagsaðstoð

EFNAHAGSMÁL Árið 2016 fengu 5.858 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fækkað um 1.138, eða 16,3 prósent, frá árinu áður.

Fram kemur í frétt Hagstofunnar að frá 2013 hafi heimilum með slíka aðstoð fækkað milli ára eftir að hafa fjölgað árlega frá 2007. Þetta helst í hendur við þróun atvinnuleysis. Frá árinu 2015 til 2016 lækkuðu útgjöld sveitarfélaganna vegna fjárhagsaðstoðar um 792 milljónir króna eða 17,6 prósent, en á föstu verðlagi um 19 prósent.

Af þeim heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð 2016 voru einstæðir barnlausir karlar (42,2 prósent heimila) og einstæðar konur með börn (24,7 prósent heimila) sem fyrr fjölmennustu hóparnir. Árið 2016 voru 31,8 prósent viðtakenda fjárhagsaðstoðar atvinnulaus og af þeim fimm af hverjum sex án bótaréttar, alls 1.498 einstaklingar. –sg

Hljóðfæri metin á milljarða koma til landsins

Átta heimsþekktir strengjaleikarar koma til landsins vegna Reykjavík Midsummer Music tónlistarhátíðarinnar. Með í för eru einstök Stradivarius hljóðfæri sem sum eru metin á hundruð milljóna.

SAMFÉLAG Í tilefni af Reykjavík Midsummer Music hátíðinni sem fer fram í Hörpu koma átta strengjaleikarar til landsins. Að sögn Víkinga Heiðars Ólafssonar, listræns stjórnanda hátíðarinnar, koma þeir frá öllum heimshornum og með hljóðfæri metin á milljarða með sér.

„Þetta eru fiðluleikarar, víólu-leikarar og sellóleikarar sem eru að koma til landsins. Þetta eru með fremstu tónlistarmönnum í heimi og vegna þess að þeir eru meðal þekktustu einleikara veraldar er þetta fólk að spila á sum dýrmætustu og stórkostlegustu hljóðfæri sem til eru. Þetta eru allt hljóðfæri sem auðkýfingar eða bankar eiga og fólk er lánað því það hefur enginn hljóðfæraleikari efni á svona hljóðfærum,“ segir Víkingur.

Þetta eru meira eða minna allt Stradivarius hljóðfæri sem eiga sér langa sögu, upprunalegu Stradivarius hljóðfærin voru smíðuð á 17. og 18. öld. „Þau eru með tón sem maður trúir ekki að sé til fyrr en maður heyrir það, það er ótrúlegt hvaða tóna er hægt að ná út úr svona tréboxi með strengjum og boga,“ segir Víkingur.

„Maður vill eiginlega ekki tala of mikið um hvað hljóðfærin kosta því maður er bara hræddur um að það verði ráðist á hljóðfæraleikana og þeir rændir,“ segir Víkingur kíminn. Hann bendir á að það sé skemmtilegt hvað þessi hljóðfæri eru lifandi þar sem listamenn sem njóta þeirra forréttinda að leika á þau taka þau með sér og ferðast um heiminn.

Hljóðfæraleikararnir átta sem koma fram hér á landi koma alls staðar að úr heiminum. „Einn japanskur fiðluleikari kemur með Stradivarius fiðlu sem Napoleon Bonaparte, keisari Frakklands, átti einu sinni. Svo kemur strákur frá Ungverjalandi með fyrsta þekktu Stradivarius sellóið,“ segir Víkingur.

Midsummer Music hátíðin hefst á morgun og stendur til sunnudags með tónleikum hvert kvöld. –sg / sjá nánar síðu 40

●● Þetta eru allt hljóðfæri sem auðkýfingar eða bankar eiga, og fólk er lánað því það hefur enginn hljóðfæraleikari efni á svona hljóðfærum.




Víkingur Heiðar Ólafsson, listrænn stjórnandi

Stradivarius hljóðfæri eiga sér langa sögu. NORDIC- PHOTOS/AFP



LÍNAN

BÆJARLIND 16 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | LÍNAN.IS
ÓPIÐ MÁN TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARDAGA 11 - 16



TILBOÐSVEISLA

BLACK & DECKER

30% afsláttur

af ÖLLUM rafmagnsverkfærum frá Black&Decker



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Sláttuvélar
20-30% afsláttur



Háprýstidælur
20-25% afsláttur



Garðhúsgögn
25% afsláttur



Ferðavörur
20% afsláttur



Hjálmur fylgir öllum hjólum
Kaupauki



Hillurekkar
20% afsláttur



SÚPER TILBOD

Stjúpur, 10 stk.

990 kr

1.790 kr



SÚPER TILBOD

Margaríta

990 kr

1.790 kr



Umhverfisstofnun bendir á Matvælastofnun og öfugt í svörum

STJÓRNSÝSLA Tilefni er til að skýra hlutverk einstakra stofnana við leyfisveitingar til fiskeldisfyrirtækja. Þetta segir í skriflegu svari Umhverfisstofnunar (UST) til Fréttablaðsins. UST og Matvælastofnun benda hvor á aðra í svörum sínum.

Úrskurðarnefnd í umhverfis- og auðlindamálum felldi í fyrradag úr gildi starfsleyfi sem UST hafði gefið til sjókvíaldis í Ísafjarðardjúpi. Sú

niðurstaða var vegna formgalla á meðferð stofnunarinnar. Fjöldi annarra leyfa er í ferli hjá stofnuninni en úrskurðurinn ætti ekki að varða ógildingu á þeim.

„Þegar hefur verið bætt úr öðrum helstu ábendingum sem fram koma í úrskurðinum í nýrri ákvörðunum stofnunarinnar varðandi málsmeðferð og ættu önnur starfsleyfi því ekki að vera í

uppnámi,“ segir í svari UST. Í svari UST er einnig vikið að þætti Matvælastofnunar (MAST) og bent á að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðs fiskeldis, það er aukin hætta á fisksjúkdómum, falli undir verksvið MAST. Í úrskurðinum var vikið að þröngri túlkun UST á hvað telst veiddur fiskur og hvað ekki og bent á að hún standist ekki.

„Ljóst er að ábending úrskurðar-

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi til fiskeldis og eru þau alfarið á ábyrgð hennar.

Úr svari frá Matvælastofnun

nefndarinnar varðandi hvaða regla gildi um fjarlægðarmörk byggir á veiðihagsmunum fremur en lífrænu álagi. Umhverfisstofnun leitaði leiðbeininga [MAST] þegar tekin var afstaða til þessa atriðis,“ segir í svari UST.

„Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi til fiskeldis og eru þau alfarið á ábyrgð hennar,“ segir í svari frá MAST. –joe



Veltan hefur verið meiri en hefðbundið er á gjaldeyrismarkaði síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Krónan veiktist um tvö prósent

EFNAHAGSMÁL Gengi íslensku krónunnar veiktist um tæp tvö prósent gagnvart myntum helstu viðskiptalanda Íslands í gær. Gengisvísitala krónunnar hefur hækkað um 7,1 prósent í mánuðinum en hækkinin nemur um fjórum prósentum það sem af er vikunni. Hefur krónan ekki verið veikari síðan í apríl.

7,1%

hækkun hefur orðið á gengisvísitölu í mánuðinum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins má rekja gengislækkun undanfarinna daga að einhverju leyti til viðskipta Arion banka með gjaldeyri, en bankinn hefur verið stórtækur á millibankamarkaði og selt þar krónur fyrir gjaldeyri á allra síðustu dögum. Lækkunin er ekki sögð skýrast af auknum umsvifum lífeyrissjóðanna erlendis.

Áhrifa af gengislækkun krónunnar gætti á hlutabréfamarkaði í gær, en hlutabréf þeirra félaga sem hafa tekjur í erlendra mynt hækkuðu nokkuð skarpt í verði. Þannig hækkaði hlutabréfaverð HB Granda um 6,58 prósent, Icelandair Group um 2,31 prósent og Eimskips um 1,89 prósent.

Gengisvísitalan hefur alls lækkað um rúm þrjú prósent það sem af er ári. –kj

Nýja flugstöðin í Vatnsmýri fer öfugt ofan í suma stjórnarliða

Þingmenn og ráðherrar Viðreisnar og Bjartrar framtíðar ekki hrifnir af áformum um nýja flugstöð í Vatnsmýrinni. Engar slíkar framkvæmdir má finna í fjármálaáætlun ríkisstjórnar. Borgarstjóri segir borgina þurfa að gefa leyfi fyrir framkvæmdunum og vill að afstaða verði tekin á grundvelli niðurstöðu Rögnumefndar.

SAMGÖNGUR Ekki er einhugur innan ríkisstjórnarinnar um að hefja framkvæmdir við nýja flugstöð í Vatnsmýrinni á næsta ári.

Morgunblaðið greindi frá því í gærmorgun að Jón Gunnarsson, samgönguráðherra og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vonaðist til að hægt verði að hefja framkvæmdir á næsta ári. Slíkar framkvæmdir má þó ekki finna í Fjármálaáætlun 2018-2022.

Jón hyggst skipa nýjan starfshóp sem falið verður að meta flugvallarkosti fyrir innanlandsflug. Áður hafði slíkur hópur í svonefndri Rögnumefnd komist að þeirri niðurstöðu að Hvassahraun væri álitlegasti kosturinn fyrir nýjan innanlandsflugvöll. Að mati Jóns er miðstöð innanlandsflugs í Vatnsmýri.

Þingmenn og ráðherrar úr samstarfsflokkum Sjálfstæðisflokksins eru ekki allir hrifnir af áformum um nýja flugstöð í Vatnsmýri. Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar og fjármálaráðherra, segir í samtali við Fréttablaðið að Jón hafi ekki borið áformin undir neina Viðreisnarmenn svo hann viti.

Björt Ólafsdóttir, umhverfisráðherra og þingmaður Bjartrar framtíðar, vill flugvöllinn burt úr Vatnsmýrinni. „Ég ætlast til að fólk vinni eftir þeim sáttmála sem lagður er fyrir ríkisstjórnina. Annars er fólk að fara fram úr sínu umboði,“ segir Björt.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, segir að borgin þurfi að gefa leyfi fyrir þessum framkvæmdum. „Þetta þarf að vera í samræmi við skipulag. Við erum búin að breyta skipulagi þannig að þetta sé hægt en það er með þeim skilyrðum að þetta séu byggingar sem auðvelt er að færa



Mikill styr hefur staðið um flugvöllinn í Vatnsmýri undanfarin ár og enginn einhugur er um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Borgin hefur kallað eftir því að það verði tekin afstaða á grundvelli niðurstöðu Rögnumefndar sem dregur fram mjög góðan kost í þessum flugvallarmálum.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

og borgin mun ekki lenda í einhverri bótaskyldu ef skipulag breytist.

Mér finnst mestu skipta að það sé að komast hreyfing á málið. Borgin hefur kallað eftir að það verði tekin afstaða á grundvelli niðurstöðu Rögnumefndar

Ég ætlast til að fólk vinni eftir þeim sáttmála sem lagður er fyrir ríkisstjórnina. Annars er fólk að fara fram úr sínu umboði.

Björt Ólafsdóttir, umhverfisráðherra

sem dregur fram góðan kost í flugvallarmálum,“ segir Dagur sem finnst fyllilega tímabært að ríkið, Reykjavíkurborg, flugrekstraraðilar og fleiri setjist yfir niðurstöður nefndarinnar. „Nú hef ég ekki séð neinar hug-

myndir að erindisbréfi eða verkefni þessa starfshóps um málið sem ráðherra vill setja upp, en mér finnst gott að setja málið í farveg svo sé hægt að taka næstu skref.“

Borgarður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, tísti í gær að framtíð innanlandsflugs væri ekki í Vatnsmýri. Að ætla annað væri sóun á dýrmætum tíma og peningum.

Í svipaðan streng tók flokksfélagi hennar Hanna Katrín Friðriksson, sem ritaði á Facebook að það væri hennar skoðun að framtíðarsetning innanlandsflugs væri utan miðborgar Reykjavíkur.

Ungliðahreyfing Viðreisnar hefur sömuleiðis sent frá sér yfirlýsingu þar sem áformin eru gagnrýnd.

saeunn@frettabladid.is



HEFUR ÞÚ
SÉÐ ÞESSA
KIND?
EF ÞÚ SÉÐ KINDINA ROLLU
-LÁTTU VITA!



„Evar Þór Benediktsson hefur enn og aftur skrifað frábæra bók og hún er ekki bara fyrir börn, því fullorðnir munu líka hafa gaman af lestrinum.“

Ingvaldur Geirsdóttir / Morgunblaðið





RENAULT
Passion for life

Renault Clio

ÍSLANDSMEISTARINN Í SPARAKSTRI



KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CLIO Í NÝRRI OG SPENNANDI ÚTFÆRSLU

DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,4 L/100 KM*

Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistarannum í sparakstri 2017 í nýrri spennandi útgáfu og þú kemst að raun um að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.

Renault Clio ZEN

Dísil, beinskiptur

Eyðsla 3,4 l/100 km*

Verð: 2.450.000 kr.

Renault Clio ZEN Sport Tourer

Dísil, beinskiptur

Eyðsla 3,4 l/100 km*

Verð: 2.590.000 kr.



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bilasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bilasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Tryggi að snjór safnist ekki við hafnarkanta

SLYS Rannsóknarnefnd samgönguslysna beinir þeim tilmælum til Ólafsvíkurhafnar, og annarra hafna, að tryggja að snjór safnist ekki við hafnarkanta. Öryggissáttin er til komin vegna banaslyss sem varð í fyrra.

Í febrúar í fyrra ók maður á níraðisaldri bifreið sinni að hafnarkantinum og hugðist leggja honum þar. Fyrir mistök steig hann á oliugjöf bifreiðarinnar en ekki bremsuna. Billinn endaði í höfninni á hvolfi. Manninum var komið á land eftir átján mínútur en endurlífgunartilraunir báru ekki árangur.

» Í febrúar í fyrra ók maður á níraðisaldri bifreið sinni að hafnarkantinum og hugðist leggja honum þar.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að við höfnina sé 22 sentimetrar hár kantur sem gerður er til að varna því að farartæki endi í höfninni. Við kantinn hafði safnast saman mikill og harður snjór sem gerði hann gagnslausan. Hinn látni hafði nokkrum dögum áður lent í svipuðu atviki en þá kom kanturinn í veg fyrir að hann endaði í höfninni.

Líkt og áður segir hefur þeim tilmælum verið beint til hafnarstjórnenda og Vegagerðarinnar að tryggja að hafnarkantar séu greinilegir og að snjór safnist ekki upp við þá. – jõe

Milljónajóga



Nýliðar í indverska hernum voru á meðal þeirra sem tóku þátt í fjöldajóga í indversku borginni Kolkata í gær. Sams konar viðburðir voru haldnir víðar á Indlandi en gærdagurinn var hinn alþjóðlegi jóga dagur. Á meðal þeirra sem tóku þátt var forsætisráðherrann Narendra Modi. Sagði hann að jóga hefði tengt Indland við allan heiminn. Svo lagði hann mottuna á jörðina og skellti sér í stellingar. NORDICPHOTOS/AFP

Meirihlutamenn mæta illa á fundi og boða ekki varamenn í staðinn

REYKJANESBÆR „Þrátt fyrir slaka mætingu nefndarmanna meirihlutans á fundi heyrir nánast til undantekninga að varamenn þeirra séu boðaðir í staðinn,“ segja fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn Reykjanesbæjar sem gagnrýna „afar slaka mætingu“ fulltrúa meirihlutans á fundi í umhverfis- og skipulagsráði.

„Fyrir utan formann nefndarinnar, sem hefur sinnt sínum verkefnum með ágætum, skipar meirihluti bæjarstjórnar tvo nefndarmenn í umhverfis- og skipulagsráð. Hefur annar þeirra um 60 prósent mætingarhlutfall á fundi þessa árs en hinn aðeins innan við 15 prósent,“ bókuðu bæjarfulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Bent er á að á síðasta fundi umhverfis- og skipulagsráðs hafi aðeins einn af þremur fulltrúum meirihlutans mætt og verið þar ásamt þeim tveimur fulltrúum sem

» Minnihlutinn í bæjarstjórn Reykjanesbæjar gagnrýnir afar slaka mætingu.

minnihlutinn á í ráðinu sem gegni mjög mikilvægu hlutverki í stjórn-sýslunni.

„Á það ekki sist við á uppbyggingartímum eins og nú er, þegar byggingarframkvæmdir íbúðarhúsnæðis eru í blóma auk framkvæmda við iðnaðarsvæðið í Helguvík, óskir um breytingar á skipulagi eru fjölmargar og vinna við aðal- og deiliskipulag stendur yfir,“ segja minnihlutafulltrúarnir og skora á meirihlutann að tryggja að þeir fulltrúar sem skipaðir séu til að sinna verkefninu geri það eða boði varamenn ella.

Fulltrúarnir tveir sem um ræðir svöruðu ekki fyrirspurn frá Fréttablaðinu í gær. – gar

Kosti smáaura miðað við verðmætin í húfi

Andrés Ingi Jónsson, þingmaður VG, segir það ergilegt að fornminjar finnist eingöngu þegar framkvæmdir eigi sér stað. Hann skorar á Alþingi að finna þær 300 milljónir sem þarf til að kortleggja kuml og minjar, sem eru ómetanlegar. Tíminn sé ekki vinur fornminja, sérstaklega ekki á strandsvæðum landsins.

SAMFÉLAG „Þetta er upphæð sem þingið hlýtur að geta fundið, smáaur miðað við þau ómetanlegu menningarverðmæti sem eru í hættu ekkert er gert,“ segir Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Vinstri grænna í Reykjavíkarkjörðæmi norður. Nýlega fundust merkilegar minjar við fornleifauppgröft við Dysnes norðan Akureyrar. Talið er að kuml sem þar fannst sé frá víkingaöld. Vísendingar benda til að mun fleiri kuml finnist á svæðinu á næstu dögum.

Rannsókn fornleifafræðinganna er hluti af umhverfismati fyrir stórskipahöfn á Dysnesi með allt að 300 metra viðlegukanti sem fyrirtæki og sveitarfélög í Eyjafirði áforma að byggja á næstu árum. Hafnar-mannvirki sem á að þjóna oliuleit á Drekasvæðinu sem og námagreftri á austurströnd Grænlands. Einnig hefur þessi framkvæmd verið markaðssett sem umskipunarhöfn fyrir siglingar yfir norðurpólinn. Framkvæmdin er talin munu kosta tæpa tuttugu milljarða króna.

Andrés segir ergilegt að það sé aldrei farið af stað í fornleifauppgröft nema það standi til að fara í framkvæmdir á viðkomandi stað. „Það er ótrúlega merkilegt að sjá þessar minjar koma upp, því þetta er sennilega einn stærsti kumla-fundur síðustu áratuga. Það er í raun ótrúleg heppni að þetta finnist og lá við því stórslysi að minjarnar á Dysnesi færu í sjóinn og sama staða er uppi víða um land.“

Tvö bátskuml og víkingasverð eru á meðal þess sem fundist hefur við Dysnes en aðeins einu sinni hafa



Merkar minjar hafa fundist við Dysnes en rannsókn fornleifafræðinganna er hluti af umhverfismati fyrir stórskipahöfn á Dysnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

» Það er í raun ótrúleg heppni að þetta finnist og lá við því stórslysi að minjarnar á Dysnesi færu í sjóinn.

Andrés Ingi Jónsson, þingmaður VG



fundist tveir bátar á sama stað og aðeins hafa fundist um 15-20 sverð við fornleifauppgröft á Íslandi. Andrés segir að til að koma í veg fyrir að ómetanlegar menningarminjar fari forgörðum verði að grípa til bráðaáðgerða til þess að kortleggja fornleifar í landinu. „Mesta tímapressan er á strandsvæðum, þar sem við erum í kapphlaupi við tímenn. Ráðuneytið reiknar með að það ætti að vera hægt að skrá strandlengjuna alla fyrir um 330 milljónir, útgjöld sem myndu kannski dreifast yfir fimm ár. Þá fengjum við loksins heildarsýnina sem vantar svo sárlega núna,“ bendir hann á. benediktboas@365.is

Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af hágæða flísum

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

GT'S

GT'S KOMBUCHA

Vinsælasti Kombucha drykkurinn er kominn í Hagkaup



13 bragðtegundir

498 kr/stk

GT'S Kombucha er góður fyrir meltinguna, þarmaflóruna, bætir orku og líðan.

Drykkurinn er lífrænn og hrár, ríkur af aínósýrum, andoxunarefnum, góðgerlum fyrir meltinguna og virkum ensímum.

GT'S Kombucha heldur fast í 20 ára gamla framleiðsluaðferð. Bruggað er í litlum skömmtum af mikilli alúð til að tryggja sem allra bestu gæði og ferskleika.



Betri upplýsingar eru taldar eiga þátt í að fleiri vilja eignast börn með Downs-heilkenni.

Fleiri velja Downs-börn

DANMÖRK Konum sem ákveða að eignast barn sem rannsóknir hafa leitt í ljós á meðgöngu að sé með Downs-heilkenni fer nú fjölgandi í Danmörku. Frá því að fósturskimun hófst í Danmörku 1970 og fram til 1994 fæddist ekkert barn þar í landi með Downs-heilkenni í kjölfar slíkrar greiningar við skimun. Allar konurnar völdu fóstureyðingu.

38

börn með Downs-heilkenni hafa fæðst í Danmörku frá árinu 2005 til ársins 2015.

Á milli 2005 og 2015 hafa fæðst 38 börn með Downs-heilkennið þótt foreldrar hafi vitað af litningagallanum þegar á meðgöngu. Af þessum 38 greindust 13 eftir 22. viku meðgöngunnar. Mögulega hafa foreldrararnir þá ekki haft val, að því er segir í frétt Kristilega dagblaðsins. – **ibs**

Fjölskylduföður vísað úr landi

LÖGREGLUMÁL Eugene Imotu, þriggja barna föður sem hefur verið hér á landi í þrjú ár, var í gær vísað úr landi. Eugene er frá Nígeríu og hefur búið hér með barnsmóður sinni Reginu.

Tvö barna Eugene og Reginu fæddust á Íslandi. Þau hafa fengið synjun um hæl í tvisgang. Brottvísun Reginu og barnanna var frestað á dögum en sama gildi ekki um Eugene sem var handtekinn á þriðjudag og fluttur á lögreglustöð. Brottvísuninni var mótmælt við lögreglustöðina á Hverfisgötu.

Elisabet Jean Skúladóttir og Ester Hansen hafa starfað náið með Eugene á veitingastaðnum Sægreifanum. „Fjölskyldan er honum allt. Hann er duglegur og metnaðarfullur og það skiptir hann mestu máli að börnin hans fái sömu tækifæri og aðrir að læra,“ sagði Elisabet við fréttastofu í gær. – **ngy**

Landvernd sögð standa í vegi fyrir framförum í Árneshreppi

Umdeild virkjunaráform í Hvalá í Ófeigsfirði verða rædd á málþingi í Trékyllisvík nú um helgina. Oddviti Árneshrepps segir Landvernd hindra framfarir í minnsta sveitarfélagi landsins, þar sem innan við fimmtíu íbúar eru skráðir. Virkjunin myndi skila Árneshreppi um 30 milljónum króna í fasteignagjöld á hverju ári.

ÁRNESHREPPUR „Það eru engir almannahagsmunir eftir í þessari fyrirhuguðu framkvæmd og þess vegna er ekki boðlegt að fara fram með náttúrunni með þessum hætti,“ segir Elín Agla Briem, einn skipuleggjandi málþings um helgina um framtíð mála í Árneshreppi á Ströndum.

Búist er við að fyrirferðarmesta umræðuefnið á málþinginu í Trékyllisvík verði áform einkafyrirtækisins Vesturverks sem gert hefur vatnsréttarsamninga við jarðeigendur í Ófeigsfirði vegna 55 megavatta virkjunar í Hvalá. Innan við fimmtíu íbúar eru skráðir í Árneshreppi, minnsta sveitarfélagi landsins. Elín Agla segir að íbúar hafi þungar áhyggjur af því að byggð leggist þar af innan fárra ára.

„Það eru einhverjir sem eru á móti og það ber meira á þeim heldur en hinum þögla meirihluta,“ segir Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti í Árneshreppi og hóteleigandi í Djúpuvík, um afstöðu íbúanna til virkjunarinnar.

Elín Agla segir að þegar hún flutti í Árneshrepp árið 2007 hafi hún heyrt svo góð samfélagsleg rök fyrir Hvalárvirkjun að hún hafi þá verið áformunum algerlega samþykkt. Hún hafi skipt um skoðun.

„Þetta átti að bæta afhendingaröryggi á rafmagni á Vestfjörðum almennt, laga veginn til okkar, hingað myndi loks koma þriggja fasa rafmagn og hér yrðu til nokkur störf við virkjunina. Ekkert af þessu stendur lengur,“ fullyrðir Elín Agla sem er hafnarstjóri hreppsins og titlar sig þjóðmenningarbónda.

Eva segir hins vegar að virkjuninni muni fylgja betra rafmagn og bætta samgöngur, meðal annars yfir Veiðileysuháls og síðan frá Eyrahálsi og yfir í Ingólfsfjörð og Ófeigsfjörð. Það sé rangt hjá virkjunarandstæðingum að ekki verði bætta samgöngur og betra rafmagn. „Það eru notuð frekar léleg rök fyrir því að við ættum ekki að gera þetta.“

Að sögn Evu mun Vesturverk í sumar gera ýmsar rannsóknir í Ófeigsfirði. Síðan sé fyrirtækinu ekkert að vanbúnaði og framkvæmdir gætu hafist strax á næsta ári. Þær myndu taka þrjú til fjögur ár og hafa mjög jákvæð áhrif á



Vesturverk hyggst reisa 55 megavatta virkjun við Hvalá og tengja við rafmagnsnet Vestfjarða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það eru engir almannahagsmunir eftir í þessari fyrirhuguðu framkvæmd.

Elín Agla Briem, hafnarstjóri og þjóðmenningarbóndi



Það eru einhverjir sem eru á móti og það ber meira á þeim heldur en hinum þögla meirihluta.

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps



verslun og þjónustu á því tímabili. Miklar líkur séu á að þetta verði að veruleika.

„Ég lít líka á þetta sem ágætis tekjumöguleika fyrir sveitina,“ segir Eva. Virkjunin muni skila Árneshreppi um 30 milljónum króna í fasteignagjöld árlega. Það muni um minna í sveitarfélagi þar sem núverandi heildartekjur séu 60 milljónir, jafnvel þó að um 15 milljóna króna framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga falli þá brott. Eftir stendur því að tekjurnar vaxa um 25 prósent, fara úr 60 milljónum í 75 milljónir.

„Ég lít á þessa peninga sem stórkostlegt tækifæri til að gera eitthvað fyrir íbúana hérna. Til að bæta aðstöðu gamla fólksins sem hefur þurft að flytja unnvörpum burt þegar það er gamalt því við höfum ekki haft efni á að gera neitt fyrir það,“ segir Eva.

Snorri Baldursson, formaður Landverndar, hefur gagnrýnt Hvalárvirkjun opinberlega, meðal annars í tveimur greinum á Kjarnanum í fyrrahaust. Sagði Snorri nær að stofna þjóðgarð á svæðinu

og skoraði á heimamenn að hafna áformunum.

„Langtímaávinningur samfélagsins á Ströndum af þjóðgarði og þeirri atvinnuuppbyggingu sem gæti orðið í kring um hann á næstu áratugum yrði margfaldur á við virkjun,“ skrifaði Snorri á sínum tíma.

Eva oddviti kveðst undrandi á því að Landvernd hafi afskipti af málinu. „Það er eins og allir séu búnir að gleyma því að vatnsaflsstöðvar eru vistvænar. Ég bara skil ekki hvað Landvernd er að gera með því að setjast á svona lítið sveitarfélag og hindra framfarir því,“ segir hún.

Að sögn Elínar Öglu bindur hún vonir við að málþingið varpi betra ljósi á áhrif Hvalárvirkjunar heldur en hingað til hefur verið gert. Á heimsvísu sé reynt að sporna við ágangi á náttúruna, sérstaklega þegar einkaaðilar eigi í hlut.

„Barna er verið að skerða ósnortin víðerni og samkvæmt náttúruverndarlögum þarf að rökstyðja að það sé til almannahagsmuna,“ segir Elín Agla Briem. **gar@frettabladid.is**

Sögulega lítið um vanskil húsnæðislána

SAMFÉLAG Vanskil húsnæðislána eru nú í sögulegu lágmarki. Til marks um það hefur Íbúðalánasjóður einungis tekið til sín 23 eignir á uppboði á fyrstu fimm mánuðum ársins. Fara þarf meira en tíu ár aftur í tímann til að finna jafn góða stöðu húseignenda. Ástandið hefur því gjörbreyst frá því fyrir nokkrum árum, en til samanburðar eignaðist Íbúðalánasjóður 832 eignir á uppboði árið 2010.

Þetta kemur fram í tilkynningu. Útlit er fyrir að sjóðurinn eignist aðeins 50-60 fullnustueignir á þessu ári en alls eru í dag 536 eignir í eigu sjóðsins og er söluundirbúningur vegna þeirra langt á veg kominn. Markmið sjóðsins er að ljúka við að selja stóran hluta þessara eigna á almennum markaði fyrir árslok og verður gert átak í sölu þeirra á komandi hausti.

Um 60 prósent eigna Íbúðalánasjóðs eru í útleigu en um þriðjung-



Fara þarf tíu ár aftur til að finna jafn góða stöðu húseignenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ur íbúðanna er leigður fyrri eignum þeirra. Sjóðnum er heimilt að leigja fólki, sem missir íbúðir sínar í kjölfar vanskila, þær aftur tímabundið til að gefa því ráðrúm til að finna nýtt húsnæði. Tveir þriðju leigjenda sjóðsins hafa verið í þrjú ár eða lengur í íbúðunum. Þeim stendur til boða að kaupa eignirnar, rétt eins og öðrum.

Gerðarþolar, þ.e.a.s. þeir sem

áttu íbúðina áður, geta þó einungis keypt með láni frá Íbúðalánasjóði að því gefnu að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn í dag. Fasteignasalar annast söluna og verður hagstæðasta tilboði tekið. Allir samningar við leigjendur íbúðanna eru tímabundnir og hafa leigusamningar þeirra að undanförunu verið endurnýjaðir að hámarki til sex mánaða í senn. – **bb**

ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI

VOLVO PENTA

Öflug Volvo Penta þjónusta

Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt. Komdu í dag og ræddu við ráðgjafa.

Kauptu bestu varahlutina

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.



HAFÐU SAMBAND Í DAG

- Sími: 515 7067 | 869 7537 Guðmundur Gísli
- Netfang: volvopenta@brimborg.is
- Heimasíða: volvopenta.is

brimborg

Lagerútsala 21.–23. júní

Nýttu tækifærið áður en húsgagnalagerinn flytur.
Komdu í Vesturvör 29 og gerðu góð kaup. Opið 8–18.

30–80%
afsláttur

Skrifborðsstólar, fundastólar, staflastólar, elliheimilishúsgögn, skrifborð, möppuhillur, hilluefni og margt fleira á ótrúlegu verði.



Rafhækkanleg skrifborð.
Útsöluverð frá: 79.900 kr.



Sitti staflastóll
Útsöluverð: 12.900 kr.

Verð áður: 19.875 kr.




Möppuhillur
Útsöluverð frá: 9.999 kr.

Hilluefni kr. 500 per stykki
Margar stærðir og litir.



Ventilo Skrifborðsstóll
Útsöluverð: 34.900 kr.

Verð áður: 62.375 kr.
Svartur.



Ólíkar niðurstöður í áþekkkum málum

Sérfræðingur við lagadeild HR segir hugtakið markaðsmisnotkun skilgreint með of víðtækum hætti. Dómstólar á Norðurlöndunum hafa komist að ólíkum niðurstöðum í áþekkkum markaðsmisnotkunarmálum. Þeir hafa túlkað hugtakið með ólíkum hætti.

DÓMSMÁL Af dómaframkvæmd á Norðurlöndunum má ráða að hugtakið markaðsmisnotkun sé skilgreint með of víðtækum hætti sem endurspeglar meðal annars í því að dómstólar ríkanna hafa komist að ólíkum niðurstöðum í áþekkkum markaðsmisnotkunarmálum. Til dæmis hafa dómstólar í Danmörku sýknað í málum sem varða kaup á eigin hlutabréfum á sama tíma og Hæstiréttur Íslands hefur sakfelld fyrir svipaða háttsemi. Þetta segir Andri Fannar Bergþórsson, sem lauk nýlega doktorsprófi frá lagadeild Kaupmannahafnarháskóla á sviði fjármagnsmarkaðsréttar, en doktorsritgerð hans fjallaði um markaðsmisnotkun.

Andri Fannar tók nýlega við stöðu sérfræðings við lagadeild Háskólans í Reykjavík, þar sem hann mun sinna kennslu og rannsóknum á sviði fjármagnsmarkaðsréttar og félagaréttar. Áður hafði hann starfað hjá Fjármálaeftirlitinu og embætti sérstaks saksóknara þar sem hann kom meðal annars að rannsókni og saksókn mála sem vörðuðu markaðsmisnotkun og innherjasvik.

Í doktorsritgerðinni skoðaði hann ítarlega alla dóma á efri dómstigum Norðurlandanna, þar sem reynt hefur verið á ákvæði um markaðsmisnotkun, alls um 65 dóma. Frá 2005 hafa ríki innan EES-svæðisins haft sambærilegt markaðsmisnotkunarákvæði í sinni löggjöf, en það var þó ekki fyrir en í kjölfar fjármálakreppunnar árið



Hæstiréttur Íslands hefur sakfelld fyrir markaðsmisnotkun í nokkrum stórum sakamálum á undanförunum árum. Skilgreining hugtaksins virðist þó vera nokkuð á reiki í dómaframkvæmd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

2008 að það fór að reyna almennilega á ákvæðin. Sem dæmi var eina dómafordæmið í íslenskum rétti fram til ársins 2011 héraðsdómur frá 2003. Nokkrir dómur hafa fallið á undanförunum árum, sem fjölluðu meðal annars um kaup gömlu bankanna á eigin bréfum

fyrir hrun, og má segja að dómaframkvæmdin sé öll að skýrast.

„Við byggjum okkar reglur á Evrópulöggjöf. Hugmyndin var sú að greina nákvæmlega hvað skilji á milli markaðsmisnotkunar og annarrar hegðunar á markaði. Hvað gerir hegðun að mark-

aðsmisnotkun og hvað ekki?“ segir hann. Skilgreiningin á markaðsmisnotkun sé ítarleg, en vísi til alls konar hugtaka sem séu opin og matskennd, svo sem „óeðlilegt verð“, „rangar upplýsingar“ og „sýndarmennska“, svo dæmi séu tekin.

Ein helsta niðurstaða ritgerðarinnar er að forsenda þess að háttsemi teljist til markaðsmisnotkunar sé að hún veiti markaðinum rangar eða misvisandi upplýsingar. Háttsemin þarf með öðrum orðum að vera blekkjandi. Sé því skilyrði ekki fullnægt telst háttsemin ekki markaðsmisnotkun, jafnvel þó hún sé að einhverju leyti siðferðilega ámalisverð.

„Mitt framlag var að skýra hugtakið betur og draga fram þessi tvö skilyrði: að um sé að ræða ranga eða misvisandi upplýsingagjöf til markaðarins og að sú upplýsingagjöf sé líkleg til að hafa áhrif á virði fjármálagernings. Slíkt viðmið ætti að stuðla að því að aðilar á markaði átti sig betur á því hvaða hegðun fellur undir bannið við markaðsmisnotkun,“ segir hann.

Andri Fannar segist hafa komist að því í rannsókninni hve mismunandi framkvæmdin hjá dómstólum á Norðurlöndum sé. „Það sýnir hve matskennt þetta er. Á sama tíma og sakfelld var fyrir markaðsmisnotkun hjá gömlu bönkunum hér á landi var til dæmis sýknað í áþekkkum málum í Danmörku sem vörðuðu kaup EBH bankans á eigin bréfum. Eftir að ég skiladi inn doktorsritgerðinni í febrúar féll reyndar dómur í Danmörku þar sem sakfelld var fyrir sams konar háttsemi í svokölluðu Parken-máli.“

Ríkin byggja á svipaðri skilgreiningu á markaðsmisnotkun, en engu að síður sé misjafnt hvernig dómstólanir líta á hugtakið. kristinningi@frettabladid.is

BOSS
HUGO BOSS

DIESEL

TOM FORD

Polaroid

VERAWANG
EYEWEAR

Úrval af
sólgleraugum

augastaður
Gleraunaverslunin þín

MJÓDDIN S: 587 2123 FJÖRÐUR S: 555 4789



Gael Meheust, forseti og forstjóri CFM international, John Leahy, framkvæmdastjóri Airbus Commercial aircraft, Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW air, og Steven F. Udvar-Házy, stjórnarformaður Air Lease Corporation.

WOW air fyrst í Evrópu til að fljúga nýrri Airbus þotu

SAMGÖNGUR WOW air verður fyrsta flugfélagið til þess að fljúga Airbus A321neo en samningur þess efnis var undirritaður í gær á flugsýningu í París. „Þetta er veruleg viðbót við flotann og gerir okkur kleift að fljúga vegalengdir upp á meira en sex þúsund kílómetra. Þannig getum við haldið áfram að bjóða upp á nýja áfangastaði með yngsta flota heims,“ segir Skúli Mogensen eigandi og forstjóri WOW air.

„A321neo mun gera WOW air mögulegt að stækka leiðakerfi sitt í Evrópu og Norður-Ameríku með vél sem er ein sú þægilegasta og hagkvæmasta í rekstri á markaðnum í dag. Burt séð frá lágum viðhaldskostnaði þá býður þessi vél farþegum WOW air upp á frábæra ferðaupplifun,“ segir John Leahy, forstjóri Airbus.

„Þessi fyrsta afhending á A321neo í Evrópu sýnir glögg hversu sterk og gjöfult samstarf okkar við WOW air er. Við erum einstaklega ánægð að vera tengd þeirra uppgangi á heimsvísu. Á skömmum tíma hefur WOW air náð að verða flugfélag sem nýtir sér

Þetta er veruleg viðbót við flotann og gerir okkur kleift að fljúga vegalengdir upp á meira en sex þúsund kílómetra.

Skúli Mogensen, eigandi og forstjóri WOW air

óhikað tækninýjungar með góðum árangri. Þessi nýja flugvél mun tryggja áframhaldandi vöxt flugfélagsins þar sem hún drífur lengra á sama tíma og hún heldur eldsneytiskostnaði í lágmarki,“ segir Steven F. Udvar-Házy, stjórnarformaður Air Lease Corporation. Nýja vélin mun hljóta nafnið TF-SKY og fer í áætlunarflug í byrjun júlí og mun meðal annars fljúga til staða á borð við Tel Aviv í september. Vélin er sautjanda vél WOW air og í henni eru 218 sæti. Í lok árs 2018 verða vélar WOW air orðnar 24 talsins. – bb

SUMAR TILBOÐ BÍLALANDS



Bíland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!



<p>49.999 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370401</p> <p>NISSAN X-Trail LE Nýskr. 11/13, ekinn 42 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 4.290 þús. kr. SUMARVERÐ: 3.790 þús. kr.</p>	<p>53.926 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 320782</p> <p>HYUNDAI Santa Fe III Comfort Nýskr. 06/15, ekinn 82 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 4.890 þús. kr. SUMARVERÐ: 4.090 þús. kr.</p>	<p>25.124 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 284405</p> <p>HONDA Civic Sport Nýskr. 04/14, ekinn 49þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290 þús. kr. SUMARVERÐ: 1.890 þús. kr.</p>	<p>26.434 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370593</p> <p>TOYOTA Auris Terra Nýskr. 12/14, ekinn 22 þ.km, bensín, beinskíptur. Verð 2.390 þús. kr. SUMARVERÐ: 1.990 þús. kr.</p>	<p>65.709 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 284020</p> <p>BMW X5 Xdrive30d Nýskr. 11/12, ekinn 75 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 5.790 þús. kr. SUMARVERÐ: 4.990 þús. kr.</p>
<p>15.960 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 152800</p> <p>FORD Ka Nýskr. 08/16, ekinn 5 þ.km, bensín, beinskíptur. Verð 1.490 þús. kr. SUMARVERÐ: 1.190 þús. kr.</p>	<p>46.071 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370526</p> <p>KIA Sportage Premium Nýskr. 11/15, ekinn 78 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 4.090 þús. kr. SUMARVERÐ: 3.490 þús. kr.</p>	<p>30.361 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370551</p> <p>TOYOTA Prius Hybrid EXE Nýskr. 07/12, ekinn 84 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990 þús. kr. SUMARVERÐ: 2.290 þús. kr.</p>	<p>35.598 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 152751</p> <p>SKODA Yeti Ambition 4WD Nýskr. 02/14, ekinn 72 þ.km, dísil, beinskíptur. Verð 3.290 þús. kr. SUMARVERÐ: 2.690 þús. kr.</p>	<p>48.690 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 320862</p> <p>VW Tiguan Sport & Style Nýskr. 06/15, ekinn 64 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 4.390 þús. kr. SUMARVERÐ: 3.690 þús. kr.</p>
<p>44.762 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 330818</p> <p>SKODA Octavia Ambition 4X4 Nýskr. 01/16, ekinn 49 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 3.990 þús. kr. SUMARVERÐ: 3.390 þús. kr.</p>	<p>26.434 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370464</p> <p>RENAULT Megane Scenic III. Nýskr. 07/13, ekinn 75 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 2.590 þús. kr. SUMARVERÐ: 1.990 þús. kr.</p>	<p>18.578 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 192366</p> <p>RENAULT Megane Berline Nýskr. 08/12, ekinn 80 þ.km, dísil, beinskíptur. Verð 1.650 þús. kr. SUMARVERÐ: 1.390 þús. kr.</p>	<p>52.617 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 320785</p> <p>SUBARU Outback LUX Nýskr. 08/14, ekinn 57 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 4.490 þús. kr. SUMARVERÐ: 3.990 þús. kr.</p>	<p>38.216 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370406</p> <p>RENAULT Kadjar 4WD Nýskr. 01/16, ekinn 72 þ.km, dísil, beinskíptur. Verð 3.390 þús. kr. SUMARVERÐ: 2.890 þús. kr.</p>
<p>23.815 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 284132</p> <p>PEUGEOT 208 Allure Nýskr. 03/16, ekinn 34 þ.km, bensín, beinskíptur. Verð 2.390 þús. kr. SUMARVERÐ: 1.790 þús. kr.</p>	<p>21.197 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 284174</p> <p>NISSAN Note Acenta Plus Nýskr. 07/15, ekinn 52 þ.km, bensín, beinskíptur. Verð 2.290 þús. kr. SUMARVERÐ: 1.590 þús. kr.</p>	<p>49.999 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 121196</p> <p>HYUNDAI Tucson Comfort Nýskr. 02/16, ekinn 65 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 4.190 þús. kr. SUMARVERÐ: 3.790 þús. kr.</p>	<p>99.748 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 192291</p> <p>LAND ROVER Discovery 4 S Nýskr. 06/15, ekinn 61 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 8.290 þús. kr. SUMARVERÐ: 7.590 þús. kr.</p>	<p>41.811 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370561</p> <p>SKODA Superb Ambition 4X4 Nýskr. 03.15, ekinn 89 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 3.690 þús. kr. SUMARVERÐ: 3.190 þús. kr.</p>

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

bilaland

Opið frá kl. 9-18 og
á laugardögum frá kl. 12-16.

Milljörðum af skattfé var sóað í ranga herbúninga

AFGANISTAN Bandaríska varnarmálaráðuneytið keypti búninga fyrir afganska herinn fyrir nærri þrjú milljarða króna. Ráðuneytið keypti búninga með skóglendis-mynstri en einungis 2,1 prósent landsins er skógi vaxið. Því var milljörðum af skattfé almennings sóað í ranga búninga, að mati Johns Sopko ríkisendurskoðanda.

„Ákvörðunin var ekki byggð á réttu mati fyrir afganskt umhverfi,“ segir í skýrslu sem Sopko birti í gær.

Í skýrslunni kemur fram að afganski varnarmálaráðherrann hafi valið mynstrið árið 2007.

Samkvæmt Sopko skoðaði ráðherrann, Abdul Rahim Wardak, mynstur á netinu þar til hann fann mynstur sem honum leist vel á. „Hvað ef ráðherranum hefði litist vel á fjólubláan eða bleikan?“ spurði Sopko í viðtali við USA Today og bætti við: „Hefðum við þá keypt bleika búninga fyrir hermenn án þess að hugsa okkur um?“ – þea



Hundar geta nú gætt sér á ís með lifrabragði. Þessi sleikir venjulegan ís. NORDICPHOTOS/GETTY

50 þúsund hundaísar frá Svíþjóð sendir til Dúbaí

SVÍÞJÓÐ 50 þúsund ísar með nautalifrabragði, laxbragði og elgsbragði voru sendir á dögnum frá Svíþjóð til Dúbaí. Ísinn eru handa hundum dóttur sjeiksins í Dúbaí, að því er segir í frétt á vef sænska ríkisútvarpsins.

„Við höldum að það væri verið að gera at í okkur. En nú erum við

komin með langan samning um mikið magn,“ segir Sonja Catani, framkvæmdastjóri Hugo & Celins í Svíþjóð, sem hófu framleiðslu hundaísa fyrir einu ári.

Catani segir að myndir verði teknar í einkahöll dóttur sjeiksins þannig að búast megi við að hundaísinn vekji mikla athygli. – íbs

Fær frítt í flug alla ævi

INDLAND Flugfélagið Jet Airways hefur lofað að gefa ungbarni sem fæddist um borð í vél félagsins milli Sádi-Arabíu og Indlands fría flugmiða það sem eftir er ævi þess. CNN greinir frá þessu.

Barnið, sem er strákur, fæddist fyrir tímann í 35 þúsund feta hæð á sunnudag. Vélin sem átti að fara til Kochi flaug til Mumbai þar sem móðirin og barnið voru flutt á spítala.

Flugfreyjur og -þjónar um borð

aðstöðuðu við fæðinguna auk sjúkraflutningamanns sem var um borð. Forsvarsmenn Jet Airways hafa hælt starfsfólkinu fyrir góð viðbrögð.

Ljóst er að drengurinn mun hafa möguleika á að ferðast um vítt og breitt um heiminn, en flugfélagið Jet Airways flýgur til 65 áfangastaða.

Um sex börn sem fæddst hafa í flugi hafa fengið frímiða hjá viðkomandi flugfélagi til æviloka. – sg



Jeremy Corbyn og Theresa May gengu saman í þingsal áður en drottning hélt stefnuræðu sína. NORDICPHOTOS/AFP

May neyðst til að bakka með stefnumál

Jeremy Corbyn segir valdatap forsætisráðherra Bretlands kristallast í því að hún dragi stefnumál til baka. Sjálf hvetur May til aukinnar samvinnu. Stefneuræða drottningar einkenndist af væntanlegri útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu.

BRETLAND Ríkisstjórn íhaldsflokksins á Bretlandi undir forystu Theresa May er uppiskroppa með hugmyndir og hefur tapað meirihluta sínum. Þetta sagði Jeremy Corbyn, formaður Verkamannaflokksins, í umræðum eftir stefnuræðu drottningar á breska þinginu í gær.

Hefð er fyrir því að drottning fari með stefnuræðu fyrir nýja ríkisstjórn eftir kosningar, í þessu tilfalli minnihlutastjórn May. Stjórnmalagreinandi BBC, Laura Kuenssberg, sagði í gær að May hefði væntanlega séð daginn fyrir sér sem einhvers konar krýningarathöfn fyrir nokkrum vikum en eftir að flokkurinn tapaði meirihluta í kosningum hafi gærðagurinn þess í stað kórónað fall May.

Corbyn sagði að í ljósi þess að May hefði tapað þó nokkrum völdum hefði flokkur hennar þurft að bakka með ýmis stefnumál. Til að mynda áform um að afnema lög um ókeypis upphitun fyrir eldri borgara og sjálfkrafa hækun eftirlauna sem og áform um að hætta að gefa ungum skólabörnum ókeypis hádegismat.

Þingið getur ekki leyst allt en samvinna er þáttur í því að styrkja samkennd og sjálfs-traust þjóðarinnar.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands

Sjálf sagði May í umræðunum að stærsta áskorun sem ríkið stæði frammi fyrir væri að sameina sundrada þjóð. „Ég er tilbúin að vinna að þjóðarhag með hverjum sem er úr hvaða flokki sem er þegar kemur að Brexit og öðrum málum,“ sagði May.

„Þingið getur ekki leyst allt en samvinna er þáttur í því að styrkja samkennd og sjálfstraust þjóðarinnar,“ bætti May við.

Forsætisráðherrann tjáði sig einnig um bruna Grenfell-turnsins.

Þaðst hún afsökunar á mistökum yfirvalda sem hún sagði ekki hafa brugðist við brunanum á réttan hátt. Lofaði hún óháðum lögfræðingi til að starfa fyrir fjölskyldur sem urðu fyrir tjóni í brunanum.

Engin stefnuræða drottningar verður á næsta ári og því þurfti ræða hennar í gær að spanna tveggja ára áform. Af þeim 27 frumvörpum sem útlustuð voru fjalla alls átta um Brexit, til að mynda um áhrif Brexit á innflytjendamál, milliríkjavíðskipti, sjávarútvegsmál og landbúnaðarmál.

Mikilvægast þessara frumvarpa snýr að því að binda enda á lögsögu Evrópuþómstólsins yfir Bretlandi og að innleiða öll Evrópusambandslög í bresk lög þess í stað.

Á meðal annarra mála sem komust á dagskrá voru frumvörp um stofnun nýs embættis sem á að beita sér gegn heimilisofbeldi, um að klára að koma á lestarsamgöngum á milli Birmingham og Crewe og um aukna persónuvernd á netinu og hinn svokallaða rétt til að gleymast. thorgnyr@frettabladid.is

Hafa stöðvað útbreiðslu skógareldanna

PORTÚGAL Útbreiðsla skógarelda sem urðu 64 að bana í Portúgal um helgina hefur verið stöðvuð. Frá þessu greindu portúgölsk stjórnvöld í gær.

„Eldhafið breiðir ekki lengur úr sér,“ sagði Vitor Vaz Pinto, talsmaður almannavarna, í samtali við AP í gær og bætti því við að hundruð slökkviliðsmanna væru á vettvangi til að koma í veg fyrir að eldhafið breiddi úr sér á ný. Búist var við því að það tækist að slökkva eldana að fullu í nótt.

Frá því á laugardag hafa rúmlega þúsund slökkviliðsmenn og á annan tug flugvéla barist við eldana um mitt land, eða 150 kílómetrum frá höfuðborginni Lissabon. Lækkandi hiti og minni vindur hjálpuðu slökkviliði við starf sitt í gær. Þá söfnuðust ráðherrar og þingmenn saman fyrir utan þinghúsið í Lissabon upp úr hádegi í gær til að minnast fórnarlambanna en nú þegar hefur þjóðarsorg ríkt í Portúgal í þrjú daga. – þea



Slökkviliðsmenn í Vale da Ponte. NORDICPHOTOS/AFP

GS IMPORT

Allur borðbúnaður fyrir veitingahús

gsimport.is
892 6975



ŠKODA

NÝ OG SNJALLARI OCTAVIA KOMIN Í UMFERÐ

NÝ ŠKODA OCTAVIA. EINN VINSÆLASTI FJÖLSKYLDUBÍLLINN.

Octavia hefur sannarlega slegið í gegn hjá þjóðinni sem sést best á því að hann hefur verið einn vinsælasti fjölskyldubíllinn á Íslandi í mörg ár. Nú kynnum við nýja Octaviu með skarpari línur og snjallari aukabúnað en áður. Sem dæmi færðu 8" snertiskjá og LED dagljós sem staðalbúnað. Verðið á líka sinn þátt í vinsældunum. Komdu og prófaðu einn skemmtilegasta bíllinn í umferð.

ŠKODA OCTAVIA frá:
3.350.000 kr.




HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjaneshæ

www.skoda.is



Ástand heimsins



1. EGYPTALAND Egypsk kona útbýr kahk en það er útgáfa af smjörköku. Hátíðin Eid al-Fitr, sem markar endalok föstumánadarsins Ramadan, hefst brátt og er undirbúningur í fullum gangi.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2. KATAR Kameldýr við landamæri Katar og Sáði-Arabíu. Eftir að ríki á Arabíuskaganum slitu stjórnmalasambandi við Katar hefur íbúum og búfé með katarska kennitölu verið gert að yfirgefa löndin.

3. UNGVERJALAND Réttarhöld yfir ellefu mönnum, sem grunaðir eru um að eiga þátt í andláti 71 flóttamanns, hófust í gær. Flóttamennirnir köfnuðu í flutningagámi. Farið er fram á lífstíðardóm yfir fjórum sakborningum.

4. BRETLAND Tónleikagestir streyma á svæði Glastonbury-hátíðarinnar. Hátíðin er hin stærsta sinnar tegundar en áætlað er að allt að 175 þúsund gestir sæki hana.

5. RÚSSLAND Íssali í Sochi útbýr ískúlu en heitt hefur verið í landinu að undanfögnu. Vladímír Lenín fylgist með hverri hreyfingu.

6. KRÓATÍA Leigubílstjórar Zagreb tepptu götur borgarinnar í gær til að mótmæla samkeppni frá Uber.

Hótel – Veisluþjónustur Gistiheimili – Mötuneyti

Fjölbreytt úrval af matvöru og veisluréttum



Ljúffengt...
... hagkvæmt og fljótlegt



Danco hefur allt til að auðvelda veitingarnar hvort sem er í veisluna, mötuneytið, kokteilboðið, skólaeldhúsið, alls staðar. Forréttir, pizzur, smáréttir, forskornar tertur og fleira.

Eingöngu selt til fyrirtækja

Heildsöludreifing
DANCO
HEILDVERSLUN
www.danco.is



NJÓTTU LÍFSINS AF ÖRYGGI

Njóttu af öryggi alls þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Fjór hjóladrífinn Volvo XC60 býr yfir nægu rými fyrir golfsettið, einstöku öryggi, fellanlegu tvískiptu sætisbaki, 23 cm veghæð, hárrí sætisstöðu og margverðlaunuðum sætum með mestu mögulegum þægindum.

LEÐURÁKLÆÐI
RAFDRIFIÐ ÖKUMANNSSÆTI MEÐ MINNI
LEIÐSÖGUKERFI MEÐ ÍSLANDSKORTI
BAKKMYNDAVÉL
XENON GASLJÓS MEÐ BEYGJUSTÝRINGU
VERÐ FRÁ 7.845.000 KR.

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
VOLVO XC60 D4 AWD EXECUTIVE



Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfirningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

Rýmmin



MacBook Air 256GB
Verð frá **149.990.-**



MacBook Pro 13"
Verð frá **159.990.-**

**RÝMINGARVÖRUR AÐEINS SELDAR
Í VERSLUN EPLI LAUGAVEGI 182
OG VEFVERSLUN EPLI**

Nánari upplýsingar
epli.is/mac-tilbod.html

***Vaxtalaus greiðsludreifing**

Epli býður handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli í allt að 6 mánuði. Við kaupverð leggst 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 405 kr., við hvern gjalddaga.

TAKMARKAÐ MAGN

garsala

iMac 21"

Verð frá **149.990.-**

iMac 27"

Verð frá **239.990.-**

iPad mini 4

Verð frá

49.990.-

iPad Pro 9,7"

Verð frá

84.990.-

iPad Air 2

Verð frá

49.990.-

Pad Pro 12"

Verð frá

99.990.-

MacBook

Verð frá **169.990.-**

MacBook Pro 15" - Touch Bar

Verð frá **309.990.-**

Verlanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

MARKAÐURINN

Dalurinn festir kaup á öllu hlutafé í tímaritaútgáfunni Birtíngi

Fjárfestingarfélagið Dalurinn ehf., sem er meðal annars í eigu stjórnenda lyfjafélagsins Alvogen, hefur fest kaup á öllu hlutafé í tímaritaútgáfunni Birtíngi. Kaupin gengu í gegn fyrr í mánuðinum samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en kaupverð er trúnaðarmál. Engar áherslubreytingar eru fyrirhugaðar á rekstri útgáfunnar. Birtíngur gefur út tímaritin Hús og hífyl, Gestgjafann og Vikuna.

Dalurinn ehf., nýr eigandi Birtíngi, er í eigu Róberts Wessman, Árna Harðarsonar, Halldórs Kristmannssonar, Hilmars Þórs Kristinssonar og Jóhanns G. Jóhannssonar. Þeir eiga hver um sig fimmtungshlut í félaginu.

Seljendur eru félagið SMD ehf., sem er í eigu einkahlutafélags Hreins Loftssonar, Prospectus ehf., í eigu Matthíasar Björnssonar, og Karl Steinar Óskarsson. Félag Hreins átti fyrir viðskiptin 75 prósent hlut í Birtíngi, en þeir Matthías og Karl

» Engar veigamiklar áherslubreytingar eru fyrirhugaðar á rekstri útgáfunnar á næstunni.

Steinar 12,5 prósent hlut hvor. Hreinn hefur stigið til hliðar sem stjórnarformaður og útgefandi Birtíngs, en Karl Steinar mun áfram gegna starfi framkvæmdastjóra og Matthías starfi fjármálastjóra.

Gunnlaugur Árnason mun taka sæti stjórnarformanns í Birtíngi og leiða stefnumótun félagsins. Hann er eigandi bresku fjölmiðlafelaganna M2 Communications og M2 Bespoke.

Eins og kunnugt er var kaupum Pressunnar á Birtíngi rift í síðasta mánuði vegna bágborinnar fjárhagsstöðu Pressunnar. Áður höfðu fregnir borist af því að ekkert yrði af 300 milljóna króna hlutafjár- aukningu Pressunnar. Dalurinn ehf.

ætlaði meðal annars að leggja Pressunni til 155 milljónir króna af nýju hlutafé og verða þar með langsamlega stærsti eigandi fjölmiðilsins.

Þegar Samkeppniseftirlitið samþykkti upphaflega kaup Pressunnar á Birtíngi fyrr á árinu kom meðal annars fram að fyrri eigendur Birtíngs hefðu ekki bolmagn til þess að halda útgáfunni áfram óbreyttri. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur fjárhagsleg staða útgáfufélagsins nú verið tryggð. —KJ



Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru við Stuðlaháls. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hagnaður Coke á Íslandi jókst

Drykkjarframleiðandinn Coca-Cola European Partners Ísland, áður Vífilfell, var rekinn með 180 milljóna króna hagnaði í fyrra. Afkoma fyrirtækisins árið 2015 var jákvæð um 89 milljónir og því um 91 milljónar króna viðsnúning að ræða.

Þetta kemur fram í nýjum ársreikningi fyrirtækisins. Sala á drykkjartegundum á borð við Coke, Sprite og Trópi skilaði þá rétt tæpum tólf milljörðum króna samanborið við 10,8 milljarða árið á undan. Eigið fé félagsins, eignir minus skuldir, var jákvætt um 4,4 milljarða króna. Coca-Cola á Íslandi er dótturfélag Bottling Great Britain Ltd. —hg

Dirty Burger skilaði tapi

Hamborgarastaðir Dirty Burger and Ribs voru reknir með 4,5 milljóna króna tapi í fyrra samanborið við sex milljóna króna tap árið 2015. Rekstrarfélag þeirra, DBR ehf., velti 258 milljónum árið 2016 og dróst salan saman um sjö milljónir milli ára.

Fyrsti hamborgarastaður DBR var opnaður við Miklubraut 101 í ágúst 2014. Félagið rekur einnig staði í Austurstræti og í Reykjanesbæ. Það er í eigu Riverside Capital ehf., Hermanns Agnars Sverrissonar og GGH ehf. og eiga allir hluthafar þróðungshlut. Riverside er í eigu fjárfestisins Órvars Kærnered og GGH er að hluta til í eigu erlendra félaga fjárfestisins Magnúsar Ármann. Mynda þeir tveir stjórn félagsins. —hg

Seinka hóteli á Sjallareitnum út af styrkingu krónunnar

Íslandshótel ætla að opna hóteli á Sjallareitnum á Akureyri eftir þrjú til fjögur ár en ekki á næsta ári. Framkvæmdastjórinn segir forsendur hafa breyst með styrkingu krónunnar. Hönnunin er næstum fullkláruð og verkið hefði geta hafist fljótlega. Hótelframkvæmdum fyrirtækisins í Reykjavík verður ekki seinkað.

Stjórnendur Íslandshótela hafa ákveðið að seinka opnun nýs hótels á Sjallareitnum á Akureyri. Framkvæmdastjóri hótelið segir forsendur hafa breyst með styrkingu krónunnar og að útlit sé fyrir að bókunarverði færi en fyrstu áætlanir fyrirtækisins gerðu ráð fyrir.

„Við horfum nú til þess að hótelið á Sjallareitnum verði opnað 2020 eða 2021 og þá myndu framkvæmdir hefjast mögulega á næsta ári. Þar er allt meira og minna tilbúið og það er nánast búið að fullhanna hótelið og samþykki bæjaryfirvalda á lokastigi og við gætum í raun og veru hafið framkvæmdir mjög fljótlega,“ segir Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela.

Dótturfélag hótelið, Norðureignir, keypti Sjallann á Akureyri og nálægar byggingar í lok júlí í fyrra. Til stendur að rífa skemmtistaðinn og byggja 113 herbergja hóteli undir nafni Fosshótela. Upphafleg áform gerðu ráð fyrir opnun á næsta ári. Í tilkynningu fyrirtækisins í janúar var vísað í spár um 20 prósent fjölgun ferðamanna á þessu ári og bent á fjölgun gistingu á Norðurlandi.

„Forsendur hafa breyst og þó við sjáum ekki fækkun ferðamanna til landsins þá eru þeir að velja og hafna hvert þeir fara og hversu löngum tíma þeir eyða hérna. Við finnum strax að það er að hægja á svæðum sem eru ekki í alfaraleið og Akureyri á fyrir undir högg að sækja yfir vetrarmánuðina. Við ætlum því ekki að setja þetta verkefni í forgang.“

Davíð segir að áform um stækkun Grand Hótels á Blómavalsreitnum



Útlit er fyrir að hótelið á Akureyri verði ekki opnað ekki fyrr en fjórum til fimm árum eftir að Íslandshótel keyptu lóðina. NORDICPHOTOS/GETTY

Við finnum strax að það er að hægja á svæðum sem eru ekki í alfaraleið og Akureyri á fyrir undir högg að sækja yfir vetrarmánuðina.

Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela



svokallaða og nýtt hóteli við Lækjargötu hafi ekki breyst. Í báðum tilvikum eigi framkvæmdir að hefjast á undan hótelinu á Akureyri. Íslandshótel reka fimmtán hóteli á landsbyggðinni.

„Suðurlandið og austur á Höfn í Hornafirði hefur gengið vel og þar erum við með góða nýtingu og góða aukningu milli ára en það eru helst Vestfirðir, Austfirðir og svo Norðurlandið, þar sem við finnum að er örlítið þyngri róður. Við sjáum þó ekki samdrátt eins og í fréttum þar sem fólk er að lenda í 30-40 prósent samdrætti,“ segir Davíð og vísar í forsiðufrétt Fréttablaðsins



Tölur sýna minni fjölgun ferðamanna

Fjölgun gistingu á erlendra ferðamanna á heilsárhótelum á fyrstu fjórum mánuðum ársins var minnst á landsvæðum sem eru einna lengst frá höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt tölum Hagstofunnar var fjölgunin minnst á Austurlandi eða rúm þrettán prósent en næstmínst á Norðurlandi eða 23 prósent. Hagfræðideild Landsbankans benti í síðustu viku á að þessi þróun skýrist að einhverju leyti af því að dvalarlengd ferðamanna hefur styst síðustu misseri. Þar hafi styrking krónunnar áhrif enda hækki hún dvalarkostnað ferðamanna.

á föstudag þar sem hótelið er Vestfirðum lýstu mikilli fækkun ferðamanna.

„Við erum ekki að sjá þessa aukningu sem við vorum búin að ætla á þessum svæðum og þetta verður enn þyngra ef þessi virðisaukaskattur kemur á ferðaþjónustuna og menn þurfa að velja og hafna hvar ný hóteli verða byggð.“ haraldur@frettabladid.is

gæði - þekking - þjónusta

BIÐRÁÐAKERFI - FÆRIBÖND - DEIG- & RASPVÉL - BRÝNI
MÁLMEITARTÆKI - ÁLEGGSHNÍFAR - HAKKAVÉLAR
HAMBORGARAVÉLAR - KJÖTSAGIR - ROÐFLETTIVÉLAR

FLUGNABANAR

Kynningartilboð á nýrri gerð flugnabana sem uppfylla nýjustu kröfur um hreinlæti

GOTT VERÐ FliBlade 26
Áður 20.238,- NÚ 16.191,-

pmt
PLAST, MIÐAR & TÆKI

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

Olíuverð ekki lækkað meira í tuttugu ár

Olíuverð hefur haldið áfram að lækka þrátt fyrir samkomulag OPEC-ríkja um að draga úr framleiðslu. Um eftirmiðdaginn í gær hafði Brent hráolía lækkað um 0,74 prósent, en West Texas hráolía um 0,41 prósent.

Reuters greinir frá því að það sem af er ári hafi olíuverð lækkað um rúmlega 20 prósent, sem er mesta lækkan á hálfu ári frá því árið 1997. Um eftirmiðdaginn í gær kostaði tunna af West Texas hráolíu 43,33 dollara, en kostaði 53,72 dollara í árslok 2016. Brent hráolía lækkaði úr 56,82 dollurum í 45,7 dollara á sama tímabili.

OPEC-ríkin og aðrir olíuframléiðendur ákváðu að minnka framleiðslu um 1,8 milljónir tunna á dag frá og með janúar.

Carsten Menke, greiningaraðili hjá Julius Baer, segir í samtali við Reuters að ekki virðist hægt að stöðva lækkan olíuverðs. Fólk sé í auknum



Olíuverð hefur lækkað um rúmlega 20 prósent á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

mæli með efasemdir um áhrif framleiðslusamnings OPEC-ríkja.

Olíuframléiðendur virðast hafa virt samkomulagið um að draga úr framleiðslu, hins vegar voru nokkrir

framleiðendur, þeirra á meðal Írak, Sádi-Arabía og Rússland, sem framleiddu gríðarlega mikið í aðdraganda samningsins, það getur hafa haft áhrif til lækkanar olíuverðs. —sg



wineo

www.wineo.de

Þýskt hágæða gólfefni

Harðparket: 8 mm verð frá 1.580 kr. m²
10 mm verð frá 2.480 kr. m²

Víniparket: 5 mm verð 4.490 kr. m²

Undirlag: Verð frá 120 kr. m² (25m² á rúllu)

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Hágæðasamfélag



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Hagvísar eru langt í frá fullkomin leið til að mæla gæði samfélaga. Þvert á móti er blind trú á hagvísu eins og landsframléiðslu og atvinnuleysi birtingarmynd af ákveðinni kerfishugsun og þróngsýni.

Hinar ráðandi stéttir og hinar „talandi stéttir“ nota hagvísu og vísitölur ef til vill meira en góðu hófi gegnir. Þetta eru hins vegar þau tæki sem við höfum til að lýsa þeim veruleika sem við búum við og gera þau okkur kleift að bera okkar samfélag saman við önnur. Við verðum að styðjast við eitthvað annað en heita pottinn og samtöl við nágrannann. Flestir hagvísar fyrir Ísland hafa verið mjög jákvæðir undanfarin ár.

Á síðustu árum hefur alþjóðleg vísitala, sem mælir annað en hagræna þætti, verið að ryðja sér til rúms sem gott mælitæki á gæði samfélaga. Hér er um að ræða vísitölu félagslegra framfara (VFF-Social Progress Index) á vegum Social Progress Imperative stofnunarinnar. VFF er sett saman úr 50 þáttum sem byggja á þremur stöðum: Grunnþörfum einstaklingsins, undirstöðum velferðar og tækifærum einstaklingsins í samfélaginu. Þessi vísitala byggir aðeins á félagslegum og umhverfislegum þáttum en ekki hagrænum stærðum.

Nýir útreikningar á grundvelli vísitölu birtust í gær fyrir árið 2017 og er Ísland í 3. sæti af 128 þjóðum þegar kemur að lífsgæðum og styrk samfélagslegra innviða. Danmörk er í efsta sæti, Finnland kemur þar á eftir. Ísland deilir 3. sætinu með Noregi og Svíþjóð er í 8. sæti. Norðurlöndin eru því öll í hópi tíu efstu þjóða á 2017 listanum.

Samkvæmt vísitölu er hvergi í heiminum meira umburðarlyndi gagnvart minnihlutahópum en á Íslandi. Þátttaka minnihlutahópa í samfélaginu er mest hér og hvergi er minna um mismunun og ofbeldi í þeirra garð. Þá skorar Ísland hæst er viðkemur trúfrelsi og er í 5. sæti þegar kemur að aðgengi að upplýsingum og fjarskiptum. Á Íslandi er netnotkun sú mesta miðað við höfðatölu eða 98 prósent.

Þegar niðurstöður úr VFF-vísitölu eru settar í samhengi við hagræna þætti blasir við býsna góð mynd. Það er uppgangur í efnahagslífinu hvert sem lítið er enda rifandi hagvöxtur og lítið atvinnuleysi. Hreyfanleiki vinnuafis er mikill á Íslandi í sögulegu samhengi sem þýðir að atvinnuleysi verður eiginlega aldrei óviðráðanlega hátt í niðursveiflu. Félagslegur hreyfanleiki er líka mikill á Íslandi sem endurspeglar jöfn tækifæri. Dreigið hefur úr ójöfnuði og stéttaskipting er lítil í samanburði við mörg önnur vestræn ríki.

Við búum í góðu samfélagi og ættum að vera þakklát. Íslenskt samfélag er hins vegar hvergi nærri fullkomið. Samkvæmt skýrslu Barnaheilla frá nóvember í fyrra eiga ellefu prósent fullorðinna á Íslandi á hættu að búa við fátækt eða félagslega einangrun en fjórtán prósent barna. Ísland er eina landið á Norðurlöndunum þar sem fleiri börn en fullorðnir búa við fátækt. Efsvona hátt hlutfall barna býr við fátækt mun það draga úr félagslegum hreyfanleika þeirra kynslóða sem munu erfa landið.



Við búum í góðu samfélagi og ættum að vera þakklát.

Halldór



Frá degi til dags

Allt í háaloft

Það er enn einu sinni allt komið í hnútt í ríkisstjórnarsamstarfinu. Jón Gunnarsson samgönguráðherra vill byggja nýja flugstöð í Vatnsmýri, þvert ofan í áform Reykjavíkurborgar um að færa flugvöllinn af svæðinu. Þingmenn Viðreisnar brugðust harkalega við tíðindunum og samráðherra Jóns í ríkisstjórn, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, lýsti þeirri skoðun sinni að allt tal um að framtíð flugvallarins væri í Vatnsmýri væri soun á dýrmætum tíma og peningum. Það er sem sagt allt komið í háaloft í þessu eilífa flugvallarmáli og ef marka má orð Hönnu Katrínar Friðriksson, þingmanns Viðreisnar, um að það sé ekki „öllum gefið að vera lausnamíðaðir í flóknum“ málum bendir ekkert til þess að flokkarnir nái sameiginlegri lendingu í bráð.

Pólítísk ákvörðun

Björgólfur Jóhannesson, forstjóri Icelandair, sagði í Morgunblaðinu í gær að á endanum yrði ákvörðun um staðsetningu flugvallarins alltaf pólítísk. Hvernig væri að festa í lög að þegar kæmi að risastórum ákvörðunum sem vörðuðu hagsmuni til langrar framtíðar væru stjórnmalamenn skuldbundnir til að taka ákvörðun í algjöru samræmi við mat færustu sérfræðinga þjóðarinnar? Það er reyndar nánast óhugsandi að stjórnmalamaður sem legði til minnkað vald stjórnmalamanna finnst á byggðu bóli. snaeros@frettabladid.is

Í góðum félagsskap í dag – en hvað svo?



Lilja Alfredsdóttir
alþingismaður

Það er ánægjulegt að Ísland, ásamt Noregi, skipi þriðja til fjórða sæti yfir ríki heims í rannsókn sem mælir vísitölu félagslegra framfara. Þessi vísitala mælir hve vel hefur tekist að tryggja velferð og hvaða tækifæri eru til staðar fyrir íbúana. Arangur allra Norðurlandanna er tvímælaust góður. Ísland er í fyrsta sæti þegar kemur að umburðarlyndi. Mismunun og ofbeldi gagnvart minnihlutahópum mælist einna minnst á heimsvísu. Hins vegar er tvennt sem kemur ekki vel út. Annars vegar reynist erfitt að eignast húsnæði á viðráðanlegu verði og hins vegar eru íslenskir háskólar ekki á meðal þeirra fremstu. Þetta eru slæmar fréttir inn í framtíðina.

Húsnæðisverð hefur hækkað mikili síðustu misseri, því eftirspurnin er langt umfram framboð. Sum sveitarfélög hafa ekki mætt löðaeftirspurninni og því er mikill húsnæðisvandi í Reykjavík. Vaxtastigið á Íslandi hefur verið herra en í mörgum samanburðarríkjum sökum þess að íslenska hagkerfið hefur verið þröttmeira en mörg önnur hagkerfi. Til þess að vinna gegn háu vaxtastigi þurfa þeninga- og ríkisfjármálaáætlun að ganga í takt. Hagstjórnin má ekki einungis hvíla á herðum Seðlabankans. Nauðsynlegt er að ráðast í skipulagsbreytingar á ríkisrekstrinum sem miða að því að nýta fjármagnnið betur.

Háskólarnir á Íslandi hafa sett sér það markmið að komast í fremstu röð háskóla á heimsvísu. Til að ná þeim árangri þarf að efla rannsóknir og bjóða upp á framúrskarandi kennslu. Að óbreyttu er ekki hægt að ná þeim árangri, eflitíð er til ríkisfjármálaáætlunar til fimm ára. Staðreyndin er sú að fjárframlögin til háskólastigsins eru ekki metnaðarfull.

Það er helsta verkefni stjórnvalda að hlúa að þeim kynslóðum sem eru að vaxa úr grasi og tryggja að kjör þeirra séu með þeim hætti að þær vilji búa á Íslandi. Af þeim sökum þurfa væntingar um lífskjör að vera sambærilegar því sem best gerist í heiminum. Það þarf tvennt að koma til; annars vegar þarf að tryggja það að fólk hafi góðar væntingar um það að geta komið upp þaki yfir höfuðið og hins vegar þarf fleiri vel launuð störf fyrir ungt fólk sem verða best tryggð með þekkingu og nýsköpun.

nordanfiskur
Góður kostur – á hvers manns disk!

Yfir 300 vörutegundir fyrir veitingastaði, mötuneyti og fyrir þig!

www.nordanfiskur.is | 430-1700 | pantaniir@nordanfiskur.is

Mislangar ævir

Í DAG



Porvaldur Gylfason

Víð mennirnir lifum mislengi. Þjóðir lifa með líku lagi mislengi. Skemmst allra lifir nú að jafnaði fólkið í Svasílandi, örlitlu háfjöllóttu landi sem er umlukið Suður-Afríku. Svasíland er nú eina land heimsins þar sem ævilíkur nýfæddra barna ná ekki 50 árum. Lengst lifir nú fólkið í Hong Kong þar sem hvítvoðungur getur væntzt þess að verða 84ra ára. Þessar tölur marka mikla framför frá fyrri tíð. Mest munar um minnkandi barnadauða.

Árið 1960 skiptist heimurinn í tvo nokkurn veginn jafnstóra hópa landa. Annar helmingurinn bjó við stuttar ævir, frá 28 árum að jafnaði í Malí í Vestur-Afríku upp í tæp 50 ár í El Salvador í Mið-Ameríku. Hinn helmingurinn sem var mun fámennari bjó við lengri ævir, allt að 73 árum (Noregur, Ísland, Holland og Svíþjóð). Nú hafa Kínverjar í Hong Kong skotið okkur Íslendingum og Norðmönnum aftur fyrir sig og einnig Japanar (84 ár), Ítalar (84 ár), Spánverjar (83 ár) og Svissendingar (83 ár). Ævinnar halda áfram að lengjast víðast hvar eins og vera ber.

Íslenska talan um meðalævilengd 2016 er tæp 81 ár fyrir karla og 84 ár fyrir konur skv. Hagstofunni. Konurnar lifa m.ö.o. þrem árum lengur að jafnaði en karlarnir. Íslendingar lifa nú að jafnaði tíu árum lengur en 1960. Og Kínverjarnir í Hong Kong lifa nú 17 árum lengur að jafnaði en þeir gerðu 1960, Japanar 16 árum lengur.

Misskipting heilbrigðis

Nýjar rannsóknir benda til mikils munar á ævilengd ríkra og fátækra. Hagfræðingar birtu um daginn fróðlega ritgerð sem sýnir að ríkasti hundradshluti bandarískra karlmanna, þ.e. sá hundradshluti (1%) sem á mestar eignir, lifir nú að jafnaði næstum 15 árum lengur en fátækasti hundradshlutinn, þ.e. sá hundradshluti (1%) sem á minnstar tekjur. Munurinn á ævilíkum ríkra og fátækra kvenna á sama kvarða er minni eða 10 ár frekar en tæp 15 ár.

Bilið milli ríkra og fátækra breikkar hratt. Undangengin 15 ár hafa ævir ríkra karla lengzt um rösk tvö ár og ríkra kvenna um tæp þrjú ár. Ævir fátækra karla hafa lengzt um þrjá mánuði á sama tíma og ævir fátækra kvenna hafa staðið í stað. Þessi samanburður nær til þeirra 5% einstaklinga sem hafa mestar tekjur og þeirra 5% sem hafa minnstar tekjur.

Ójafn aðgangur

Þessi mikli munur virðist vitna m.a. um ólíkan efnahag og ójafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu. Í þessu ljósi þarf að skoða þann einbeitta ásetning repúblikana á Bandaríkjaþingi og Trumps forseta að nema úr gildi heilbrigðislöggjöfina frá 2010 sem kennd er við Obama f.v. forseta (e. Obamacare) og svipta með því móti 23 milljónir Bandaríkjamanna nýfengnum heilbrigðistryggingum. Í þessu ljósi þarf einnig að skoða nýjar upplýsingar um hrakandi heilsu Bandaríkjamanna. Kaninn lifði að jafnaði 70 ár 1960 og lifir nú 79 ár. Munurinn á Íslandi og Bandaríkjunum var þrjú ár 1960 (70 ár þar, 73 ár hér) og er fjögur ár nú (79 ár þar, 83 ár hér). Meðalævilengd Bandaríkjamanna eykst hægar en hér heima og víðar m.a. vegna þess að ævilengd miðaldra hvíttra Bandaríkjamanna hefur farið lækandi frá 1999 vegna

ólifnaðarsjúkdóma, eiturlýfjaneyzlu og sjálfsviga. Slikt hefur ekki áður gerzt í nútímanum nema í Rússlandi eftir hrun kommúnismans og í Afríku af völdum eyðniveirunnar. Manntjónið í Bandaríkjunum af völdum þessa faraldurs slagar hátt upp í mannfalið af völdum eyðni-faraldursins þar vestra frá 1981.

Breytt landslag

Spurningin um aukinn ójöfnuð í skiptingu lífsgæða snýst ekki aðeins

um tekjur, eignir og völd heldur snýst hún einnig bókstaflega um líf og dauða. Óvæntar afleiðingar aukinnar misskiptingar leynd sér ekki. Með því að setja misskiptingu á oddinn í kosningabaráttu sinni 2016 komst Bernie Sanders, sósíalístrinn sem hafði áratugum saman verið hálfgerður utangarðsmaður í bandarískum stjórnmálum, nálægt því að ná kjöri sem forseti Bandaríkjanna. Svo virðist sem Donald Trump hafi náð kjöri m.a. með því að tala máli

þeirra sem höllum fæti standa. Bretar ákváðu í fyrra að ganga úr ESB einkum fyrir tilstilli þeirra sem telja sig hafa orðið undir í efnahagslífi Bretlands.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) lét sér misskiptingu í léttu rúmi liggja fram að hruni en ræðir nú sambandið milli misskiptingar og árangurs í efnahagsmálum í samtölum við aðildarlönd sjóðsins. Fast er sótt að Sjóðnum vegna þessa af hálfu þeirra sem halda því fram

að aukinn ójöfnuður sé einföld og eðlileg afleiðing þess að þannig vilji menn hafa þetta. Hverjir ætli það séu sem vilja hafa þetta svona? Það eru vitaskuld þeir sem hefur tekizt að sölsa undir sig auð og völd frá öðrum. Sumir þeirra, þ. á m. nokkrir hagfræðingar í Chicago, halda því ennþá fram fullum fetum eins og ekkert hafi gerzt að atvinnuleysi sé ævinlega viljað. Fólk vill vera atvinnulaust, segja þeir. Öll vitleysa er eins, segi ég.

Veldu yfirburði!

Bosch og Siemens í ellefu efstu sætunum!



Í úttekt sænska neytendablaðsins Råd & Rön (2017), þar sem yfirfarnar voru 45 uppþvottavélar frá ýmsum framleiðendum, voru yfirburðir Siemens og Bosch algjörir. Bosch og Siemens verma ellefu efstu sætin á listanum.

Af því tilefni bjóðum við 20% afslátt af öllum uppþvottavélum.

1. sæti



Bosch
SMU46CB01S

2. sæti



Bosch
SMU46CI01S

3. sæti



Bosch
SMU46CB02S

4. sæti



Bosch
SMU46CW015

5. sæti



Bosch
SMU46CW025

6. sæti



Siemens
SR46M281SK

7. sæti



Siemens
SR46M581SK

8. sæti



Bosch
SMV68N60EU

9. sæti



Bosch
SPV69T80EU

10. sæti



Bosch
SBE63M10EU

11. sæti



Bosch
SMV68N20EU



Hágæða vörur og fyrsta flokks þjónusta.

Opið virka daga frá kl. 8:30 - 18.
Lokað á laugardögum í sumar (júní, júlí og ágúst).

Tilboð gildir til og með 22. júní.

SMITH & NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Um frekleg afskipti hins opinbera af jafnréttismálum



Þorsteinn Viglundsson félags- og jafnréttismálaráðgjafi

Launamunur sem ekki verður skýrður með öðru en kynferði og mælist konum í óhag er staðreynd hér á landi. Þetta hefur verið sannreynt í fjölmörgum rannsóknnum og könnunum sem staðfesta að karlar og konur njóta ekki sömu launa fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Hér er átt við kynbundinn launamun sem eftir stendur óútskýrður þegar tekið hefur verið tillit til allra málefnaþega ástæðna sem skýrt geta mun á launum, s.s. starfshlutfalls, starfsaldurs, atvinnugreinar, fjölda vinnustunda, vinnutíma, menntunar og mannaforráða.

Afneitan á staðreyndum

Þrátt fyrir að launamunurinn sé margsónuð staðreynd hefur leiðarahöfundur Morgunblaðsins seilst býsna langt til að halda fram undarlegu sannlíki um að launamunur kynjanna fyrirfinnst ekki og að lög um jafnlaunastaðal byggist á vafasömum röksemdum. Tvær ritstjórnargreinar á innan við viku hefur hann helgað þessu hugdarefni sínu. Meðal annars hefur hann sótt sér efnivið í skrif fyrirverandi formanns Framsóknarflokksins í Fréttablaðinu nýlega til að kynda enn frekar andúð sína á jafnlaunastaðlinum.

Þann 19. júní síðastliðinn notaði hann tækifærið til að skjóta nokkrum skotum að nýlega samþykktum lögum um jafnlaunavottun sem taka gildi um næstu áramót. Það var í sjálfu sér ekki óvænt, að öðru leyti en því að 19. júní er óvenju smekklaus dagsetning til að ráðast að jafnréttisbaráttunni.

Jafnréttisbaráttan er saga sigra sem ekki hafa unnist af sjálfu sér. Stærstu vörðurnar á þeirri leið sem leitt hefur Ísland til forystu í jafnréttismálum hafa margar orðið til fyrir afskipti hins opinbera, oftar en ekki í góðri samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Kannski eru einhverjir sem vilja afsala Íslandi forystusætinu á þessu sviði og skipa okkur á bekk með íhaldssömum þjóðum sem telja öll afskipti hins opinbera á þessu sviði frekleg og óviðeigandi. Ég held þó tæpast að það eigi við um marga.

Enn er aðgerða þörf

Rannsóknir hafa einnig staðfest að þrátt fyrir miklar framfarir og að menntun og atvinnuþátttaka íslenskra kvenna sé með því mesta sem mælist á meðal OECD-rikkja, er staða þeirra og möguleikar til starfsþróunar á vinnumarkaði mun lakari en karla. Konur eru líklegri til að vinna hlutastörf og þær hverfa lengur en karlar af vinnumarkaði vegna fæðingarorlofs og til að sinna ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum. Konur eru líklegri til að taka fyrsta launatilboði á meðan karlar gera frekar gagnatilboð um hærri laun. Launamunur myndast því oft strax í ráðningarferli og helst alla starfsævina sem endurspeglar í lægri lífeyrisgreiðslum til kvenna. Því er það mikil þjóðhagslegt hagsmunamál að auka jafnrétti á vinnumarkaði.

Niðurstöður víðamestu rannsóknar hér á landi um launamun karla og kvenna frá árinu 2015 sýna að kynbundinn launamunur er fyrir hendi en fór minnkandi úr 7,8% árið 2008 í 5,7% árið 2013. Þegar



Þrátt fyrir að launamunurinn sé margsónuð staðreynd hefur leiðarahöfundur Morgunblaðsins seilst býsna langt til að halda fram undarlegu sannlíki um að launamunur kynjanna fyrirfinnst ekki og að lög um jafnlaunastaðal byggist á vafasömum röksemdum.

borin eru saman regluleg laun (dagvinnulaun) karla og kvenna og ekki er skýrt með málefnalegum breytingum hafa karlar 17,4% hærri laun að meðaltali en konur. Þegar borin eru saman heildarlaun mælist munurinn enn meiri, eða 21,5% körlum í vil. Sú staðreynd að ekki hafi, þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir og ótvíræðan vilja stjórnvalda allt frá setningu laga um launajöfnuð kynjanna frá árinu 1961, tekist að uppræta kynbundinn launamun er óásætlanleg. Eins má telja víst að honum verði ekki að fullu útrýmt nema með frekari aðgerðum. Um nauðsyn og réttmæti lagasetningar sem leggur bann við mismunum á grundvelli kyns er varðar launakjör er vart hægt að deila.

Jafnlaunavottun er nauðsyn

Skyldan um jafnlaunavottun fyrir tækja og stofnana sem bundin var í lög á nýliðnu þingi er ætluð til að framfylgja lögum sem leggja bann við því að konum og körlum séu greidd mismunandi laun fyrir sömu eða sambærileg störf. Jafnlaunastaðallinn er stjórnunartæki sem auðveldar atvinnurekendum að koma sér upp og viðhalda launakerfi sem tryggir launajafnrétti á vinnustað sínum. Flóknara er málið ekki. Staðallinn er afurð áralangs samstarfs heildarsamtaka launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda með faglegri umsjón Staðlaráðs Íslands, er sambærilegur að formi og gerð og alþjóðlegir stjórnunarskiptar og vottunarháttar.

Þótt Ísland standi öðrum ríkjum framar um stöðu og þróun kynjajafnréttis hefur ekki náðst jafnrétti á öllum sviðum samfélagsins og það á ekki síst við um vinnumarkaðinn. Alþjóðaefnahagsráðið hefur reiknað út að á Norðurlöndunum verði jafnrétti á vinnumarkaði ekki náð fyrr en eftir um sextíu ár og eru þetta þó þær þjóðir sem framast standa í þessum efnun.

Þær miklu framfarir sem við höfum upplifað á skömmum tíma má öðru fremur rekja til sértækra aðgerða og lagasetningar. Skemmst er að minnast áhrifa fæðingarorlofslaganna og lögbindingar kynjakvóta í stjórnun hlutfélaga, fyrirtækja og lífeyrissjóða. Meirihluti feðra nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs og hlutdeild þeirra í umönnun barna og heimilisstörfum hefur aukist verulega frá því að lögin tóku gildi. Kynjakvótinn hefur haft jákvæð áhrif á kynjahlutföll í stjórnun þeirra fyrirtækja sem lögin ná til á meðan þróunin er mun hægari hvað varðar fjölgun kvenna í stöðum framkvæmdastjóra og forstjóra stærstu fyrirtækjanna þar sem karlar eru enn í miklum meirihluta. Þörfin fyrir afskipti hins opinbera af jafnréttismálum hefur fyrir löngu verið sýnd og jákvæður árangur af slíkum afskiptum margsónuð.

Hafið tekur ekki endalaust við



Björt Ólafsdóttir umhverfis- og auðlindaráðgjafi

Nýverið fór fram í New York hafráðstefna Sameinuðu þjóðanna (SP). Þar voru saman komnir leiðtogar heims í umhverfisvernd og málefnum hafnsins til að ræða leiðir til að hrinda í framkvæmd heimsmarkmiði SP nr. 14, sem lýtur að því að vernda hafið og nýta auðlindir þess á sjálfbærán hátt.

Undirrituð sótti ráðstefnuna ásamt sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, og undirstrikar það mikilvægi málefnsins fyrir Ísland og áhersluna sem ríkisstjórnin leggur á málið að tveir ráðherrar hafi tekið þátt í ráðstefnunni og ávarpað gesti hennar.

Á ráðstefnunni var rætt um loftslagsbreytingar af mannavöldum og hvernig þær valda hlýnun og súrnun sjávar.

Rannsóknir benda til þess að íshella suðurskautsins sé komin á það stig bráðnunar að erfitt verði að snúa við þeirri þróun. Ís norðurskautsins bráðnar einnig mjög hratt þar sem hlýnun þar er hraðari en á öðrum svæðum á jörðinni. Auk þess á sér stað mikil bráðnun Grænlandsjökuls. Þetta leiðir til hækunar á sjávarborði sem gerir það að verkum að framtíð strandbygginga er mikilli óvissu háð.

Þá setur súrnun sjávar alla fæðukeðju hafnsins í hættu. Fyrir þjóð eins

og Íslendinga sem byggir afkomu sína á sjávarfangi og þar sem byggð er víðast hvar við ströndina er þessi þróun mikilvæg áhyggjuefni.

Önnur ógn sem stöðjar að heims höfunum og fiskistofnunum er plastmengun í hafi. Gríðarlegt magn plastúrgangs berst í höfin og brotnar þar niður í örsmáar agnir, svokallað örplast, sem svo eru éttnar af fiskum. Örplastið berst þannig ofar í fæðukeðjuna og í líkama okkar manna á endanum. Nú telja vísindamenn að eftir nokkra áratugi verði meira af plasti í hafinu en fiski.

Í tengslum við ráðstefnuna hafa þjóðir heims, Ísland þar á meðal, tilkynnt um hvernig þær hyggist stuðla að því markmiði að vernda hafið.

Stórt hagsmunamál fyrir Ísland

Á ráðstefnunni var einnig hrint af stað átaki Umhverfisstofnunar SP gegn úrgangi í hafi, sem fengið hefur yfirskriftina #CleanSeas. Átakinu er ætlað að hvetja stjórnvöld, fyrirtæki og almenning til aðgerða sem stuðla að hreinni höfunum og var Ísland m.a. ein þeirra þjóða á ráðstefnunni sem skrifuðu undir viljayfirlýsingu um að stefna að því að banna örplast í snyrtivörum.

Í ávarpi mínu á ráðstefnunni gerði ég að umtalsefni hversu háðir Íslendingar eru náttúrunni og hafinu, þar sem fiskveiðar eru grundvallarvinnuvegur þjóðarinnar. Jafnframt lagði ég áherslu á að íslensk stjórnvöld stefnu að því að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum með fjölpættum aðgerðum. Þær munu leggja lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn loftslagsbreytingum



Önnur ógn sem stöðjar að heimshöfunum og fiskistofnunum er plastmengun í hafi. Gríðarlegt magn plastúrgangs berst í höfin og brotnar þar niður í örsmáar agnir, svokallað örplast, sem svo eru éttnar af fiskum. Örplastið berst þannig ofar í fæðukeðjuna og í líkama okkar manna á endanum. Nú telja vísindamenn að eftir nokkra áratugi verði meira af plasti í hafinu en fiski.

og þar með hlýnun og súrnun sjávar.

Heilbriggt haf er stórt hagsmunamál fyrir Ísland. Með markvissum aðgerðum og aukinni umhverfisvitund getum við sýnt gott forðæmi við að vernda hafið og nýta auðlindir þess á sjálfbærán hátt. Við þurfum að draga úr þeim úrgangi sem berst í hafið og minnka verulega losun gróðurhúsalofttegunda sem auka súrnun þess og hækka sjávarstöðuna.

Því hafið tekur ekki endalaust við.

Er sjókvíaeldi umhverfisvæn? Seinni hluti



Pálmi Gunnarsson tónlistarmaður



Ef tekið er tillit til þess að norsku bjargvættirnir þurfa að greiða fleiri hundruð milljónir fyrir hvert þúsund tonna eldisleyfi í heimalandinu og að ekki hafa verið gefin út eldisleyfi í Noregi fyrir eldi í opnum sjókvíum síðustu tvö árin, er ekki að undra að tekist hafi að laða þá til Íslands þar sem þeir ganga að svo gott sem ókeypis leyfum í gegnum umboðsmenn sína.

Í fyrstu blaðgrein sinni um íslenska sjókvíaeldi í norski eigu beinir framkvæmdastjóri eldisstöðvasambandsins athyglinni að erlendum fjárfestum sem landinn á að hafa með elju og dugnaði laða til landsins. Rétt er það að norsk eldisfyrirtæki hafa í gegnum íslensk sjókvíaeldisfyrirtæki eignast meirihluta í nánast öllum sjókvíaeldisfyrirtækjum landsins og hafa í gegnum sömu aðila helgað sér öll „leyfileg“ eldisvæði á Vestfjörðum, Austfjörðum og við Eyjafjörð. Ef tekið er tillit til þess að norsku bjargvættirnir þurfa að greiða fleiri hundruð milljónir fyrir hvert þúsund tonna eldisleyfi í heimalandinu og að ekki hafa verið gefin út eldisleyfi í Noregi fyrir eldi í opnum sjókvíum síðustu tvö árin, er ekki að undra að tekist hafi að laða þá til Íslands þar sem þeir ganga að svo gott sem ókeypis leyfum í gegnum umboðsmenn sína.

1.500 lögbýli eiga veiðirétt

Næst eru það bændur sem eiga jardið með veiðirétti sem fá að heyra það frá nýja framkvæmdastjórnunum, sem segir þá fámenna hjörð og ef ekki flesta búna að selja undan sér til innlendra og erlendra laxveiðilorda, fámenns en fyrirferðarmikils frekjuhóps nokkurra karla sem gefi dauðann og djöfulinn í fólkíð

Reglur þverbrotnar

Varðandi lög og reglugerðir þá held ég að flestir sem eitthvað hafa fylgst með þeim málum átti sig á að þær stjórnsýslustofnanir sem eiga að hafa eftirlit með eldinu virðast meira eða minna óhæfar til að framkvæma raunhæft eftirlit, enda hafa eldisfyrirtækin að mestu leyti verið látin sjá um að hafa eftirlit með sjálfum sér. Settar reglur eru þverbrotnar af eldisfyrirtækjum, Umhverfisstofnun og MAST, og það sem framkvæmdastjórinn kallar „ströng lög og reglugerðir“ eru ef betur er að gáð ófullkomin og vanþróuð eins og staðan er í dag. Hvergi örlar á að farið sé eftir nýju náttúruverndarlögunum og Umhverfisstofnun lætur hafa eftir sér á prenti að stofnuninni beri ekki skylda til að gefa út starfsleyfi til laxeldis á norskum eldislaxi með hliðsjón af náttúruverndarlögum.

Talað niður til ráðherra umhverfismála

Varðandi annað í skrifum hins nýja framkvæmdastjóra sambands íslenskra eldisstöðva í norski eigu er þetta að segja. Hér fer maður sem greinilega hefur ákveðið að nota hroka og niðurtal sem innlegg í umræðuna þar sem hann meðal annars ýjar að því að umhverfisráðherrann hlusti meira en góðu hrofi gegni á freku kallana sem dreifi rekalausum, tilfinningaþrungnum fullyrðingum, iðulega hreinum lygum, málstað sínum til framdráttar. Sjaldan hef ég séð talað jafn rækilega niður til ráðherra málaflokksins og gert er í þessari grein. Slík nálgun er óboðleg manni sem vill láta taka sig alvarlega.

Maður er nefndur, ráðherra



Gunnar Arnason
starfar við arkitektúr og hönnun

Í lok síðustu aldar bar svo við að viðtalsþættirnir Maður er nefndur voru til sýninga í sjónvarpi allra landsmanna. Sitt sýndist hverjum um gæði þáttanna, hvern stjórna var í höndum Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors. Framleiðslan var í höndum félags sem bar heitið Alvis, hvers hagsmuna gætti Jón Steinar Gunnlaugsson lögmaður og fyrrv. hæstaréttardómari.

Þeir sem hér hafa verið nefndir til sögunnar, eru þekktir af öðru en að leggjast í veg fyrir erindismenn Sjálfstæðisflokksins, og hafa jafnvel tekið að sér slíkan erindisrekstur sjálfir af einhvers konar sjálfsprottinni skyldu, þó að það sé ekki til umræðu hér. Slíkt kann að viðgangast í stjórnmalaflokkum almennt. En hafa ber hugfast í þessu sambandi að æ sér gjöf til gjalda – og hvort kom á undan, hænna eða eggjó.



Hvers vegna kys ráðherrann að færa ekki fram viðhlitandi rök, eins og ráðherra hefur praktiserað undanfarin mörg ár sem starfandi lögmaður?

Greinarhöfundur veltir fyrir sér í þessu samhengi hvort nýskipaður dómáráðherra, Sigríður Andersen, nú fremst meðal jafningja sem fánaberi fyrrgreindra erindisrekenda, hafi lagt sig fram um að kynna sér efni umræddra sjónvarpsþátta, og jafnvel ekki fundist neitt sérstaklega mikið til þeirra koma. Það skyldi þó ekki vera að ráðherra hafi ákveðna andúð á því þegar menn eru nefndir eða valdir af nefndum. En fleira kemur til. Dómnefnd um umsækjendur um embætti dómara við Landsrétt hefur nýlokið störfum og lagt fram ítarlega skýrslu ásamt rökstuðningi til grundvallar ákvörðun sinni. Skýrslan er býsna góð. Greinarhöfundur leyfir sér að halda því fram að margir hæfir menn hafi verið nefndir, þegar fyrrgreind hæfisnefnd komst að niðurstöðu sinni. Það hvarflar ekki að greinarhöfundur að halda að lögmenn séu annarrar skoðunar en þeirrar, að ítarlegri og vel rökstuddri niðurstöðu hæfisnefndar verði ekki breytt eða hún felld úr gildi, nema með því að hrekja rökin sem lögð eru til grundvallar niðurstöðunni hverju sinni – eins og í tilfelli úrskurðar eða dóms hjá dómstóli.

Dómsmálaráðherra er lögmaður og starfaði sem slíkur um árabíl ásamt kollegum sínum á lögmansstofunni Lex, m.a. við málarekstur fyrir dómstólum. Ganga verður út frá því sem vísu að ráðherrann sé öllum hnútum kunnugur, hafandi starfað sem lögmaður um árabíl og rekið mál fyrir dómstólum.

Hvað vakti fyrir þeim?

Það verður ekki hjá því komist að velta fyrir sér hvað ráðherrann og hans fólk voru að myndast við að gera með umdeildum ráðstöfunum sem nú hafa litið dagsins ljós og gengist hefur verið við. Hvað vakti eða vakir fyrir þeim? Við því hafa ekki fengist viðhlitandi skýringar og hefur háttsemin vakið spurningar fremur en að veita svör. Útskýringar sem hafa verið færðar fram verða að teljast afar óljósar eða jafnvel ófull-

nægjandi. Er um að ræða einhverskonar Alvisan félagsskap, líkt og forðum í sjónvarpsþáttaframleiðslunni, sem fer fram eins og hentar þó það kunni að líta undarlega út í ljósi þess að um er að ræða ráðherra í ríkisstjórn Íslands, ekki sist gagnvart þeim sem þurfa að gjalda fyrir gjörðirnar.



Hins vegar verður ekki fram hjá því litið þegar ákvörðun sérstakrar hæfisnefndar, sem ekki er haldin neinum formgöllum svo vitað sé,

liggur skýr fyrir ásamt rökstuðningi þá er eðlilegt að færð séu fram viðhlitandi rök af hálfu ráðherra í ríkisstjórn Íslands sem vill breyta ákvörðun hæfisnefndar í veigamiklum atriðum. Er það eitthvert vafamál? Hvers vegna kys ráðherrann að færa ekki fram viðhlitandi rök, eins og ráðherra hefur praktiserað undanfarin mörg ár sem starfandi lögmaður?

Umrætt starfstímabil sem lögmaður er ráðherra ofarlega í huga

eftir því sem best verður séð þegar tekið er mið af breytingum sem ráðherra gerði á niðurstöðu hæfisnefndarinnar. Ekki er ástæða til að slá af kröfunum og gæðum vinnunnar þegar komið er í stól ráðherra, þvert á móti – bæta ætti í, og það myndi um leið slá á efasemdar-raddir í garð ráðherra og ekki síður gagnvart nýjum dómstól. Það er ákaflega mikilvægt og eðlilegt að leitað sé skýringa á fyrrgreindri framvindu mála.

Fullkomnar í fríið



SUMARSMELLURINN Í ÁR!



Vissir þú að...

börn eiga rétt á nægum svetni



KRÓNAN

**Krónan
mælir með!**



299

kr.
pk.

Nektarínur og ferskjur 1 kg. Spánn

**Borðaðu mig
- best núna!**

199

kr.
pk.

Paraguayos steinaldin 500 g, Spánn



Nýtt!

Alvöru pylsubúðin þín!

Chilipylsur

ENGIN FYLLINGAREFNI

98% KJÖT

Fáðu grill innblástur á grillsnilld.is



#Grillsnilld
KRÓNAN

349 kr. pk.

Pylsubrauð, 250 g, 5 stk.

KjötPól Kryddpysur með basiliku

Kryddedister með basiliku, 98% kjöt. Innihald sviðs kjöt, krydd, sjávarsalt, 301 braavarnaefni. Næringargildi: 229kcal, 11,1 fitusýrur, 8,18g salt. 2g uppruna

Grískar pylsur með Dalafeta

KjötPól

Grísk pylsa með Dalafeta 88% kjöt. Innihald: svinakjöt, Fetaostur 10%, krydd, sjávarsalt, rotvarnaefni, e. 100g, braavarnaefni, 301, Næringargildi: 952/229kcal, 11,1 fitusýrur, 8,18g salt. 2g upprunaland kjöts Ísland.

ENGIN FYLLINGAREFNI

98% KJÖT & OSTUR

kr. kg

1999 kr. kg

KjötPól gæða pylsur



499 kr. stk.

Kartöflusalat, 400 g

Gott á pylsuna



449 kr. stk.

Shake & Pizza hvít sósa



689 kr. stk.

Shake & Pizza beikonsulta

KRÓNAN

Krónan
mælir með!



Sweet Dream
marinering

Mangó
marinering

Alabama
marinering



#Grillsnilla
KRÓNAN

New York
marinering

Ítölsk
marinering

-20%

1439 kr.
kg

Grísahnakkspjót úrval marineringa, Spánn
Verð áður ~~1799~~ kr. kg

Alabama
marinering



-20%

4999 kr.
kg

Krónu lambaspjót, Alabama marinering

1359 kr.
kg

Grísahnakki, úrval marineringa, Spánn
Verð áður ~~1699~~ kr. kg



KRÓNAN

Ódýrt

249 kr. stk.

Karamellusósa, 250 ml



Ódýrt

399 kr. pk.

Krónuís, súkkulaði eða vanillu, 2 lítrar



299 kr. pk.

Gestus vöflumform, 10 stk.

499 kr. pk.

Krónuís, bragðarefur, 2 lítrar



Tilboðin gilda til 26. júní. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Til friðar



Ingi Bogi Bogason
aðstoðarskóla-
meistari Borgar-
holtsskóla

Hann stóð í sturtunni gegnt mér í Árbæjarlaug; þéttvaxinn um 35 ára, með mikið rauðleitt skegg. Hakakross tattóverður á brjóst, um 10 sm í þvermál.

Ég var hvumsa. Hvert var mitt hlutverk við þessar aðstæður? Átti ég að ræða við manninn og biðja hann að hylja eitt helsta illskutákn sögunnar – eða var það kannski lögvarinn réttur hans að bera þetta á brjósti sínu, öllum til sýnis? Ég var ekki viss og gerði því ekkert.

Timarnir eru þversagnarkenndir. Djúpt er á friði og náungakærleika milli fólks og landa. Það er við öfrið með hugsunarleysi, frekju og lúmskum ógnunum. Klassískum boðorðum og dygðum er ógnað. Í loftinu svífur ósögð setning Þorgeirs Hávarssonar í Gerplu „að vilja seint rata í þann glæp að semja frið við menn“.

Hvert er hlutverk skólakerfisins við þessar aðstæður? Hvaða möguleika hafa kennarar og nemendur til að stuðla að skilningi og friði?

Puðað til friðar

Fræðimenn telja að einn helsti ávinningur Kennedys í forsetastöli hafi verið að leggja með nýstárlegum hætti grunn að friði í heiminum. Í nýútkominni bók sinni „To move the World“ sýnir Jeffrey Sachs, prófessor við Columbia háskóla, fram á að þrotlaus elja og hugmyndaauðgi Kennedys hafi líklega komið í veg fyrir stórstyrjöld BNA og Sovétríkjanna vegna Kúbudeilunnar.

Kennedy útilokaði ekki stríðsátök til að vernda hagsmuni Bandaríkjanna en hann taldi að of oft væri of auðvelt að hefja stríð og því lyki því ævinlega of seint og eftir of miklar þjáningar. Ávinningur af stríði væri alltaf keyptur dýru verði. Að hefja ferli friðar og þróa sig í átt til friðar væri hins vegar mun erfiðari og á köflum óvinsælli athöfn – en um leið ábatasamari til lengri tíma fyrir alla. Leikjafraði friðarins væri flókin og vognunin meiri.

Friðarboðskapur Kennedys er enn í fullu gildi og á töluvert erindi við okkur árið 2017. Um þessar mundir erum við minnt á hvernig heimskan, lygin, tortryggnin og sérhyglin geta tekið yfir skynsemi, staðreyndir og upplýsingur. Lýðskrumarar eru tilbúnir að spila á ótta fólks við „hina“ og óttann við að af þeim verði tekið. Það eina sem Kennedy sagði að fólk

þyrfti að óttast væri óttinn sjálfur, því að hann dregur máttinn úr fólki, blindar það og forherðir.

Þýski friðarsinninn og guðfræðingurinn Dietrich Bonhoeffer, sem nasistar myrtu á síðustu dögum stríðsins, sagði að viðleitni til að koma á friði og halda frið væri endalaus barátta. Að stuðla að friði fæli ekki í sér einfalda eftirgjöf hagsmuna. Þversögnin er sú að það er litill friður í þeirri þrotlausu vinnu að koma á friði.

Skólafólk til friðar

Ég held að sérkennilegt andrúmsloft um þessar mundir, leggi okkur öllum, hvaða hlutverki sem við gegnum, ríkulegar skyldur á herðar til að stuðla að sátt og friði.

Aðalnámskrá gerir ráð fyrir grunnþáttum menntunar sem eiga m.a. að efla nemendur til þátttöku í lýðræðissamfélagi. Í alþjóðlegu skólasamhengi er nú mikið rætt um „c-in fjögur“, eða helstu hæfnipætti 21. aldarinnar. Þeir eru gagnrýnin hugsun (critical thinking), samskipti (communication), samvinna (collaboration) og sköpun (creativity). Þessir hæfnipættir skipta máli þegar rætt er um að efla frið í heiminum, jafnt milli landa sem og milli einstaklinga.

Ég tel að menntakerfið hér á landi – m.a. umfangsmikil stefnumótun, byggð á framhaldsskólalögum frá 2008 og starfsemi einstakra skóla – sé góður grunnur að upplýsingu og uppeldi til friðar. Við sem störfum í menntakerfinu höfum tækifæri til að vefa „c-in“ fjögur af meira afli í menntun unga fólksins. Það er svo margt í samtímanum sem kallar á gagnrýna hugsun, sköpun, aukin samskipti og samvinna. Við verðum að meta að verðleikum stóra drauma okkar allra um betri framtíð.

Í þeim skóla sem ég starfa við, Borgarholtsskóla, voru á síðasta vetri haldnir þrjú stefnumótunarfundir; með nemendum, foreldrum og starfsfólki. Þar unnu menn og konur saman og beittu gagnrýninni hugsun til að skapa skólafélagið farsæla framtíð. Niðurstöður þessara fundu voru lesnar saman við stefnumál ríkisstjórnarinnar í menntamálu. Í ljós kom sláandi samhljómur milli þess sem stjórnvöld leggja áherslu á og þess sem Borgarholtsskóli vinnur að. Á grundvelli niðurstaðna þessara fundu lögðu starfsmenn til að unnin yrðu tiltekin umbótaverkefni sem verður ýtt úr vör í haust. Öll eiga þessi verkefni að stuðla að skilningi, friði og náungakærleika meðal fólks.

Skólafólk getur haft mikil áhrif til friðar. Við eigum að skipta okkur af, hlusta á sjónarmið, andæfa staðleysu og puða til friðar í samskiptum á öllum sviðum.

Uppreist æra án iðrunar og ábyrgðar



Bergur Þór Ingólfsson
leikstjóri

Þann 15. júní 2017 staðfesti Hæstiréttur úrskurð héraðsdóms um að svipting réttinda Roberts Downey til að vera héraðsdómslögmaður skyldi felld niður. Virðist dómnum ekki hafa verið stætt á öðru þar sem Robert hafði þann 16. september 2016 fengið uppreist æru hjá forseta Íslands og settum innanríkisráðherra, svo og tókst lögmanni hans að útiloka að dómur tækju álit Lögmannafélagsins til greina þar sem hann hafði ekki beint verið dæmdur fyrir brot í starfi.

Þegar nafni Roberts Downey er slegið upp á leitarvélum eða í dómskjölum er ómögulegt að finna hvernig hann missti æruna og réttindi sín til að stunda lögmannsstörf en í stað þess koma ótal niðurstöður um frægan leikara í Hollywood. Ástæðan er sú að glæpirnir sem hann var dæmdur fyrir voru framdir undir öðru nafni. Þá hét hann Róbert Árni Hreiðarsson.

Hvaða slóð er svo maðurinn að fela með því að skipta um nafn?

Til að missa æruna samkvæmt íslenskum lögum þarf einstaklingur að fremja svívirðilegan glæp og refsing sem dæmd var þarf að vera fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta. Róbert hlaut þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir gróf kynferðisbrot gegn fjórum stúlkum á aldrinum fjórtán til fimmtán ára en sjálfur var hann þá um sextugt. Þremur árum síðar þurfti hann svo að greiða fimmtu stúlkunni skadabætur fyrir sömu sakir en var sá glæpur ekki metinn til lengingar á fangelsisvistinni. Hann sat inni í tvö ár.

Við tælingu á fórnarlömbum sínum beitti Róbert blekkingum og nýtti sér yfirburði sína vegna stöðu sinnar og aldurs- og þroskamunar. Hann var á þessum tíma með tvo síma, fjögur símkort og á þeim voru skráð nöfn hundrða stúlkna og aldur þeirra fyrir aftan. Hann nágaðist líka stúlkurnar á msn-samskiptaforritinu undir ýmsum fölskum nöfnum m.a. gælunafni sonar síns. Allt saman þaulskipulagt. Auðveldast var fyrir hann að tæla stúlkur sem stóðu höllum fæti með peningum og áfengi.

Tilvitnun í dóminn:
„Að mati dómsins var brotavilji

ákærða einbeittur. Þá hélt hann brotum sínum áfram eftir að honum var kunnugt um að hann væri grundaður um kynferðisbrot gagnvart A. Þá verður ekki hjá því litið að ákærði var starfandi lögmaður er hann framdi brotin en hann hefur m.a. annast hagsmunagæslu fyrir brotaþola í sakamálu og sinnt verjanda-störfum í kynferðisbrotamálu.“

[...]
„Ákærði hefur í þessu máli verið sakfelldur fyrir alvarlegt kynferðisbrot gagnvart 4 stúlkum. Er brot hans stórfellt og verður ótvírætt að telja að hann sé ekki verður til að rækja þann starfa að vera héraðsdómslögmaður eða njóta þeirra réttinda. Með vísan til þess, sbr. 2. mgr. 68. gr. íf., laga nr. 19/1940, er ákærði sviptur réttindum til að vera héraðsdómslögmaður. Í málflutningsræðu ákærvalds kom fram að við héraðsdómstól lægi á þessari stundu fyrir ósk um að ákærði yrði skipaður verjandi manns, sem ákærður væri fyrir kynferðisbrot gegn barni. Dómurinn hefur fengið þær upplýsingar staðfestar frá viðkomandi dómstól. Í ljósi þeirra mikilsverðu hagsmuna sem í húfi eru þykir rétt, með vísan til 2. mgr. 139. gr. laga nr. 19/1991, að láta áhrifréttindasviptingarinnar þegar koma til framkvæmda.“

Nú kemur maðurinn fram undir enn nýju nafni, fær uppreist æru og hlýtur lögmannsréttindi á þeim forsendum „...að það skipti hann miklu máli að geta skilið við þann kafla í lífi sínu sem hafi leitt til dóms.“ Lögmaður hans birtist í fjölmiðlum þann 17. júní og kvað Robert svo endurhæfðan að hann hefði meira að segja farið til sálfræðings og bætti svo við að dómurinn hefði verið þungur miðað við brotin. – „Allir sem töldu það,“ sagði hann. Allir?

Það er ekki nema sanngjarnt að það komi fram að sá sem skrifar þessa grein er faðir einnar stúlkunnar sem brotið var á. Dóttir mín og fjölskylda hennar hafa verið að leita svara við þeirri spurningu hvaða mat liggja að baki því að dómsmálaráðuneytið, settur innanríkisráðherra (núverandi forsætisráðherra) og forseti Íslands veiti manni sem hefur í áratugi blekkt og svívirt ungar stúlkur geti talist flekklaus og fái að stunda störf við aðstæður þar sem hann er aftur kominn í yfirburðastöðu gagnvart öðrum borgurum. Forsætisráðherrann segist ekkert vita. Forsetinn setur nafn sitt við þennan gjörning en ber enga ábyrgð.

Hverjir eru þeir tveir valinkunnu einstaklingar sem, samkvæmt lögum, settu nafn sitt við að maðurinn sé fullkomlega fær um að gignast



Hér virðist valdi misbeitt eða illa farið með. Þurfum við kannski að leggja Nýju stjórnarskrána fram fyrir fólkið í landinu svo forsetinn þurfi ekki að skrifa undir eitthvað sem hann veit ekki hvað er? Fyrst og fremst viljum við heyra rök núverandi forsætisráðherra fyrir því vali sínu að veita einmitt þessum manni uppreist æru en ekki öðrum. Og við hvetjum núverandi dómsmálaráðherra til að gera allt sem í hennar valdi stendur til að taka málið upp að nýju því það virðist hafa farið í gegn án þess að nokkur beri ábyrgð og enginn hafi unnið við það.

ekki börn framar? Það skal tekið fram að Róbert viðurkenndi aldrei við dóm að hann hefði gert nokkuð rangt. Þvert á móti fannst honum á sér brotið. Iðrun hefur hann aldrei sýnt og við efumst um að hana sé að finna í þeim skjólum sem dómsmálaráðuneytið lagði fram til upprisu ærunnar, séu þau til.

Hér er pottur brotinn. Hér er allt á skakk og skjön. Hér virðist valdi misbeitt eða illa farið með. Þurfum við kannski að leggja Nýju stjórnarskrána fram fyrir fólkið í landinu svo forsetinn þurfi ekki að skrifa undir eitthvað sem hann veit ekki hvað er? Fyrst og fremst viljum við heyra rök núverandi forsætisráðherra fyrir því vali sínu að veita einmitt þessum manni uppreist æru en ekki öðrum. Og við hvetjum núverandi dómsmálaráðherra til að gera allt sem í hennar valdi stendur til að taka málið upp að nýju því það virðist hafa farið í gegn án þess að nokkur beri ábyrgð og enginn hafi unnið við það.

Skapandi aflvaki til framtíðar



Þuríður Helga Kristjánsdóttir
framkvæmda-
stjóri Menningar-
félags Akureyrar

Öflug miðstöð skapandi greina hefur byggst upp með stofnun Menningarfélags Akureyrar sem skilar menningarlegum verðmætum til samfélagsins.

Í lok maí kynnti Menningarfélagið afrakstur stefnumótunarinnu sem starfsfólk félagsins og fulltrúar stjórnar þeirra félaga sem það myndar tóku þátt í. Félögin eru: Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Leikfélag Akureyrar og Menningarfélagið Hof.

Efling atvinnu í sviðslistum

Í stefnunni er megináhersla lögð á eflingu atvinnustarfsemi í sviðslist og sinfónískri tónlist á Akureyri ásamt því að yta frekar undir aðdráttarafl Hofs og Samkomuhússins fyrir listviðburði, fundi og ráðstefnur. Menningarfélag Akureyrar er gróðurhús fyrir hugmyndir, staður þar sem draumar geta ræst. Rík áhersla er því á grasrótna og að fóstura listræna hæfileika, með það að leiðarljósi að sem flestir angar lista- og menningarlífs dafni og blómstri. Menningarfélagið vill hlúa að frumsköpun og veita ungu fólki tækifæri til að eiga stefnumót við áhorfendur og skapa þannig ný samfélagsleg verðmæti.

Segja má að upptaktur stefnumótunarinnar hafi hafist strax við stofnun MAk 2015 og unnið hefur verið eftir þeim takti. Menningar-

félagið er óhrætt við að takast á við áskoranir eins og frumflutning á nýjum íslenskum verkum, bæði á sviði leiklistar og sinfónískrar tónlistar. Síðastliðinn vetur setti Leikfélag Akureyrar upp fjölskyldusýninguna Núnó og Júníu og sýndi með því mikla áráðni, því það krefst hugrekks að bjóða upp á eitthvað nýtt, eitthvað ókunnugt. Allar sviðs-uppfærslur Leikfélags Akureyrar undir hatti Menningarfélagsins hafa verið nýskrif, ný leikrit, leikgerðir eða samskiptunarfærni. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands frumflutti verk eftir Kjartan Valdimarsson og setti auk þess stórbrotna kvikmyndatónlist Atla Örvarssonar í glæsilega umgjörð með lifandi flutningi í Hamraborg við mikla hrifningu áhorfenda. Sinfóníuhljómsveitin hefur markað sér braut sem framsækin og áráðin



Framtíðarsýn Menningarfélagsins byggir á þeirri forsendu að aukið fé verði sett í framleiðslu, en framlög til reksturs Leikfélags Akureyrar hafa staðið í stað frá 2007.

hljómsveit. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson tónlistarstjóri tók nýverið fyrir hönd Sinfóníuhljómsveitarinnar á móti athafna- og nýsköpunarverðlaunum Akureyrarbæjar fyrir frumkvöðlastarf í upptökum á kvikmyndatónlist í menningarhúsinu Hofi og sköpun nýrra tækifæra fyrir tónlistarfólk.

Stóraukinn listrænn og samfélagslegur ávinningur

Framtíðarsýn Menningarfélagsins byggir á þeirri forsendu að aukið fé verði sett í framleiðslu, en framlög til reksturs Leikfélags Akureyrar hafa staðið í stað frá 2007 og ekki hefur heldur verið tekið tillit til verðlagsbreytinga hjá hinum félögum í fjárframlögum hins opinbera til Menningarfélagsins. Aukið framleiðslufé mun gera Leikfélagi Akureyrar kleift að ráða til sín leikhóp og tónlistarsviði Menningarfélagsins mögulegt að veita atvinnutónlistarmönnum á Norðurlandi tækifæri til að lifa á list sinni. Áætlanir vetrarins hafa staðist og er reksturinn stöðugur. Hinn rauði þráður í nýrri stefnumótun er ekki einungis stóraukinn listrænn og samfélagslegur ávinningur heldur einnig rekstur í sátt við umhverfi og samfélag.

1819

FIMMTUDAGUR 22. JÚNÍ 2017

Tíska



Lára Jóna Þorsteinsdóttir töfrar fram með saumavélinni sparikjóra úr borðdúkum og buxnaress úr bútum.

tíska →4



Ágústa Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri 1819, tekur á móti verðlaununum Fyrirmyndarfyrirtæki ársins frá VR.

1819 – Ódýrari kostur

Þúsundir nýta sér þjónustu 1819 daglega. Fyrirtækið rekur upplýsinganúmerið 1819, heldur úti vefsíðu 1819.is og appi sem gerir landsmönnum kleift að finna símanúmer, heimilisföng og margþættar upplýsingar um fyrirtæki. →2



Sumarið er í
COMMA,

Fallegt, fágað og töff

comma,

SMÁRALIND

Framhald af forsiðu →

Pegar þjónustufyrirtækið 1819 var stofnað haustið 2014 opnaðist glænýr valkostur fyrir þá sem leita upplýsinga um símanúmer en áður hafði einokun ríkt á markaðnum í tíu ár. „Það tók okkur nokkra mánuði að komast inn á markaðinn en eftir það hefur leiðin legið beint upp á við,“ segir Ágústa Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri 1819. „Fólk hefur tekið okkur afar vel enda erum við meira en 30 prósentum ódýrari en samkeppnisaðilinn auk þess sem þjónustunúmerið okkar 1819 er opið allan sólarhringinn, 365 daga á ári,“ lýsir Ágústa en enginn annar býður upp á slíka þjónustu. „Fólki þykir það stór kostur enda mikið öryggi í því að fólk geti leitað upplýsinga allan sólarhringinn.“

Ekki er aðeins spurt um símanúmer í 1819 heldur koma fyrirspurnir um allt milli himins og jarðar og oft greiða þjónustufulltrúar 1819 úr ýmsum vandamálum. „Sumir hringja hingað í vanlíðan og við leiðum þá á rétta staði. Oft koma líka upp skemmtileg símtöl með almennum fyrirspurnum um hvort viðkomandi myndi heldur kjósa bernaise- eða piparsósu með lambakjötinu og hvernig best sé að búa til rabarbaragraut. Eitt sinn hringdi maður sem hafði fengið nokkur kíló af kartöflum og vantaði uppskriftir. Við fundum þær fyrir hann og lásum upp,“ segir Ágústa glettin. „Sumir hringja hér inn til að segja okkur að þeir ætli sér að stofna nýjan stjórnmalaflokk og oft er hringt til að tjá sig um daginn og veginn. Hér hefur marginn hringt inn fólk og spurt



“Fólk hefur tekið okkur afar vel enda erum við meira en 30 prósentum ódýrari en samkeppnisaðilinn,” segir Ágústa. MYND/ANTON BRINK

25% afsláttur af öllum vörur frá ZHENZI og ZE-ZE Vikuna 19. - 24. júní

Netverslun á tiskuhús.is

Stærðir 38-52

my style

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:

- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga stadarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Afríka, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendra grund.

Leiðbeinendur eru: Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frimannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálastólur Íslands

Ferðamálastólur Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

hvort að það sé dagur eða nótt, jafnvel um hábjartan dag.“ Ágústa tekur fram að öllum þessum símtölum sé svarað af kurteisi og alúð enda sé ávallt reynt að veita þær upplýsingar sem beðið er um.

Ókeypis aukaupplýsingar

Bæði einstaklingar og fyrirtæki geta nýtt sér þjónustunúmer 1819 og upplýsingar á vefnum www.1819.is. Aukalega býður fyrirtækið einstaklingum að bæta upplýsingum við skráningu sína í gagnagrunninum. „Þá skráir fólk sig inn með rafrænum skilríkjum og breytir skráningu sinni sjálf. Þannig getur það bætt við upplýsingum á borð við netföng, starfsheiti og fleiri símanúmerum, endurgjaldslaut,“ upplýsir Ágústa.

Öflug fyrirtækjaþjónusta

Líkt og með einstaklinga geta fyrirtæki skráð aukaupplýsingar í gagnagrunninum á borð við netföng, vefköng, tengingu við samfélagsmiðla, opnunartíma, viðbótarnúmer/útibú. Allt þetta er frítt. Síðan geta fyrirtækin einnig keypt sérstaka skráningu sem gerir fyrirtækið sýnilegra á miðlum 1819. „Fyrirtæki geta þannig fengið það sem við köllum vörumerkjasiðu sem inniheldur lógó, auglýsingaborða, bakgrunnslit, slagorð auk leitarorða sem skipta miklu máli þegar viðskiptavinur leitar upplýsinga. Þjónustuverið gefur upplýsingar um fyrirtækið auk þess sem gríðarlegur fjöldi uppfletta og innlita er á netinu á hverjum degi. Allt þetta skiptir miklu máli og eykur líkur á að fyrirtækið lendi ofarlega í leitarniðurstöðu þegar leitað er eftir tiltekinni þjónustu,“ segir Ágústa og tekur fram að 1819 sé einnig margfalt ódýrara en samkeppnisaðilinn þegar ofangreind fyrirtækjaþjónusta er borin saman.

Nýtt app og Dillinn

Nýja 1819 appið inniheldur símaskrá yfir fólk og fyrirtæki og þaðan



Hluti af ánægðu starfsfólki 1819 með viðurkenningu VR.

er hægt að hringja beint. Þar er einnig að finna hraðvirka leið til vegvísunar ef fólk þarf aðstoð við að rata og svo getur fólk fengið númerabirtingu ef það vill vita hver er að hringja.

„Appið er frábær leið til að leita eftir upplýsingum um þjónustu, einstaklinga eða fyrirtæki,“ segir Ágústa en ekkert kostar að hláða niður appinu. Því fylgja að auki þó nokkur fríðindi. „Dillinn fylgir appinu en með honum er hægt að fá fjölmörg spennandi tilboð með góðum afslætti. Í Dillnum geta fyrirtækin sem eru í þjónustu hjá 1819 boðið upp á ýmis tilboð þeim að kostnaðarlausu,“ segir Ágústa en Dillinn hefur notið mikilla vinsælda meðal viðskiptavina 1819.

Markhópalistar og úthringiverkefni

1819 býður upp á meiri þjónustu. Til dæmis geta fyrirtæki pantað

símnúmeralista yfir tiltekna markhópa. „Segjum að fyrirtæki sem þjónustar bændur vilji komast í samband við bændur til að gera könnun, þá getum við safnað slíkum lista saman úr skránni okkar. Síðan getur fyrirtækið valið hvort það nýti listann sjálf og hringi út eða hvort það vilji nýta sér þjónustu okkar hjá 1819 um að hringja út í þá sem eru á listanum. Þetta er mikið nýtt til að gera kannanir og rannsóknir,“ lýsir Ágústa.

Fyrirmyndarfyrirtæki af VR 2017

1819 var valið fyrirmyndarfyrirtæki VR í vor í flokki miðlungsstórra fyrirtækja en þetta var í fyrsta sinn sem fyrirtækið tók þátt. „Þetta er frábær árangur og góð viðurkenning og sýnir þá ánægju og þann metnað sem sem ríkir bæði hjá stjórnendum og starfsfólki.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnaræfni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
365 miðlar

Ábyrgðarmaður:
Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sölu menn: Atli Bergmann, atli@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

SUMARÚTSALAN HAFIN

SUMARYFIRHAFNIR – GERRY WEBER – TAIFUN
BETTY BARCLAY GÆÐAFATNAÐUR



STÓRÚTSALA
hjá LAXDAL LAUGAVEGI
30%-50%-60%-70%



NÝ GLÆSILEG
VERSLUN
SKIPHOLTÍ 29B

BERNHARD
LAXDAL

Laugavegi 63 • Skipholtí 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Buxnapilsdress úr þremur 500 króna bútum úr Vogue.



Glamúrhlíðin á náttslöppnum en honum er hægt að snúa við og nota þá einlitan.



Silkikjöllinn er saumaður upp úr kjól frá stríðsárunum af ömmusystur Láru. MYNDIR/ERNIR



Silkidressið saumaði Lára fyrir sextugsafmælið sitt á dögunum. Efnid keypti hún í austurlenskri vefnaðarvöruverslun í Ósló.



Lára forðaði blúndudúk frá því að enda í ruslinu og saumaði úr honum kjól.



25% afsláttur af öllum vörur frá ZHENZI og ZE-ZE Vikuna 19. - 24. júní

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Lít á föt og skart sem leikmuni

Lára Jóna Þorsteinsdóttir töfrar fram með saumavélinni sparikjóra úr borðdúkum og buxnadress úr bútum. Hún notar saumaskapinn sem iðjubjálfun fyrir sjálfa sig og hjálpar krökkunum í hverfinu við að sauma föt.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



S tundum hanna ég sjálf en þegar ég er með dýr efni í höndunum nota ég grunn-snið. Sérstaklega til að fá buxurnar réttar. Svo bæti ég eigin útfærslum við. Ég er ein af þeim sem eru nánast aldrei í svörtu. Ég lít á föt og skartgrip sem „props“ til að leika mér með,“ segir Lára Jóna Þorsteinsdóttir, sérkennari og „handavinnuamma“.

„Dótturdóttir mín kemur mikið til mín og henni fylgja stelpur. Þær sjá mig vinna og vilja fá að prófa. Fyrir stuttu hjálpaði ég þeim að sauma rokkabilikjóra á sig. Ég er fönðuramma í Hlíðunum og krakkarnir ganga út og inn hjá mér eins og ég sé amma þeirra allra. Stofan mín er oft nær því að vera verkstæði en stofa,“ segir hún hress.

Lára vann lengst af sem sérkennari í grunnskóla með tvítýngdum börnum. Hún segist hafa saumað alla tíð en eftir að hún neyddist til að hætta að vinna vegna veikinda hafi hún notað saumaskapinn og skartgripagerð sem iðjubjálfun. „Ég er með meistarapróf í sér-

“Ég sauma yfirleitt úr silki, ull, hör og bómull en nota líka ýmislegt sem mér dettur í hug. Hvíti kjöllinn er til dæmis saumaður úr borðdúk.

kennslufræðum og vissi alveg að ég þyrfti að halda mér við,“ segir hún. „Ég greindist með heilabólgu og við tóku nokkur massif veikindaár. Ég einsetti mér að setjast við saumavélinu einhverja klukkutíma á dag og þó ég ætti oft í erfiðleikum með að munda nálina vegna skjálfta í höndum neitaði ég að gefast upp. Enda hefur þetta alveg haldið mér gangandi. Það er verkið sjálft sem gildir en ekki endilega afurðin. En afurðirnar takast líka oft mjög vel,“ segir hún spök og það eru orð að sönnu.

Meðal þess sem Lára hefur töfrað fram með saumavélinni er forlata kokteilkjöll úr silki, sparikjöll úr gömlum borðdúkum og buxnadress

úr ódýrum bútum.

„Silkið í bleika kokteilkjólum hefur fylgt mér lengi en ömmusystir mín átti þann kjól á stríðsárunum. Honum hafði verið sprett upp og ég átti efnið í förum mínum. Mér fannst það reyndar alltaf heldur væmið en þegar ég var á leið í brúðkaup fann ég snið í blaði sem mér fannst að smellpassaði við efnið,“ segir Lára.

„Svarta, munstraða silkidressið saumaði ég fyrir sextugsafmælið mitt um daginn. Það efni keypti ég á götunni Grönland í Ósló í austurlenskri efnabúð en ég kaupi mér dálítið af spariefnum þar.

Ég sauma yfirleitt úr silki, ull, hör og bómull en nota líka ýmislegt sem mér dettur í hug. Hvíti kjöllinn er til dæmis saumaður úr borðdúk. Vinkona mín keypti dúkinn á Spáni en gafst upp á að strauja blúndubekkin og ætlaði að henda honum. Ég greip hann,“ segir Lára.

„Ég er líka fastagestur í bútdallinum í Vogue og svarta buxnapilsdresið er úr þremur, 500 króna bútum úr Virgin-ull. Náttslöppinn hef ég reyndar aldrei notað en hann er úr alsilki og hægt að snúa við og nota hann ýmist dökkan einlitan, eða svona glamúrlegan.“



Jakki
kr. 9.800.-
Str. S-XXL
Litur dökkblár



Galla kvartbuxur
Kr. 5.990.-
Str. S-XXL

Ríta



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



20%
af öllum kjólum



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Nú minnka sólgleraugun

Stóru sólgleraugun sem þekja andlitið eru á útleið. Fræga fólkið er þegar komið með nýja sólgleraugnatísku á nefið. Þau eru lítil og krúttleg. Þetta mátti sjá hjá helstu tískuleiðtogum og fræga fólkinu í Cannes á dögnum.

Kvikmyndahátiðin í Cannes hefur löngum þótt sýna það nýjasta í tískunni. Þangað sækir fræga fólkið í stórum stíl og leggur línurnar í komandi tísku, líklegast með hjálp frægustu tískuhönnuða heimsins. Eftir því var tekið að tískuleiðtogar eins og Kendall Jenner, Kourtney Kardashian, Selena Gomez og hinar frægu Hadid systur og fyrirsætur voru allar með litil sólgleraugu til að verja sig gegn sólinni í Cannes. Svo virðist sem litil sólgleraugu séu nýjasta æðið hjá stjórnunum.

Litlu sólgleraugun eru sött aftur til tíunda áratugarins. Til þátta eins og Beverly Hills 90210 sem voru vinsælir meðal unglunga eða kvikmyndarinnar Secret Weapons. Svo eru aðrir sem benda á Steven Tyler og Aerosmith. Þegar Kendall Jenner og Gigi Hadid mæta með nýja tísku í sólgleraugum er vitað að það hrifur aðra. Litlu sólgleraugun hafa líka sést á tískupöllum fyrir vor og sumar 2018. Bæði Armani, Saint Laurent og fleiri sýndu breytingu á sólgleraugum.


Sólgleraugu með kattaraugnaútliti virðast líka nokkuð vinsæl.



Hin ofurfræga Kendall Jenner í Cannes með litil sólgleraugu.



Bella Hadid ofurfræga í New York í síðustu viku með nýju sólgleraugum.



Stórstjarnan Rihanna í Cannes.

VELDU GÆÐI!

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM



PRENTUNIS



www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18 • Dalbraut 1



Liam Gallagher er svo sannarlega margt til lista lagt.

Sækir innblástur til Bítlanna

Rokk stjarnan umdeilda Liam Gallagher, fyrrverandi söngvari Oasis, á sitt eigið fatamerki eins og margir kollegar hans. Merkið hans heitir Pretty Green, nefnt eftir lagi með hljómsveitinni The Jam, og hefur notið nokkurra vinsælda undanfarin ár.

Nýlega tilkynnti Liam að hann ætli sér að setja á markað síðar í sumar nýja fatalínu til heiðurs plötunni Sgt. Pepper's Lonely Hearts með Bítlunum en hljómsveitinni fagnar 50 ára afmæli í ár. Nýja fatalínan mun sækja innblástur til laga plötunnar og innihalda 28 nýjar vörur, þar á meðal frakka, jakka, skyrtur og boli. Línan mun einnig innihalda takmarkað úrval nokkurra flíka, t.d. 50 Lonely Hearts Club úlpur, Pepper jakka og Strawberry Fields frakka.

Aðdláun Liams, og annarra meðlima Oasis, á Bítlunum er flestum kunn og segir hann Bítlana hafa haft gríðarlega áhrif á hann sjálfan, bæði hvað tónlist og tísku varðar.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Liam sækir innblástur til átrúnaðargóða sinna úr tónlistinni. Á síðasta ári voru 50 ár frá því gítarhetjan Jimi Hendix heimsótti

» Nýja fatalínan mun sækja innblástur til laga plötunnar og innihalda 28 nýjar vörur, þar á meðal frakka, jakka, skyrtur og boli. Línan mun einnig innihalda takmarkað úrval nokkurra flíka, t.d. 50 Lonely Hearts Club úlpur.

London í fyrsta skipti og af því til efni setti hann á markað nýja línu sem sótti einmitt í smíðju gömlu gítarstjórnunnar.

Auk þess að standa í ströngu með fatamerki sitt gaf Liam út fyrir stuttu fyrsta lagið af fyrstu sólóplötu sinni sem er væntanleg síðar á árinu.

Nýja fatalínan kemur í Pretty Green verslanirnar um miðjan ágúst, þ.á.m. í flaggskip keðjunnar við King Street í Manchester og í netverslun Pretty Green. Fylgjast má með frekari fréttum á www.prettygreen.com.



BRÚÐARGJAFIR . . . ÚTSKRIFTARGJAFIR . . . AFMÆLISGJAFIR . . .



SKRÁÐU ÞIG Á BRÚÐARGJAFALISTA Á www.hrim.is



LAUGAVEGI 25 / LAUGAVEGI 32 / KRINGLUNNI
S: 553-3003 / S: 553-2002 / S: 553-0500

Afslappaður markaskorari

Landsliðsmaðurinn Hörður Björgvin Magnússon kláraði Króata fyrr í júní-mánuði við mikinn fögnuð landsmanna. Hann lýsir fatastil sínum sem frekar afslöppuðum og finnst fint að klæðast þægilegum fatnaði.

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Hörður Björgvin Magnússon skoraði sigurmark íslenska landsliðsins í fótbolta þegar liðið vann einn stærsta sigur í sögu landsliðsins gegn Króatíu fyrr í þessum mánuði. Hann segir tilfinninguna hafa verið ólýsanlega, því þótt hann hafi skorað mörg ágætis mörk á stuttum atvinnumannaverli standi þetta mark klárlega upp úr. „Ég er ekki vanur að fagna mörkum mikið en þarna var klárlega ástæða til þess. Það eru sannarlega forréttindi að fá að spila í þessari treyju.“

Hörður, sem leikur með Bristol City í ensku B-deildinni, segist vera rólyndismaður ættaður úr Safamýrinni í Reykjavík en eigi líka rætur að rekja til Akureyrar. „Þegar ég er ekki í boltanum spila ég golf í góðra vina hópi. Einnig hef ég gaman af öðrum íþróttum, t.d. handbolta og körfubolta, og fylgist vel með Olís-deildinni og NBA. Auk þess nýt ég mín í náttúrunni.“

Hann lýsir fatastil sínum sem frekar afslöppuðum. „Mér finnst fint að vera í þægilegum fatnaði en þegar maður gerir sig til fyrir æfingar, leiki og aðra viðburði þá klæðir maður sig upp. Ég fæ helst innblástur frá Dönun og Ítölum. Bretarnir eru oft flottir en annars er kærastan mjög dugleg að klæða mig upp sem er mikill plús fyrir mig. Það má segja að tiskuáhugi minn hafi byrjað þegar ég flutti út árið 2011. Þá hætti ég þessari íslensku bylgju og fór að búa til minn eigin stíl. Áhuginn hefur svo þróast með árunum á alls konar stílum. Utan þess safna ég fótbolta-treyjum frá góðum leikmönnum sem ég hef spilað móti gegnum árin.“

Hvernig fylgist þú með tiskunni? Helst gegnum Instagram og Pinterest sem eru áhugaverðir miðlar fyrir tisku. Svo er klæðaburður félaganna í landsliðinu oft áhugaverður með öllu því sem honum viðkemur.

Áttu upphaldsverlanir? Hér heima mæli ég eindregið með

„Ég er ekki vanur að fagna mörkum mikið en þarna var klárlega ástæða til þess. Það eru sannarlega forréttindi að fá að spila í þessari treyju.“

Hörður Björgvin Magnússon

vinum mínum í Suit Up. Erlendis er það helst Selfridge sem býður upp á alls konar klæðnað, bæði ódýr fót og auðvitað aðeins dýrari klæðnað.

Áttu upphaldshönnuð? Ég á ekki beint upphaldshönnuð en það er einn ítalskur hönnuður sem ég fylgist mikið með og kaupi fót af.

Áttu upphaldsflik? Ég er mikill jakkamaður og finnst þægilegt að ganga í frökkum. Mér finnst líka vöðalega notalegt að vera í góðum pólóbol þegar það á við. Skórnir eru líka mjög mikilvægir þegar það kemur að heildarútlitinu.

Francesco Totti, fyrirlíði AS Roma, lagði skóna á hilluna í vor. Hörður náldi sér í eitt par enda heldur hann mikið upp á kappann.



Bestu og verstu kaupin? Peysur sem minnka eru gjörsamlega óþolandi. Auðvitað er stundum hægt að koma í veg fyrir það en þetta snýst allt um gæðin. Þegar buxur og peysur hnökra þá get ég orðið vel pirraður. Bestu kaupin eru eiginlega nýjustu fötin hverju sinni, er það ekki alltaf þannig?

Notar þú fylgihluti? Úrið skiptir miklu máli og sokkar. Ég hef gaman af



Hörður Björgvin klæðist hér buxum frá Suit Up og þægilegum skóm frá Kenzo. MYNDIR/EYÞÓR



Nokkrar góðar fótboltatrejgur úr safninu

Hörður hefur safnað fótboltatrejjum með leikmönnum sem hann hefur spilað með og á móti undanfarin ár. „Fyrsta treyjan frá vinstri er frá Kevin-Prince Boateng. Seydou Keita á næstu treyju, svo Mario okkar Mandzukic og svo Michael Essien. Upphaldstreyjan mín er Totti treyjan en hana fékk ég frá dómara í Seríu A sem dæmdi leik hjá Roma. Íslenska landsliðstreyjan er frá Króatíu leiknum og Paul Pogba treyjuna fékk ég þegar við spiluðum saman hjá Juventus. Buffon treyjuna fékk ég þegar ég mætti Juventus og síðust er Paulo Dybala treyjan frá því ég mætti Palermo.“

Tryggðu þér
áskrift á aðeins
333 kr. á dag*
9.990 kr. á mánuði



*9.990.- á mánuði.

365.is | Sími 1817

365

Allt fyrir ferðalagið

FIMMTUDAGUR 22. JÚNÍ 2017

Kynning: BYKO



Njóta þess að vera saman

Hjónin Björn Róbertsson og Steinunn Steinarsdóttir ferðast mikið um landið ásamt dætrum sínum. Gott skipulag og hæfilega stíf ferðaáætlun skiptir þá máli auk þess að vera sveigjanlegur gagnvart börnunum. ➔2



Hljóðaklettur eru í miklu uppáhaldi hjá fjölskyldunni enda af mörgum taldri eitt merkasta náttúruvistaverk landsins.

Starri Freyr
Jónsson

starri@365.is



Ferðalög innanlands voru stór hluti af æsku hjónanna Björns Róbertssonar og Steinunnar Steinarsdóttur. Fjölskylda Steinunnar á sumarhúsi á Snæfellsnesi þar sem fjölskyldan safnaðist saman á sumrin auk þess sem faðir Steinunnar keyrði ferðamenn um landið í rútum. Sem barn fór Björn í ferðalög með móður sinni á vegum Ferðafélags Íslands og kleif mörg

gjöll á unglingsárum sínum. Þau eru sammála um að Ísland sé heillandi viðkomustaður yfir sumartímann. Þá sé tíminn til að tengjast landinu og náttúrunni og sjá bæði nýja og gamla staði. „Það er bara eitthvað heillandi við það að ferðast og vera fjarni heimasetri sínu. Þótt það sé sáraeinfalt að hafa stafræna miðla sem afþreyingu þá er ákveðið sport í því að sitja úti í náttúrunni, fjarni borgarniðnum og heyra í nýjum fuglum, flugum og upplifa kyrrðina sem felst í náttúrunni,“ segir Björn. Þau keyptu fyrsta tjald sitt árið

2001 sem var raunar fyrsti „hús-búnaðurinn“ sem þau keyptum saman segir Steinunn. „Við höfum svo komið okkur upp búnaði fyrir útilegur jafnt og þétt gegnum árin og prófað ýmsar útfærslur. Eitt sumarið áttum við fellihýsi en ákváðum að það væri notalegra að sofa í tjaldi og seldum það. Í fyrra keyptum við okkur tjaldvagn og keyrðum með hann norður, austur og aftur vestur og nutum þess að vera í honum.“

Gott skipulag skiptir máli

Þau eru sammála um að gott skipulag skipti miklu máli þegar lagt er í langt ferðalag. Steinunn býr yfir góðum lista yfir nauðsynlegan búnað í útileguna. „Þar má finna allar helstu nauðsynjar og því auðvelt að pakka niður með skömmum fyrirvara. Við eigum grunnbúnað fyrir eldamennskuna og eldum allan mat á einni gas-hellu og á grillinu. Yfirleitt eldum við allan mat sjálf og reynum að forðast sjoppumat þar sem við erum vegan,“ segir hún.

Hver dagur byrjar yfirleitt á góðum morgunmat og svo finna þau sér fallegan stað á leiðinni til að smyrja ljúffengar samlokur í hádegismat. Kvöldmat er svo eldaður þar sem tjaldað er hverju sinni. „Okkur finnst því ekki svo

dýrt að ferðast innanlands en þá skiptir líka gott skipulag miklu máli. Í fyrra keyptum við útilegukortid og skipulögðum ferðina út frá tjaldsvæðunum sem voru í boði þar. Fyrir brottför erum við líka búin að skoða hvað er í boði á hverjum stað og semja ferðaáætlun sem allir eru sáttir við.“ Þætir Björn við.



Systurnar á fallegum degi í Skagafirði.

Þau leggja ríka áherslu á að ekki sé nauðsynlegt að taka allt með í ferðina. Sjálf hafi þau gert nokkrar tilraunir til að raða rétt í bílinn og finna út hvað sé nauðsynlegt og hvað ekki. „Ef eitthvað mikilvægt gleymist er alveg örugglega hægt að kaupa það sem vantar á leiðinni. Við hvetjum fólk til að finna „mínimalistann“ í sér og upplifa þá tilfinningu að vera sjálfum sér nógur og gera mikið úr litlu.“

Lifa í núinu

Hjónin eiga tvær dætur og á löngum ferðalögum segja þau miklu máli skipta að hafa afþreyingu í bílnum, stoppa reglulega og teygja úr sér. „Það þarf að muna að gefa þeim sína upplifun og strengja ekki út bíltúra eða athafnir langt umfram þeirra löngun og getu. Mikilvægt er að hafa í huga að

tilgangur ferðalagsins er að veita gleði, auka samveru fjölskyldunnar og byggja traust sambönd. Því er mikilvægt að vera sveigjanlegur og gefa börnunum tækifæri til að upplifa á eigin forsendum. Leggja þarf áherslu á að njóta þess að vera saman, lifa í núinu og vera ekki of fastur á ferðaáætluninni.“


Eftir mörg ferðalög um allt land segja þau Snæfellsnes og Norðurland standa upp úr. „Eftir ferðina síðasta sumar stendur Ásbyrgi hátt upp úr og Hljóðaklettur. Þar er að finna einstaka náttúruferð og dásamlegt að sitja þar í kyrrðinni sem myndast á milli hárra gljúfurveggianna. Við mælum einnig með því að keyra Skagafjörðinn og skoða Ketubjörg, Selvík og Kálfs-hamarsvík. Sundlaugin á Hofsi er frábær með útsýni yfir Skagafjörðinn og Drangey.“ Snæfellsnesið er einnig mikil ævintýraveröld að þeirra sögn. „Þar er hægt að skoða flottar klettamyndanir, leika sér í fjörunni, klifra upp á fjöll og skoða alls konar náttúruperlur.“

Í sumar ætlar fjölskyldan að heimsækja Vestfirði í fyrsta skipti öll saman og keyra þaðan austur til að heimsækja fjölskyldu systur Björns. „Svo stefnum við á að stoppa á nokkrum stöðum á Suðurlandsundirlendinu á leiðinni heim. Eitt af því sem við eigum eftir að gera er að kíkja til Vestmannaeyja. Ævintýri sumarsins gæti því hæglega tekið okkur hringinn í kringum landið og jafnvel út fyrir landsteinana.“

Hægt að fylgjast með ferðalögum fjölskyldunnar á Instagram (@steinunnstei) og á Snapchat (steinunnstei).



Fjölskyldan saman á ferðalagi síðasta sumar.



Hengifoss er þriðji hæsti foss landsins og eitt af kennileitum Austurlands.

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Þú getur treyst á TUDOR



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali,
AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýruafgeymar.

TUDOR SKORRI **TUDOR**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

SUMARIÐ ER KOMIÐ Í ELLINGSEN



COLEMAN
KOBUK VALLEY
CABIN / STÆRÐ-FJÓRIR
VERÐ 29.990.-KR



COLEMAN
MACKENZIE
CABIN / STÆRÐ-SEX ✦
VERÐ 109.990.-KR



COLEMAN
ARAVIS
GÖNGUTJALD STÆRÐ-2
VERÐ 29.990.-KR



PRIMUS
LUKT
VERÐ 14.990.-KR



COLEMAN
ÚTILEGUBORÐ
VERÐ 12.990.-KR



CAMPINGGAZ
HELLUBORÐ-200S
VERÐ 12.990.-KR



COLEMAN
DARVIN
STÆRÐ-TVEIR ✦
VERÐ 16.990.-KR



COLEMAN
DARVIN
STÆRÐ-ÞRÍR ✦
VERÐ 22.990.-KR



COLEMAN
DARVIN
STÆRÐ-FJÓRIR ✦
VERÐ 27.990.-KR



COLEMAN
VINDSÆNG
MAXI COMFORT BED DOUBLE
VERÐ 10.990.-KR



CHAMPINGGAZ
HELLA
TWISTER-PLUS-PZ
VERÐ 9.990.-KR



CAMPINGGAZ
KÆLIBOX
24L-12V
VERÐ 18.990.-KR

ELLINGSEN

REYKJAVÍK FISKISLÓÐ 1 / AKUREYRI TRYGGVABRAUT 1-3

ELLINGSEN.IS / SÍÐAN 1916

Kenna ferðamönnum á íslenska hamingju

Af hverju eru Íslendingar svona hamingjusamir? Þær Heiðrún Ólafsdóttir og Hrefna Guðmundsdóttir hafa gefið út bók fyrir ferðamenn sem geymir lykilinn að íslenskri hamingju.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Bókin gengur út á að uppræða og skemmta. Þetta er ekkert djók samt, bókin er upplýsandi en ekki þurr fræðibók,“ útskýrir Heiðrún Ólafsdóttir, skáld og annar höfundar nýútkominnar bókar sem kallast Why are Icelanders so Happy? Eða Af hverju eru Íslendingar svona hamingjusamir?

Bókin geymir lykilinn að íslenskri hamingju en Hrefna Guðmundsdóttir félagsálfræðingur er meðhöfundur Heiðrúnar. Þær ætla bókina erlendum ferðamönnum sem vilja kynna fólkinu sem byggir kalt og hrjóstrugt land en skorar þrátt fyrir það hátt í hamingjurannsóknum World Happiness report.

„Hamingjan er Hrefnu hjartans mál og hún hefur stúderað hamingjufræði og jákvæða sálfræði í mörg ár. Íslendingar eru í þriðja sæti yfir hamingjusömustu þjóðir heims og Hrefna sagði eitt sinn við mig í hálfkæringi að þeim upplýsingum þyrfti að koma til ferðamanna. Eg greip það á lofti en eftir að hafa unnið í ferðaþjónustunni í mörg ár veit ég að ferðamönnum finnst yfir-



Heiðrún Ólafsdóttir skáld og Hrefna Guðmundsdóttir félagsálfræðingur hafa gefið út bók fyrir erlenda ferðamenn sem geymir lykilinn að hamingju Íslendinga. MYND/ANTON BRINK

ALLTAF VIÐ HÖNDINA



Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum

leitt fólkið sjálf áhugaverðast við Ísland. Þó að Gullfoss og Geysir standi alltaf fyrir sinu þá er það fólkið sem skorar hæst,“ segir Heiðrún.

„Við vinnum bókina út frá niðurstöðum hamingjurannsóknna á vegum World Happiness report og því hvað geri það að verkum að Íslendingar eru svona hamingjusamir þegar kemur að mismunandi þáttum, eins og peningum, náttúrunni og fleiru. Við pælum í samfélagsgerðinni og brjótum bókina upp með tilvitnunum í venjulega Íslendinga á aldrinum fjórtán og upp í níurætt. Við köllum þá sérfræðinga í hamingju en við fengum þau til að svara spurningum um það hvað geri þau hamingjusöm. Í bókinni eru einnig hamingju-


aukandi æfingar og hægt að grípa niður í hana hvar sem er. Þetta er holl lesning,“ segir Heiðrún.

En hvernig stendur á þessari hamingju smáþjóðar á úfnu skeri norður í úthafi?


„Íslendingar virðast vera staðfastir í hamingjunni. Þegar fjármálahrúnið reid yfir lækkuðum við niður um 0,1 prósent og ég held að við höfum aldrei farið niður fyrir átunda sætið yfir hamingjusömustu þjóðir heims. Við Hrefna veltum því upp hvort það að búa við ótrygga náttúru og óútreiknanlegt veður geri okkur betur í stakk búin til að takast á við óvænt aföll. Að það sem við litum alla jafna á sem neikvætt sé jafnvel það sem geri okkur hamingjusöm,“ segir Heiðrún.

„Þetta er skemmtilegt efni sem

alltaf verður hægt að bæta við en svona rannsóknir eru gerðar annað hvert ár og þá koma nýjar upplýsingar fram. Það er mikið að gerast í þessum fræðum. Við höfum reyndar fengið mikil viðbrögð frá Íslendingum sem skilja ekkert í því af hverju við gefum bókina ekki líka út á íslensku. Bókin virðist höfða sterkt til fólks sem vill ekki lesa þurra fræðitexta um hamingjuna og vill heldur skemmtilegri sýn. Við ætlum okkur auðvitað að sigrá heiminn með þessari bók og þýða hana á öll helstu tungumál veraldarinnar,“ segir Heiðrún. Bókin sé einnig skemmtileg viðbót í ferðabókafloðunum. „Hún passar líka ofsalega vel í jakkafatavasa og handtöskur þeirra sem fara mikið á fundi í útlöndum og er tilvalin gjöf.“



“ WE ARE SOCIAL ANIMALS, THAT IS THE FOUNDATION. EVEN IF YOU HAD BILLIONS BUT NO PEOPLE AROUND YOU, YOU COULD NEVER BE HAPPY. OTHER PEOPLE MATTER MORE THAN NATURE
- Helma Rut, 49





Falleg glös, könnur og borðbúnaður gera umgjörð útilegunnar kósi.



Réttur búnaður tryggir lúxuslíf í tjaldbúskap, eins og katlar, pönnur og pottar.



Dýrindis vindsængur, ferðabeddar og svefnpokar tryggja ljúfan nætursvefn.



Það er spennandi að fara út að leika með sumarleikföngin í BYKO.



Napoleon-ferðagrillið er handhægt í flutningum og rennur á hjólum.



Í BYKO fæst allt til eldamennsku og sækralífs í útilegunni, eins og þessi forláta kælibox. Einnig gaseldavélar, ferðagrill, pottasett og borðbúnaður.

Ferðagleðin byrjar í BYKO

Íslensku ferðasumri fylgir ást á náttúru, sumarsól og samneyti við fjölskyldu og vini. Góður og traustur viðlegubúnaður eykur enn á gleðina.

Við erum búin að tjalda öllu til," segir Kolbrún Yr Árnadóttir, svæðisstjóri heimilis- og árstíðavara hjá BYKO.

„Það er beinlínis spennandi að hefja ferðalagið hjá okkur því við höfum nú í fyrsta sinn útbúið sérstaka útilegudeild í BYKO. Úrvalið hefur alltaf verið einstakt í útileguvörum en aldrei eins ríkulegt og nú," segir Kolbrún innan um glæsileg tjöld, ferðagrill, útilegustóla- og borð, gashitara, vindsængur, svefnpoka og fleira sem fullkomnar ferðalag um íslenska náttúru.

„Við erum með allt í útileguna; frá ullar- og hlífðarfatnaði yfir í ferðagaseldavélar og allt þar á milli. Dásamlega svefnpoka, vindsængur og ferðabedda til að tryggja góðan nætursvefn við fuglasöng og lækjarnið og úrval af útilegustólum og borðum til að láta fara vel um sig innan tjalds og utan.“

Kolbrún segir tjaldbúskap lærast eftir því sem fólk fari oftar í útilegu og með reynslunni uppgötví fólk hvað þurfi að hafa meðferðis svo að vel fari um alla. „Fjölbreyttur búnaður fylgir því að fara í útilegu, svo að líf undir berum himni verði



sem þægilegast. Umgjörðin er eitt, tjald og svefnbúnaður, en svo vilja margir skapa kósi andrúmsloft og þar komum við inn með fallegar vatnskönnur, pottasett, borðbúnað, hnifapör, dúka og fleira dúlleri í ferðalagið.“

Meðal nýjunga fyrir útileguna í BYKO eru partihimnar á súlum. „Partitjöldin eru tilvalin fyrir ættarmótið og mjög góð til að skjóta skjólshúsi yfir frændfólkið á kátum stundum. Tjöldin fást í stærðunum 3x3m og 3x6m og

eru þak án hliða svo auðvelt er að skjóta sér inn og út eftir þörfum," segir Kolbrún. BYKO býður traust og vonduð útvistarmerki í viðlegubúnaði. „Við bjóðum nú stærri gerðir af tjöldum en áður og nýjar útfærslur,

Kolbrún Yr Árnadóttir er svæðisstjóri heimilis- og árstíðavara hjá BYKO og stendur hér mitt í nýju og glæsilegu útilegulandi verslunarinnar.
MYNDIR/EYÞÓR

eins og tveggja manna VIP-tjald með aðskildum herbergjum þar sem hátt er til lofts. Þá erum við með ferðaklósett með innbyggðum klósettpappírshaldara sem eru vinsæl í tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi sem ekki eru búin salerni. Ferðagrill fást í úrvali og meðal annars æðislegt ferðagrill frá Napoleon sem kemur á vagni eins og flugfreyjutaska og er einkar auðvelt að ferðast með og handhægt fyrir eldamennsku í regni jafn sem sumarsól," segir Kolbrún.

Til afþreyingar í útilegunni býður BYKO fjölmargt til skemmtunar.

„Við erum með veiðistangir og allt fyrir veiðina ásamt úrvali útileikfanga, eins og krikket-sett, flugdrekka og lítill golfset. Slíkt er nauðsyn fyrir smáfólkið og eykur enn á gleðistundir útvistarinnar," segir Kolbrún og bætir við að þægilegt sé fyrir ferðafólk að þurfa bara á einn stað til að sækja það sem þarf í ferðalagið.

„BYKO býður eingöngu traustan og endingargóðan viðlegubúnað og verðið er sambærilegt þótt vissulega oftast í lægri kantinum.“

Dýrar borgir orðnar ódýrari

Vegna breyttra aðstæðna í heiminum eru margar af dýrustu borgum heims nú orðnar mun víðráðanlegri en áður fyrir ferðamenn. Ástæðurnar eru meðal annars aukin þjóðernishyggi og lækkun olíuverðs sem hefur leitt til breytinga á hagkerfi margra landa. Í kjölfarið hafa margar af dýrustu borgunum skriðið niður lista Economist Intelligence Unit sem metur framfærslukostnað.

London

Brexit hefur leitt til lækkunar pundans. London, sem hefur lengi trónað á toppi listans yfir framfærslukostnað, hefur farið niður um átján sæti á einu ári. Góðar fréttir fyrir ferðamenn.

Peking

Margar kínverskar borgir fóru niður um tíu sæti eða fleiri á listanum á árinu. Peking fór niður um sextán sæti. Ástæðurnar eru taldar vera minni eftirspurn eftir útflutningsvörum frá Kína.

Lagos

Þessi höfuðborg Nígeríu fer niður um sextán sæti á listanum vegna lækkaðs olíuverðs en olía er ein af aðalútflutningsvörum landsins.



Gengi pundans hefur lækkað mikið eftir Brexit og því er ódýrara að ferðast til London um þessar mundir. NORDICPHOTOS/GETTY

Mexikóborg

Mexikóborg hefur ávallt þótt fremur víðráðanleg í verði fyrir ferðamenn en lækkar samt um níu sæti á milli ára, er nú í sæti 82 af 132 borgum.

Buenos Aires

Fór niður um 20 sæti á listanum vegna óstöðugleika í argentínska hagkerfinu. Reyndar eru íbúar löngu orðnir vanir slíkum sveiflum sem eru æði algengar í landinu.



Hægt er að brydda upp á ýmsum leikjum til að stytta krökkum og unglungum stundir í bílnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Stundir stytta á löngum ferðum

Þó freistandi geti verið að þrýsta spjaltdölvum í hendur barna á ferðalögum er ýmislegt annað hægt að gera til að stytta krökkum og unglungum stundirnar þegar eknar eru lengri vegalengdir. Hér eru nokkrir leikir sem bæði full-orðnir og börn geta haft gaman af að leika.

Sólveig
Gísladóttir
solveig@365.is



Stafrófsleikurinn

Sumir velja sér hægri hlið vegarins og hinir þá vinstri. Leikmenn leita eftir stöfum sem birtast á skiltum og bílnúmeraplötum. Tilgangur leiksins er að finna allt stafrófið í réttri röð frá a til ö. Fyrsti leikmaður til að finna alla stafina vinnur.

Dýranafnaleikurinn

Einn leikmaður nefnir heiti á dýri. Næsti þarf að nefna annað dýranafn sem byrjar á stafnum sem síðasta dýr endaði á. Enginn sigrar eða tapar í þessum leik. Einnig er hægt að skipta út dýraþemanu fyrir sjónvarpsþætti, borgir eða lönd.

Tuttugu spurningar

Einn upphugsar dýr (eða eitthvað annað þema sem fólk getur valið um). Aðrir leikmenn skiptast á að spyrja já og nei spurninga á borð við „er það með fjórar fætur?“, „getur það flogið?“. Þegar leikmenn hafa spurt tuttugu spurninga fá allir að giska á hvert dýrið er.

Hvisluleikur

Eitt barnanna hvislar stutta sögu að næsta farþega. Sá hvislar sömu sögu, eins nákvæmlega og hægt er, að þeim næsta og svo koll af kolli. Þegar sagan er komin til síðasta manns á sá hinn sami að segja

» Einn skoðar kortið og velur sér leynistað sem hann finnur á kortinu og tilkynnir nafn hans. Næsti leikmaður fær þá kortið og hefur 60 sekúndur til að skoða það og finna leynistaðinn.

upp í eyðuna með einhverju orði sem byrjar á stafnum a. Til dæmis ananas. Næsti leikmaður á að finna nafn sem byrjar á b, til dæmis bók, en verður fyrst að endurtaka a-orðið. A er fyrir ananas, b er fyrir bók. Síðan er haldið áfram í gegnum stafrófið og leiknum lýkur þegar komið er að ö en þá er runan sem þarf að endurtaka orðin ansi löng og oft erfið að muna.

Leynistaðurinn

Ef kort er í bílnum má leika þennan leik. Einn skoðar kortið og velur sér leynistað sem hann finnur á kortinu og tilkynnir nafn hans. Næsti leikmaður fær þá kortið og hefur 60 sekúndur til að skoða það og finna leynistaðinn.

Ég sé

Þessi leikur er klassískur og hentar ungum börnum. Sá sem er hann horfir í kringum sig og segir; „Ég sé eitthvað sem er rautt/grænt/blátt.“ Aðrir eiga að giska á hvað viðkomandi sá.

Komdu auga á bílinn

Sniðugt fyrir unglunga og eldri börn. Nokkurs konar bingó með bílategundum. Hægt er að prenta út slíka leiki á netinu áður en lagt er af stað en einnig er hægt að kaupa slík bingó á ýmsum bensínstöðvum. Leikurinn snýst um að sjá bíla af þeim tegundum sem taldar eru upp á bingókortinu. Gott er að mismunandi bílategundir séu á kortunum sem spilarar eru með.

weber gæði... ending... ánægja.

skoðaðu úrvalið á Weber.is

Hanging Monkeys

YooHoo & FRIENDS

© Aurora

NÝJIR VINIR BÆTAST Í HÓPINN

SAFNAÐU ÞEIM ÖLLUM

FÆST Í FK, BYKO, A4, LYFJU, ELKO, ÍSLANDSPÓST OG UM LAND ALLT. DANCO

Við tjöldum því besta

Yfir 30 gerðir af tjöldum

HILLEBERG
THE TENTMAKER

Vango



Vango Alpha
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 16.995,-
3 manna verð kr. 18.995,-



Vango F10 Xenon UL
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 54.995,-
2 manna+ verð kr. 64.995,-



Vango Banshee
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 26.995,-



Vango Helix
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 25.995,-
3 manna verð kr. 28.995,-



Vango Tempest
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 30.995,-
3 manna verð kr. 35.995,-



Vango Pulsar
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 37.995,-
3 manna verð kr. 43.995,-



Vango Drummond
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 54.995,-



Vango Blade
5000mm vatnsheldni
1 manns verð kr. 20.995,-



Vango Beta
3000mm vatnsheldni
3 manna verð kr. 29.995,-
4 manna verð kr. 36.995,-



Vango Iris
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 65.995,-
6 manna verð kr. 75.995,-



Vango Ravello Airbeam
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 115.995,-



Vango Woburn
4000mm vatnsheldni
4 manna tilboðsverð kr. 46.995,-
5 manna tilboðsverð kr. 52.995,-

Valin tjöld uppsett í verslun • Frábært úrval af tjaldhúsgögnum



MAMMUT



OR OUTDOOR RESEARCH

HILLEBERG
THE TENTMAKER

Vango


TERNUA



Skeifunni 6 • www.everest.is

Popti La

19080



Hjólað um Rangárvelli

Hjá Vestfirsku forlaginu er komin út fimmta hjólabókin eftir Ómar Smára Kristinsson. Að þessu sinni leggur hann áherslu á Rangárvallasýslu.

Í bókinni lýsir hann ellefu hjóltreidaleiðum, auðveldum og erfiðum, sem eiga það sameiginlegt að þær liggja í hring og að hægt er að loka hringnum á einum degi. Hverri leiðarlýsingu fylgja tillögur að fleiri ferðum. Þar að auki er nokkurra létttra hringleiða sem ekki teljast til dagleiða getið í bókinni. Einnig er í henni að finna kort af almenningssamgöngum og umferðarþunga.

Hagnýtar upplýsingar um hverja leið eru útlístaðar í máli og á kortum. Allar leiðirnar eru teiknaðar með litaskala sem útskýrir hve brattinn er mikill. Um eitt og hálf hundrad ljósmynda gefur innsýn í sýsluna, hvernig þar er umhorfs og hvers konar vegir og stigar bíða lesenda.



Nammi fyrir útilegumenn

Fátt er eins nærandi og viðeigandi í útilegu og lambakótilettur í raspi. Kótilettarnar eru steiktar heima fyrirfram, kældar og stungið ofan í box til að gæða sér á undir bláhimni. Hér er uppskrift fyrir fjóra.

12 lambakótilettur
1 egg
3 msk. mjólk
1 bolli þurr brauðmylsna
Salt og nýmalaður pipar
75 g smjör

Þerrið kótilettarnar, skerið burt hluta fitunnar og berjið létt með buffhamri. Þeytið egg og mjólk létt saman og kryddið brauðmylsnuna með pipar og salti. Bræðið smjör á stórri, þykkbotna pönnu. Veltið kótilettum úr eggjablöndunni og síðan brauðmylsnu. Brúnið á báðum hliðum við góðan hita en lækkið síðan og steikið áfram við vægan hita í 8-10 mínútur. Snúði einu sinni.

Heimild: lambakjot.is

Miðaldakvöldverður í Skálholti

Miðaldakvöldverður verður í Skálholti á annað kvöld og hefst hann kl. 19. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem boðið er upp á matarboð með gamla laginu og hefur veislan alltaf verið vel sótt. Mikið er lagt í matargerðina en stuðst er við matseðil Þorláks helga Þorlákssonar sem var biskup í Skálholti á miðöldum. Griðkonur í viðeigandi búningum reida fram mat og vin en veislustjóri er Halldór

Reynisson, starfandi rektor Skálholtsskóla. Hann segir sögu matarkúnstarinnar sem kvöldverðurinn endurspeglar.

Það er Sölvi Hilmarsson sem reidur fram girnilegan miðaldakvöldverð. Á myndinni sem Atli Rúnar Halldórsson tók má sjá hann skera niður lambakjöt sem eldað er eins og gert var á þeim tíma.

Áður en matarveislan hefst er skoðunarferð í kirkjunni.

Einnig er hægt að fá gistingu í Skálholti.

Panta þarf borð á netfanginu skalholt@skalholt.is en verðið er 9.500 krónur. Miðaldakvöldverður er mikil upplifun samkvæmt því sem sagt er. Í Skálholti er margvísleg menningartengd ferðaþjónusta í boði. Nánar má skoða viðburði á heimasíðunni skalholt.is.



FOSSHOTEL

GISTING OG VEITINGASTAÐIR UM ALLT LAND



GIORGIO ARMANI

Cate Blanchett



Sì

#SaySì



KYNNING Á GIORGIO ARMANI ILMUM 22. - 28. JÚNÍ Í VERSLUNUM HAGKAUPS.
Glæsilegt GIORGIO ARMANI handklæði er kaupaukinn þinn þegar þú kaupir GA vörur fyrir 8.500 eða meira.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
GIORGIO ARMANI DÖMU OG HERRAILMUM.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KRINGLUNNI | 588 2300

INDISKA



Armani kynnr sumar 2018

Undanfarna daga hefur staðið yfir tískuvika í Milánó. Að þessu sinni er það vor- og sumartíska herra 2018 sem er á pöllunum.

Það eru mörg stór nöfn sem sýna þessa dagana í Milánó og má þar nefna Armani, Versace, Fendi og Prada svo einhverjir séu nefndir. Giorgio Armani vakti athygli fyrir frjállega en samt glæsilega herralínu fyrir næsta sumar. Ljósir litir og þægileg efni voru allsráðandi. Gráir tónar virðast vera ríkjandi hjá Armani en þó mátti einnig sjá lit á borð við fjólublátt bregða fyrir. Tvihnepptir jakkar og frakkar þóttu glæsilegir. Þægilegur klæðnaður sem fellur vel í kramið hjá yngri herraöfnum.

Armani er ítalskur tískurisi og einn af ríkustu mönnum heims. Fyrir utan að halda utan um þetta vinsæla tískumerki rekur hann lúxushótel.

Það var Giorgio Armani sem átti hugmyndina að því að klæða upp kvikmyndastjórnur áður en þær færu á rauða dreglinn og aðrir tískuhönnuðir tóku síðan upp eftir honum. „Af hverju ætti ég að þurfa að láta ein-

hvern klæða mig upp? Ég get gert það sjálf og hver er þessi Giorgio Armani?“ spurði leikkonan Michelle Pfeiffer's þegar ítalski tískuhönnuðurinn bauð henni kjól fyrir Hollywood veislu árið 1983. Hún var þá 23 ára og hefur varla klæðst öðru en fötum frá Armani síðan.



» Armani hefur löngum lagt línurnar í tískuheiminum, hvort sem það er fyrir konur eða karla. Hann hefur líka verið umsvifamikill í hönnun fyrir kvikmyndir í Hollywood.

Armani hefur lengi hannað föt fyrir kvikmyndaiðnaðinn í Hollywood. Í fyrsta skipti fyrir Richard Gere í myndinni American Gigolo. Raunar var það Diane Keaton sem var fyrsta leikkonan til að mæta í Armani fötum á Óskarsverðlaunahátíðina árið 1978. Hún var í gráum Armani jakka við sítt pils og tók við verðlaunum fyrir leik sinn í kvikmyndinni Annie Hall.

Armani hefur ávallt haldið sig til hlés þegar kemur að einkalífnum en ljósmyndarar sitja um hann. Armani er fæddur árið 1934 og hefur átt farsælan feril. Hann er ríkasti, vinsælasti og frægasti hönnuður Ítala. Á myndunum má sjá hvernig herrarnir ættu að klæðast næsta sumar vilji þeir heidra Armani tiskulínuna.

TÍSKU-DAGAR

20% afsláttur af öllum vörum!



Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:



SHIMANO®

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi



HJÓLREIÐAR



HLAUP



SUND



*Vegna hagstæðari samninga og styrkingar krónunnar höfum við lækkað verðin á CUBE reiðhjólunum!



Tacx

ParkTool

drink it... feel it...
Xenofit®
www.xenofit.de



WWW.TRI.IS

#cube_your_life!

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

Rolf PRIMA

Verzlunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00

Myndi seint teljast skvísa

Blaðakonan Sólborg Guðbrandsdóttir er hjartahlýr töffari þegar kemur að stíl og lífsviðhorfi. Hún gaf út lagið Skies in Paradise í sumarbyrjun.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Hver ertu og hvaðan? Ég er tvítugur Keflvíkingur og mitt hjartans mál er að allir fái sömu tækifæri í lífinu. Þar til ævigöngunni lýkur mun ég að leggja mig fram við að koma í veg fyrir óréttlæti. Ein manneskja getur nefnilega breytt heiminum til hins betra og það er gott að minna sig á það.

Hvernig myndirðu lýsa eigin stíl? Ætli hann sé ekki mitt á milli þess að lita út fyrir að vera á leiðinni að ræna banka og að heimsækja tengdaforeldrana í fyrsta skipti. Mér finnst ég alltaf sætust þegar ég klæðist flikum sem eru um það bil þremur númerum of stórar. Ég myndi seint telja mig vera skvísu; ég er töffari.

Hvernig ræktarðu líkamann? Ég fer í ræktina og borða hollt.

Upphaldsbúð til að kaupa sér fót í? Gallerý Keflavík. Þar fást falleg fót og þar vinnur yndislegt og hjálplegt starfsfólk. Annars kaupi ég óþarflega mikið af fötum hér heima miðað við verðlag en í útlöndum kaupi ég mest í H&M og Zöru og finnst líka fint að gramsa í vintage-búðum.

Attu þér fyrirmynd úr tiskuheiminum? Enga eina, en ég dáist að fólki sem klæðir sig öðruvísi en heildin.

Hvað er það nýjasta í fataskápnunum? Jakkar úr Spúútník sem ég keypti mér fyrir Secret Solstice.

Hvað er ómissandi í snyrtibúðunni? Í minni er það maskari.

Hvaða ilmvatn notar þú? Ég hef notað Hypnotic Poison frá Dior í mörg ár og sakna þess þegar ég á það ekki til.

Ertu mikið fyrir skart og fylgihluti? Ég á mér uppáhaldsþring frá Sign sem ég nota við öll möguleg tilefni. Hann var gjöf frá mér til mín eftir að hafa staðið mig vel. Ég nota líka mikið af stórum eyrnalokkum og mér þykja stórir og áberandi skartgripir flottir.

Hverju klæðistu þegar þú vilt vera sérstaklega fin? Þá klæðist ég lekkerum gerviloðkrögum. Með þá um hálsinn eru mér allir vegir færir.

Upphaldsklæðin þín? Ég neyðist til að tilnefna nokkrar leðurbuxur frá H&M sem allar eiga sameiginlegt að vera smám saman að rifna í klofinu. Ég kúri meira að segja í þeim í rúminu, sem ætti að vera óleyfilegt.

Stærsta tiskulúðrið? Á síðustu árum grunnskólans notaði ég svartan augnblyant í augabrúnirnar og plokkaði þær nánast af. Á þeim tíma þóttu línuritadur augabrúnir víst alveg ædislegar. Mikil gleði, mikið gaman.

Spáirðu mikið í tisku og útlit? Ég væri að ljúga ef ég neitaði því. Ætli það sé ekki býsna erfitt að komast hjá því á tímum samfélagsmiðla. Það er þó gott að minna sig á það öðru hvoru að glansmyndin sem maður fylgist með á netinu er ekki raunveruleg og að Photoshop blekki. Mér finnst þó gaman að hafa mig til og gera mig fina og finnst skemmtilegt að „tiskan“ fari í hringi.

Besta bjútiráðið þitt? Að vera í kringum fólk sem hefur góð áhrif á mann og hvetur mann áfram. Maður dafnar mest og er fallegastur þegar maður er hamingjusamur. Þá mæli ég með því að vera góður við aðra og hjálpa eins mikið og



Svarti jakkinn úr Spúútník er nýjasta flikin í fataskáp Sólborgar. Síð peysan úr Gallerý Keflavík og skómir úr GS-skóm. MYNDIR/SIGRÍÐUR GUÐBRANDSDÓTTIR

maður mögulega getur. Fallegasta fólkið í minni lífi er það sem hefur verið til staðar fyrir mig á erfiðum stundum, með allar sínar fellingar og bólur.

Skiptir ytra útlit raunverulegu máli? Fegurð er ómælanlegt hugtak og einstaklingsbundið hvað hverjum finnst fallegt. Þegar upp er staðið skiptir ytra útlit engu. Persónulega legg ég meira upp úr því að vera góð manneskja en falleg og finnst að við sem samfélag ættum að hvetja einstaklinga til að vera duglegir og góðir frekar en fallegir og finir.

Þá finnst mér sérstaklega slæmt að gefa ungmennum skilaboð um að það sé í lagi að dæma fólk eftir útliti og flokka eftir úreltum stöðlum um fegurð. Það er ljótt að dæma fólk eftir útliti og magnað þegar fólk leyfir sér að setjast á þann háa hest. Samfélagið ætti líka að fordæma fegurðarsamkeppnir. Fegurð er fölginn í fjölbreytileikanum.

Hvað ertu að fast við? Ég starfa sem blaðamaður fyrir Víkurfréttir á Suðurnesjum. Mér finnst mikilvægt að nota þann vettvang til að láta gott af mér leiða og fræða fólk um ýmis málefni. Ég hef meðal annars fjallað um hinseginleika, trúfrelsi og andleg veikindi. Þessa dagana vinn ég líka að verkefnum „Fávitar“ með Styrmí Barkarsyni og sem hægt er að fylgjast með

Það er ljótt að dæma fólk eftir útliti og magnað þegar fólk leyfir sér að setjast á þann háa hest.

Sólborg Guðbrandsdóttir

Sólborg gaf sjálfri sér hring frá Sign þegar henni fannst hún hafa staðið sig vel.



á Facebook og Instagram. Þar vörpum við ljósi á kynferðislega áreitni sem Íslendingar verða fyrir á netinu og komum vonandi umræðu af stað. Þegar ég er svo ekki að rífa kjaft sem ég tónlist og hef í hyggju að gefa út fleiri lög á næstu mánuðum.

Hvað dreymir þig um? Mig dreymir um að vinna af mér rassgatið og ná þannig öllum mínum markmiðum í lífinu. Mig dreymir um að vera eins hamingjusöm og ég get mögulega orðið og að enda þetta líf sátt með það sem ég hef afrekað.

Hvað er fram undan hjá þér? Fram undan er hörku vinna. Ég er rétt að byrja með mínar áætlanir. Ég ætla að vera óhrædd við að prófa nýja hluti, safna peningum og upplifa alls konar ævintýri. Ég get ekki beðið!


Hvað ætlar þú að gera í sumar? Ég ætla að njóta lífsins með mínum nánustu. Þau eru best.



Þennan litrika og töff gallajakka keypti Sólborg sér í Zöru.



Hvíti jakkinn er úr Gallerý Keflavík og loðkraginn úr Zöru í Svíþjóð.



Camouflage-jakkinn er ein af nýjustu flikum Sólborgar, keyptur í Spúútník. Síð peysa og skór úr Gallerý Keflavík.

„Kryddaðu fataskápinn“

Skyrta með satínáferð

- verð 9.900 kr.
- stærð 36 - 46
- 3 litir: blátt, kremgyllt, olivugrænt

Leggingsbuxur

- verð 11.900 kr.
- stærð 34 - 50
- teygja í mitti, engir vasar

Opíð virka daga kl. 11-18
Opíð laugardaga kl. 11-15

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Klíkið á myndir og verð á Facebook

Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensinvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjár litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Vissir þú að... Barnaheill
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



FORD Transit 2.0 tdcí 7 manna pallbill. Árgærd 2016, ekinn 1 þ.km, dísel, 6 girar. Verð 4.390.000. verð án VSK Rnr.103968.



FORD Transit custom. Árgærd 2017, ekinn 0 KM, dísel, beinskíptur. Verð 3.390.000. verð án vsk Rnr.103989.



FORD Transit tourneo. Árgærd 2017, ekinn 0 KM, dísel, beinskíptur. Verð 6.490.000. Rnr.103991.

Braut Bílasala
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilabraut@bilabraut.is
www.bilabraut.is



M.BENZ C 220d AVANTGARDE nýskr. 09/2015, ekinn aðeins 8 þ.km, dísel (170 hö), sjálfskíptur (7 girar). Verð 5.999.000 kr. Skípti skoðuð! Raðnr. 255217 á BILO.is



M.BENZ CLA 180 AMG Árg. 2016, ekinn 35 þ.km, bensín, sjálfskíptur (7 girar). Virkilega fallegur og töff bill! Verð 5.390.000 kr. Skípti á ódyrari skoðuð! Raðnr. 255798 á BILO.is



CAN-AM MAVERICK XMR1000R 08/2014, ek. aðeins 1 þ.km, bensín, sjálfskíptur. Verð 3.390.000 kr. Raðnr. 256547 á BILO.is

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Kerrur




Er þetta kerran sem þig vantar?
Hafðu samband. Sími: 8436610

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBERU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppi ný. Vaka s. 567 6700



Bátar



Léttir Fyrirferðalitlir Hjólátir Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is



NÝTT - NÝTT - NÝTT
HEIMAVÍKUR PLÖTUKRÖKA NR. 12
Góð reynsla - meiri afli Heimavíkur ehf Heimavíkur sími 892-8655

TIL SÖLU
M.BENZ E 220 bluetec cdi.
Árgærd 2015, ekinn 21 þ.km, dísel, sjálfskíptur.
Verð 5.990.000. Rnr.288563.

BÍLAHÖLLIN
Bíldshöfði 5, Sími 567 4949
www.bilahollin.is



HONDA
CR-V Elegance með Garmin GPS
Nýskráður 7/2016, ekinn 36 þús.km., bensín, sjálfskíptur. **Verð kr. 4.690.000**
Lykillán 90% - 60 mán, 89.942 á mán.



OPEL
Mokka
Nýskráður 5/2015, ekinn 8 þús.km., bensín, sjálfskíptur. **Verð kr. 3.190.000**
Lykillán 90% - 60 mán, 61.313 á mán.



BÍLL DAGSINS
Suzuki Swift GL
Nýskráður 5/2012, ekinn 89 þús.km., bensín, 5 girar.
Lykillán 90% - 46 mán, kr. 30.119 á mánuði
Bíll dagsins kr. 1.250.000



PEUGEOT
508SW Active
Nýskráður 5/2012, ekinn 79 þús.km., dísel, sjálfskíptur. **Verð kr. 1.990.000**
Lykillán 90% - 46 mán, 47.651 á mán.



MERCEDES-BENZ
C200 Kompressor
Nýskráður 5/2007, ekinn 138 þús.km., bensín, sjálfskíptur. **Verð kr. 2.190.000**



PEUGEOT
3008 Active
Nýskráður 6/2014, ekinn 55 þús.km., dísel, sjálfskíptur. **Verð kr. 2.490.000**
Lykillán 90% - 60 mán, 47.953 á mán.



HONDA
CR-V ES
Nýskráður 12/2006, ekinn 131 þús.km., bensín, sjálfskíptur. **Verð kr. 890.000**



SUZUKI
Grand Vitara Lux
Nýskráður 5/2014, ekinn 89 þús.km., dísel, 5 girar.
Verð kr. 2.990.000
Lykillán 90% - 60 mán, 57.496 á mán.



PEUGEOT
807 ST dísil 7 manna
Nýskráður 10/2007, ekinn 92 þús.km., dísel, sjálfskíptur. **Verð kr. 1.290.000**

Lykill
fjármögnun
Opnunartími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00
Lokað laugardaga í sumar.

BERNHARD

NOTAÐIR BÍLAR

Bílaþjónanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga uppistöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

Þjónusta

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

ÞAKVIÐGERÐIR APS
VERKTAKI EHF

Þaklekar eru því miður alltof algengir í íslenskum húsum. Við tökum að okkur öll verkefni sem snúa að þakviðgerðum. Gsm.841 7601

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Keypt
& Selt

Óskast keypt

KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar
Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateemple.is

Nudd. Nuddstofan, opið frá 09-19. S. 855 3199

Skólar &
Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Tómstundir
& Ferðir

Fyrir veiðimenn



PVC vöðlur. Þykkar og góðar vöðlur fyrir erfiðar aðstæður St. 42-48. Verð 10.950 kr Veiðiþortið Grandagarði 3 552-9940

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 285 -
1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI
Í REYKJAVÍK

285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma. Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Tilkynningar

Svalbarðseyri – íbúðarsvæði,
tillaga að deiliskipulagi

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti þann 16. júní 2017 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir nýtt íbúðarsvæði á Svalbarðseyri skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið er um 14,9 ha. Innan skipulagsmarka er annars vegar íbúðarsvæði og hins vegar svæði fyrir verslun og þjónustu efst og næst þjóðvegi. Það er að hluta skilgreint sem blönduð landnotkun með íbúðarbyggð. Í austri nær svæðið að helgunarsvæði þjóðvegjar, til suðurs að aðkomuvegi, íþróttasvæði og farvegi Valsár, til vesturs að brekkurót og til norðurs að landamerkjagirðingu.

Tillagan mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá 22. júní 2017 til og með 2. ágúst 2017. Tillagan verður einnig aðgengileg á vef Svalbarðsstrandarhrepps á www.svalbardsstrond.is/is/skipulag/deiliskipulag

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er þannig gefinn kostur á að kynna sér tillöguna og gera athugasemd við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps í ráðhúsinu Svalbarðseyri, 601 Akureyri, eða á netfangið postur@svalbardsstrond.is í síðasta lagi þann 2. ágúst 2017.

Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps



SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR | Sími 464-5500 | postur@svalbardsstrond.is | www.svalbardsstrond.is

www.toyotakaupturni.is

Westfalia dráttarbeisli
fyrir flestar gerðir bíla

Toyota Kaupturni
Kaupturni 6
Sími: 570 5070

info@toyota.is

Opið mán - fös:
07.45 - 18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Hjólbarðaviðgerðir
Smurþjónusta
Bremsur
Demparar
Rafgeymar
o.fl.

**GRAFARVOGS
VERKSTÆÐI**

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFET ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ
GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagningar

551 1309 / 690 5115

golflist@golflist.is | www.golflist.is

Gólf list
Parketlagningar og viðhald

99%
RYKFRITT

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Húsnæði óskast

HJÁLPIII!

Ungt par með árs gamalt barn vantar litla íbúð strax, öruggar greiðslur. Uppl í S. 692 3216

Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús- einbýlishús Fjölbreytt úrval- gott verð.

Upplýsingar hjá gghaldor@simnet.is

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m². Ódýrt eftir það. S. 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

LEIKSKÓLINN UNDRALAND EHF

Matráður(- leiðbeinandi Undraland, lítill leikskóli í Kópavogi, óskar eftir áhugasömum, jákvæðum og sjálfstæðum matráð frá 10. ágúst. Vinnutími 9.30-13.30. Einnig vantar áhugasaman, jákvæðan og duglegan leiðbeinanda í 100% starf frá 10. ágúst. Allar upplýsingar í s. 554 0880 frá 9-16. Allar upplýsingar í s. 554 0880 frá 9-16.

SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMÍÐI, VERKAMENN, MÚRARARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í VINNU.

HANDAFL EHF
STARFSMANNAPJÓNUSTA
S. 777 2 333



Skólavörðustígur - til sölu eða leigu

Frábær staðsetning

Til leigu er 51 fm verslunarhúsnæði á jarðhæð við Skólavörðustíg 6b, 101 Reykjavík. Miklir möguleikar. Húsnæðið er laust nú þegar til afhendingar. **Verð 39,8 millj.**



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
guðlaugur@eignamidlun.is
864 5464



Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumidlari
hilmar@eignamidlun.is
824 9098



588 9090 - www.eignamidlun.is - Grensásvegur 11 - 108 Reykjavík




Hrafnhildur Bridde löggiltur fasteignasali s: 821 4400

ÞEKKING • ÞJÓNUSTA • ÞINN HAGUR

HB FASTEIGNIR

Ármúli 8 • 108 Reykjavík

RAUÐARÁRSTÍGUR 32, 101 RVK
OPIÐ HÚS Í DAG KL. 16:30 - 17:00



Laus fljótlega! 3ja herb. íbúð á 1.hæð (jarðhæð), skráð 56,4 fm. Mjög rúmgóð og björt stofa, tvö rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi og eldhús. Íbúðin var nýlega máluð og er með nýju parketi. Lagnir mikið til endurnýjaðar og húsið steypuviðgert. Góður staður í miðbænum. Verið velkomin. **Verð 32,9 millj.**



Engihjalli 11
200 Kópavogur

OPIÐ HÚS

fimmtudaginn 22.júní kl.17:00-17:30



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
sími: 780 2700
helgi@miklaborg.is



Gunnar Helgi Einarsson
löggiltur fasteignasali
sími: 615 6181
gunnarhelgi@miklaborg.is

Mjög falleg 113,6 fm 4ra herbergja enda íbúð á 8. efstu hæð með gluggum á 3 vegu. Eignin skiptist í : forstofu, stofu, borðstofu, 3 herbergi, eldhús, sjóvarpsbol og baðherbergi. Eignin er laus við kaupsamning.

Verð: **38,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Kópavogi

Fargarþing 2. Breytt deiliskipulag

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breyttu deiliskipulagi við Fargarþing 2. Í breytingunni felst að tvílyftu einbýlishúsi sem á lóðinni stendur er breytt í parhús og bílastæðum á lóðinni fjölgað úr þremur í fimm. Ennfremur gerir tillagan ráð fyrir að opnum rýmum á fyrstu og annarri hæð hússins verði að hluta til lokað, norðaustan og suðvestan megin í húsinu. Nýtingarhlutfall á lóðinni hækkar úr 0,34 í 0,43. Uppdrættir í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 18. apríl 2017.

Skjólbraut 11. Breytt deiliskipulag

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breyttu deiliskipulagi við Skjólbraut 11. Í breytingunni felst að í stað einlyfts einbýlishúss með risi eins og gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir, verði reist á lóðinni tvílyft fjölbýlishús. Tvö bílastæði verða á hverja íbúð, átta í heildina. Er það aukning um fjögur stæði miðað við gildandi deiliskipulag. Fyrirhugað heildarbyggingarmagn á lóðinni verður skv. tillögunni 573,2 m² og nýtingarhlutfall 0,58. Í tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir að núverandi bygging á lóðinni, einbýlishús alls 136 m² að stærð og byggt árið 1945, verði fjarlægð. Uppdrættir í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 15. maí 2017.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á skipulags- og byggingardeild Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00, frá og með 23. júní 2017. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 8. ágúst 2017.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

LEITUM AÐ VANDVIRKUM OG METNAÐARFULLUM PRENTARA

Svansprent ehf óskar eftir að ráða offsetprentara til starfa. Unnið er á Heidelberg vélar.

Svansprent hefur verið starfrækt í hartnær hálfa öld og skapað sér gott orð fyrir vandaða prentþjónustu. Vinnuaðstaða er til fyrirmyndar og starfsandi góður.

Umsóknir sendist á jonsvan@svansprent.is Fullum trúnaði heitið.



SVANSPRENT

Audbrekka 12 | 200 Kópavogur | Sími 510 2700
www.svansprent.is | svansprent@svansprent.is

Svansprent með umhverfisstærkt

Fasteignir



535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is



VÍKURHVARF 1 - KÓPAVOGI

ATVINNUHÚSNÆÐI

FJÖLNOTAHÚS- TIL LEIGU- 4500 M²

Erum með í einkaleigumeðferð tvö góð rými á götuhæð í þessu nýlega og glæsilega atvinnuhúsnæði. Um er að ræða stærstan hluta af götuhæð hússins. Húsið stendur á áberandi stað á horni við Víkurhvarf og er mikil umferð framhjá eigninni. Auglýsingargildi eignarinnar er mjög mikið. Stutt í alla aðra þjónustu og stofnbrautir. Greið aðkoma og fjöldi bílastæða. A.T.H. EKKI VSK HÚS.

STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON
Sölustjóri, Hdl. löggiltur fasteignasali
og Löggiltur leigumíðlari
Sími: 895-2049 eða
á stefan@stakfell.is



GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

1. Óvenjulega stór verslunar- og þjónustusalur með mikilli lofthæð, frontum og vörudryrum. Útleigustærð þessa rýmis er um 4100 fm. Miklir möguleikar fyrir stór og öflug fyrirtæki að starfrækja höfuðstöðvar, verslun, lager, iðnað, verkstæði og fl. Afmörkuð eru um 60 sér bílastæði fyrir framan plássíð.

2. Flott verslunar og skrifstofupláss á götuhæð á horni hússins sem gæti hentað undir verslun, skrifstofur, veitingahúss og fl. Góð aðkoma og mikill sýnileiki. Útleigustærð er um 400 fm.



Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali
og leigumíðlari
867-3040



Guðbjörg Matthíasd.
hdl. Sölufulltrúi.
S: 899-3884

Bjarkardalur 33 - 260 Reykjanesbær

Opið hús í dag kl. 17:00 – 17:30



Góð 98,9fm. 3ja herb. endaíbúð með séringgangi á jarðhæð í nýlegu fjölbýli. Rúmgóð herbergi með góðum skápum. Útgengt út á einkaverönd frá hjónaherbergi. Stofa og eldhús eru samliggjandi. Verð: 29.9 millj.

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is,
s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík



FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar Halgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elin D. Wyzomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Gisli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Mýrargata - Seljavegur



Mýrargata 27. Parhús - 188,4 fermetrar. Verð 99.900.000.- SELT

Mýrargata 29. Parhús - 188,4 fermetrar. Verð 99.900.000.-

Seljavegur 1A. Parhús - 191,3 fermetrar. Verð 104.900.000.-



Seljavegur 1B. Parhús - 193,8 fermetrar. Verð 104.900.000.- SELT

Byggingaraðili: Arwen Holdings ehf.

Arkitekt: Þorleifur Eggertsson

Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali, netfang: gtj@fastmark.is

Glæsileg nýbygging Einstakt tækifæri til að eignast sérbyli í miðborginni.



Sölusýning í dag 22. júní
frá kl. 17.00 – 18.00

Um er að ræða tvö parhús á þremur hæðum með
möguleika á sér íbúðum á jarðhæð.

- Eignarnar afhendast fullfrágengnar að utan sem innan en án innréttinga í eldhúsi.
- Afhending verður í júlí/ágúst 2017.
- Möguleiki er að útbúa aukaíbúð á jarðhæð parhúsanna.
- Stórar svalir eru til suðurs á öllum húsum.
- Aukin einangrun og aukin hljóðeinangrun á milli rýma.
- Prefalt gasfyllt gler í gluggum.
- Lóðir skilast með hellulögn með hitalögnum undir og grasflötum.
- Sér lóðir með hverju húsi afhendast einnig fullfrágengnar.

ráðum
ráðningarstofa


Ertu að leita að starfi?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

FRÉTTABLAÐIÐ

90%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup jan.-mars 2017.

Allt sem þú þarft ...





Sundlaugar okkar allra



Bergur Þorri Benjamínsson
formaður
Sjálfsbjargar
landssambands
hreyfihamlaðra

Fátt er notalegra en að skella sér í sundlaug staðarins og láta þreytuna líða úr sér og enda svo í heita pottinum. Ekki allir nýta sér þennan möguleika, aðrir nær daglega, og fer þetta eftir ákvörðun hvers og eins. En hjá stórum hópi einstaklinga er þetta ekki hluti af þeim ákvörðunum sem þeir takast á við í sínu daglega lífi, því sundlaug staðarins stendur þeim hreinlega ekki til boða – þar er þeim mætt með aðgengishindrun(um) sem gera það að verkum að sundlaugarferð fer aldrei á þeirra dagskrá.

Við erum að tala um hreyfihamlað fólk, en Sjálfsbjörg landsamband hreyfihamlaðra vinnur að bættu aðgengi fyrir alla hreyfihamlaða. Nú þegar tími sumarfría fer í hönd og sólin sendir okkur geisla sína er tilvalið að skella sér í sundlaugina og börnin vita fátt skemmtilegra. En sundlaugararnar eru bara ekki okkar allra. Hreyfihamlað fólk þarf t.d. að kanna fyrirfram hvort það yfirhöfuð kemst inn í sundlaugarbygginguna. eru þar kannski háar tröppur við innganginn? Og þegar inn er komið kemst hjólastóllinn inn í búningakleffann eða inn í sturtukleffann og er þar sturtustóll? Kannski kemst maður þarna í gegn, en er nú greið leið út að sundlauginni? Og hvernig fer ég ofan í laugina, er lyftustóll? Kemst ég svo í heita pottinn? Allt of margar spurningar sem flestir þurfa ekki að velta fyrir sér – leiðin er greið fyrir þá.

Nei, því miður eru allt of margar almenningssundlaugar ekki fyrir allan almenning og sem foreldri hef

ég þurft að sleppa því að fara með mínum börnum í sundlaugarferð því aðgengið hentar mínum ferðamáta ekki, hreyfihamlaður einstaklingur er ekki velkominn í allar okkar sundlaugar.

Ársverkefni Sjálfsbjargar landsambands hreyfihamlaðra í ár er að láta félaga okkar framkvæma einfalda notendaúttekt á sundlaugum í þeirra heimabyggð og er þema verkefnisins Sundlaugar okkar ALLRA! Félagar okkar mæta á staðinn og skrá hjá sér t.d. hvort við sundlaugina sé merkt stæði fatlaðra, er unnt að komast inn í anddyrið, er gott aðgengi inn í búningakleffana? Hvað með sturtuadstöðuna er hún aðgengileg, eru sérklefar ef fólk þarf liðsinni aðstodarfólks, er lyfta í boði til að komast ofan í laugina, í heita pottinn eða í gufubaðið? Fyrir okkar fólk eru þetta allt grundvallatriði sem stjórna því hvort við getum yfir höfuð farið í sundlaugarferð.

Sem betur fer erum við að sjá breytingar til hins betra í sundlaugum landsins og bara nú í vor hafa komið fréttir af t.d. nýjum lyftum fyrir fatlaða í nokkrum sundlaugum eins og í Ásvallalaug í Hafnarfirði þar sem í vor var vígð mjög fullkomin lyfta svo hreyfihamlaðir komist í laugina og sundlaug Egilsstaða vígði nýlega nýja sundlaugarlyftu sem Soroptimistaklúbbur Austurlands safnaði fyrir. Þá vitum við að verið er að endurgera fjölda sundlauga og vonandi hefur aðgengið verið þar ofarlega á blaði.

Sjálfsbjörg lsh. biður landsmenn að veita því athygli í næstu sundlaugarferð hvort aðgengismál þar eru í lagi. Endilega látið okkur vita ef svo er ekki og ekki sakaði að koma einnig athugasemdum til forsvarsmanna sveitarfélagsins um það hvað betur mætti fara. Það má líka hrósa þeim sem standa vel að þessum málum. Þetta er ekki og á ekki að vera einkamál hreyfihamlaðs fólks – sundlaugar landsins eiga eðlilega að vera okkar allra!

Fullyrðingar ráðherra um kjör öryrkja standast ekki skoðun



Ellen Calmon
formaður ÖBÍ



Sigríður Hanna Ingólfssdóttir
félagsráðgjafi og starfsmaður mál-efnahóps ÖBÍ um kjaramál

Í umræðum á Alþingi 16. maí sl. um aðgerðir gegn fátækt kom Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra, með tvær fullyrðingar um kjör örorkulífeyrisþega, sem því miður verða að teljast rangfærslur.

Hann hélt því fram að kaupmáttur lægstu launa hefði aukist umfram almennan kaupmátt og að kaupmáttur örorkulífeyris hefði að sama skapi fylgt lægstu launum að undanförnu. Þetta er því miður ekki rétt hvað varðar þróun lífeyris almennatrygginga, eins og fram kemur meðal annars í umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) við fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2018-2022. ÖBÍ fékk Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að reikna út kaupmátt lágmarkslauna (lágmarkstekjutryggingu í dagvinnu) og kaupmátt óskerts örorkulífeyris. Með óskertum örorkulífeyri er átt við heildarupphæð greiðslna til einstaklings sem hefur engar, eða lágur tekjur, annars staðar frá.


Eins og sjá má á myndinni er verulegur munur á þróun kaupmáttar lágmarkslauna annars vegar og lífeyris til örorkulífeyrisþega hins vegar, hvort heldur horft er til óskerts örorkulífeyris eða miðgildis heildartekna. Það er langt frá því að kaupmáttur þessara tekna hafi fylgst að eins og ráðherra heldur fram.

Öfugt við lágmarkslaun hefur kaupmáttur örorkulífeyris rýrnað flest árin og hefur lítið breyst. Þá má geta þess að lágmarkslaun á vinnumarkaði eru einnig alltof lág en lág laun leiða frekar til örorku. Ef fólk þarf að leggja stund á fleira en eitt starf til að eiga í sig og á getur slíkt álag í lengri tíma leitt til örorku.

Í sömu umræðu hélt félags- og jafnréttisráðherra eftirfarandi fram: „Markmiðið er að um næstu áramót hækkji lágmarksfjárhæðir eða lágmarkstekjutryggingar bæði ellilífeyris og örorkulífeyris í 300

Próun kaupmáttar – samanburður

■ Óskertur lífeyrir
■ Lágmarkslaun
■ Miðgildi heildartekna örorkulífeyrisþega



Ekki er ljóst hvað ráðherra á við um lágmarksfjárhæðir eða lágmarkstekjutryggingu. Það er í raun enga lágmarksfjárhæð eða lágmarkstekjutryggingu að finna í almennatryggingakerfinu. Stækkandi hópur lífeyrisþega er með heildartekjur undir framfærsluviðmiði/óskertum lífeyri almennatrygginga.

þúsund krónur eins og lágmarkslaun á vinnumarkaði.“

Í fjármálaáætlun 2018-2022 er áætlað að hækkun lífeyris almennatrygginga verði einungis á bilinu 3,1% til 4,8% á tímabilinu (árin 2018-2022). Ef hærri prósentutala (4,8%) er tekin, mun óskertur örorku- og endurhæfingarlífeyrir hækka í 238.821 kr. á mánuði í byrjun árs 2018. Það er nokkuð langt frá 300 þúsund krónum. Það væri skref í rétta átt ef óskertur örorkulífeyrir yrði hækkaður um rúmar 72 þúsund krónur á mánuði fyrir skatt í stað þess að hækka um á bilinu 7 til þoplega 11 þúsund krónur á mánuði fyrir skatt, eins og fjármálaætlunin gerir ráð fyrir.

Ekki er ljóst hvað ráðherra á við um lágmarksfjárhæðir eða lágmarkstekjutryggingu. Það er í raun enga lágmarksfjárhæð eða lágmarkstekjutryggingu að finna í almennatryggingakerfinu. Stækkandi hópur lífeyrisþega er með heildartekjur undir framfærsluviðmiði/óskertum lífeyri almennatrygginga. Eins og fram kemur í svari félags- og jafnréttismálaráðherra á Alþingi 27. febrúar síðastliðinn voru til að mynda 50 lífeyrisþegar með heildartekjur undir 80 þúsund krónum á mánuði í nóvember 2016. Það verður að teljast sérkennilegt að í umræðu um aðgerðir gegn fátækt hafi ekki verið minnst á þennan stækkandi hóp lífeyrisþega.

Blautur sandur á sakavottorðið



Daniel Þórarinnsson
skógarbóndi

Á Íslandi er sandur eða mól eða mold víðast auðfengin, sérstaklega ef þú getur sjálfur séð um flutninginn. Oftast þarf að greiða eitthvað fyrir en sjaldnast þannig að dyrt þyki. Mig vantaði sand um daginn og fór að sækja hann hjá bónda sem á land að Hvítá í Borgarfirði. Vatnshæð í ánni fylgir sjávarföllum og því hægt að sækja sand niður í voginn þegar fellur úr honum. Það var auðsött að fá sandinn og bóndinn tók lítið fyrir ómakid að moka á kerruna mína. Ég á myndarlega tveggja hásinga kerru, sem má bera 2.400

kg, og við reyndum að áætla hvenær passlega væri hlaðin kerran.

Ég ók svo af stað og fann þá að hlassið væri sennilega vívið þyngra en við töldum vegna þess hvað sandurinn var blautur. Átti þó ekki von á að það skipti neinu stórmáli. Það var ekki langt, sem ég þurfti að keyra, bíll og kerra virtust ráða bærliga við þetta og ég átti ekki von á neinum vandkvæðum. En þar hafði ég rangt fyrir mér, það var nefnilega þarna sem ég varð glæpamaður.

Rétt áður en ég komst á áfangastað sá ég blá ljós fyrir aftan mig á veginum og hugsaði með mér að eitthvað hlyti að hafa komið fyrir ofar í dalnum. Svo var þó ekki, vegalögreglan vildi ræða við mig og vigta kerruna. Ég sagði það sjálfsagt og átti ekki von á að það hefði alvarleg eftirköst þó að ég væri með eitthvað umfram leyfilegt magn af sandi á kerrunni. Hafði að visu heyrt að þungaflytningabílar væru

stundum sektaðir fyrir of þungan farm. Til að gera langa sögu stutta kom í ljós að ég var með 600 kg of mikið á framhásingu kerrunnar, sem má bera 1.750 kg. Við þessu eru sektar ákvæði, sem miðast að vísu ekki við þungann, sem er umfram, heldur hve mörg prósent umfráþunginn er. Þetta var 34% umfram hjá mér og við því er sekt upp á kr. 160.000. Það samsvarar 270 krónum á hvert kíló af sandinum. Mér var öllum lokið, en þetta átti eftir að versna. Sektir yfir kr. 100.000 eru settar á sakavottorð manna. Ég var því orðinn afbrotamaður með óhreint sakavottorð. Hvernig getur það staðist að einstaklingur lenti í slíkum hremmingum í íslenska réttarkerfinu? Að sækja sér sand í kerru hafi þessar afleiðingar og beri svo þung viðurlög? Er refsigleðin ekki helst til mikil? eru þær reglur, sem lögreglan þarf að fara eftir, ekki hröplega öréttlátar?

**Skemmtanir
Árshátíðir
Grímuböll
Dimmisjón
ofl. & ofl.**

**Ykkar skemmtun....
....okkar fókus**

**HOKUS
POKUS**

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Nýr Landspítali og „borgarlína“



Guðjón Sigurbjartsson viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri Samtaka um betri spítala á betri stað

Fyrsti áfangi „Borgarlínunnar“ sem er til skoðunar hjá Sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) er áætlaður kosta 44-72 milljarða kr. Óska sveitarfélögin eftir 25-30 milljarða kr. ríkisframlagi til ársins 2022.

Annað mál en þessu tengt er að samgönguráðherra telur að setja þurfi um 100 milljarða kr. í styrkingu stofnbrauta út frá höfuðborgarsvæðinu á næstu árum að Sundabraut meðtalinni. Samtals eru þetta hátt í 200 milljarðar króna af viðbótarfé sem þyrfti að setja í samgöngubætur í og út frá höfuðborginni.

Tugi ef ekki hundruð milljarða kr. vantar í heilbrigðismál og fleiri málaflokka ríkisins enda staldra margir við fjármálaáætlun ríkissjóðs 2018-2022 sem sýnir að svigrúmið er lítið.

„Innviðagjald“ og vegatollar hafa verið nefndir sem möguleg lausn en ofangreind fjárvöntun næst ekki



Það mun taka um 20 ár að ljúka framkvæmdum við Hringbraut ef endurgerð gömlu bygginganna er tekin með. Bygging á nýjum stað þarf ekki að taka nema um 10 ár með undirbúnings-tíma. Það munar um minna.

nema með stóru auknum viðbótar-tekjum hins opinbera sem ekki munu nást nema með stóru aukinni þjódarframleiðslu á mann. Hún þarf í raun að vaxa um 50% og verða um 30% meiri en hjá helstu þjóðum sem við berum okkur saman við, svo við náum að vege upp óhagkvæmni fámennisins á tiltölulega stórrí norðlægri eyju, þó íseyan sé að mörgu leyti ágæt.

En það er til hagkvæm lausn á hluta vandans. Hún er sú að byggja nýja Landspítalann á betri stað nær fólkinu austar á höfuðborgarsvæðinu, sem er um 100 milljörðum kr. hagkvæmara en að byggja við Hringbraut. Hagkvæmni liggur meðal annars í verðmæti lóðarinnar við Hringbraut, lægri fjárfestingu í samgöngum og lægri ferðakostnaði notenda spítalans vegna styttri ferða þegar spítalinn kemur nær framtíðar þungamiðju byggðarinnar.

Sameining LSH við Hringbraut er áformuð með nýjum meðferðarkjarna árið 2023 og endurbyggingu gömlu húsanna í framhaldi af því. Við það mun umferð í nálægum götum aukast um 10-12% samkvæmt umferðarspám. Ferðir til og frá spítalanum áætlast um 18.000 á sólarhring eftir sameiningu, þar af 100 til 200 sjúkrahúsnar. Gatnakerfið í nágrenni Hringbrautar er þegar sprungið og með þessari aukningu mun ástandið verða algerlega óviðunandi. Með því að byggja nýjan Landspítala austar á höfuðborgarsvæðinu, til dæmis við Víflsstaði, í landi Keldna eða við voga Ellidaáanna, mætti hins vegar létta á umferðinni á Hringbrautarsvæðinu sem nemur um 15%. Spítalinn verður sem sagt ábyrgur fyrir um 25% umferðar í nágrenni sínu ef hann verður byggður upp við Hringbraut.

Hugmynd borgaryfirvalda sem ótrúlegt nokk fylgja uppbyggingu

LSH við Hringbraut þrátt fyrir samgönguvandann og þrátt fyrir áherslu á þéttingu byggðar og fleira, er að leysa málið með „borgarlínu“, setja Miklubraut í stökk og byggja Óskjuhlíðargöng. Samtals kostar þessi styrking samgöngukerfisins yfir 100 milljarða kr. til viðbótar áður nefndri þörf fyrir stofnbrautir út frá höfuðborgarsvæðinu.

Í stað spítalans við Hringbraut kæmi blönduð íbúðabygging og hótél sem myndi jafna umferðarlagið og

stórfelld styrking samgöngumannvirkja mætti sleppa eða að minnsta kosti biða allmörg ár, sem léttir útgjaldapressu af ríkissjóði.

Hagkvæmni sameiningar ofmetin

Það verður hvort sem er ekki hægt að leggja niður Fossvogsspítala þegar meðferðarkjarninn kemur við Hringbraut eins og var ein af forsendunum. Eftirspurnaraukning eftir sjúkrahússþjónustu er um 1,7%


á ári og spítalinn er þegar yfirfullur. Hagkvæmni sameiningar við Hringbraut er því ofmetin upp á um þrjú milljarða kr. á ári sem gerir um sextíu milljarða kr. á núvirði.

Ef hins vegar byrjað verður upp á nýtt á heppilegu svæði má byggja stærri spítala tiltölulega hratt og vege upp nýjan undirbúnings-tíma. Það mun taka um tuttugu ár að ljúka framkvæmdum við Hringbraut ef endurgerð gömlu bygginganna er tekin með. Bygging á nýjum stað

þarf ekki að taka nema um tíu ár með undirbúnings-tíma.

Í fjármálaáætlun ríkissjóðs 2018-2022 eru teknir til hliðar um 50 milljarðar króna til byggingar nýs meðferðarkjarna LSH við Hringbraut, sem eins og hér hefur verið rakið er vanhugsuð framkvæmd. Notum þetta fé í að efla heilbrigðis-kerfið, styrkja samgöngur og annað brýnt og undirbúum byggingu nýs Landspítala á nýjum stað betur. Byggingum hann svo á fimm árum.

Fullkomnar í fríið



Nýjasti atvinnumaðurinn sýndi hvers hann er megnugur



Alvöru frammistaða Tryggvi Snær Hlinason, sem skrifaði á dögnum undir fjögurra ára samning við Spánarmeistara Valencia, átti mjög góðan leik þegar íslenska landsliðið skipað leikmönnum 20 ára og yngri vann sigur á Finnum, 75-60, í lokaleik sínum á æfingamóti hér á landi. Tryggvi skoraði 17 stig í leiknum, tók 11 fráköst, gaf fimm stoðsendingar og varði fimm skot. Ísland vann tvo leiki á mótinu og tapaði einum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Millilending á ferli Arons Rafns

Landsliðsmarkvörðurinn Aron Rafn Eðvarðsson er kominn aftur heim úr atvinnumennsku á besta aldri. Hann samdi til tveggja ára við ÍBV en hugurinn stefnir síðan aftur út eftir þessa millilendingu í Eyjum.

HANDBOLTI „Enginn vina minna trúði mér er ég sagðist vera að koma heim. Þeir sögðust ekki trúa því fyrr en þeir myndu lesa það á Vísi,“ segir landsliðsmarkvörðurinn Aron Rafn Eðvarðsson sem samdi til tveggja ára við ÍBV í gær.

Tíðindin komu mörgum á óvart enda er Aron Rafn aðeins 27 ára gamall og fram undan ættu að vera hans bestu ár í atvinnumennskunni. Hann er uppalinn í Haukum, fór svo til Guif í Svíþjóð og þaðan

til Álaborgar í Danmörku. Síðustu misseri hefur hann svo spilað með Bietigheim í Þýskalandi.

„Ég heyrði frá ÍBV er liðið datt úr úrslitakeppninni í apríl. Þá vorum við í Bietigheim í bullandi séns að komast upp. Ef við hefðum farið upp þá ætlaði ég klárlega að vera áfram. Það var mikið svekkelsi að komast ekki upp og þá var ég kominn með svolitinn leiða á handbolta en það kviknaði neisti aftur er ég kom til móts við landsliðið. Þá var

gaman á ný,“ segir Aron og bætir við að háttalag félaga sinna í þýska liðinu hafi verið afar sérstakt og engu líkara en þeir vildu ekki komast upp í úrvalsdeild.

Gott að endurstilla sig

„Ég er bara feginn að koma heim í tvö ár og endurstilla mig aðeins. Ég verð svo tilbúinn að fara út aftur. Ég er enn ungur og ekkert að því að koma aðeins heim. Ég hugsa þetta því sem millilendingu áður en ég fer aftur út. Ég hef ekki gefið atvinnumennskuna upp á bátinn. Þetta er sérstakt en ég er mjög ánægður með hvernig þetta endaði allt saman.“

Aron átti ár eftir af samningi sínum við þýska félagið en félagið samþykkti að rifta samningnum við markvörðinn án vandkvæða. Honum var því frjálst að semja við hvaða félag sem er.

„Það er líka gaman að Stephen Nielsen verði áfram í ÍBV. Úti var ég með ungan peyja með mér sem kom bara inn til að reyna við víti. Það skipti ekki máli hvernig ég spilaði þó svo ég spilaði heilt yfir mjög vel. Inn á milli komu slakir leikir en þjálfarinn beið bara eftir því að ég færi í gang. Ég fékk aldrei spark í rassinn og það verður gaman að spila með Stephen,“ segir Aron Rafn en hann ræddi ekki við nein önnur félög hér heima. Björgvin Páll Gústavsson var búinn að semja við hans gamla félag, Hauka, og þar eru fleiri góðir markverðir. Það var því lítið fyrir Aron að gera þar.

„Þeir eru með hörkumarkmenn. Ég hugsa ég fái samt símtal fljótlega frá Þorgeiri Haraldssyni, formanni

Ég hugsa þetta sem millilendingu áður en ég fer aftur út. Ég hef ekki gefið atvinnumennskuna upp á bátinn.

Aron Rafn Eðvarðsson



handknattleiksdeildar Hauka. Hann vill aldrei missa sína menn.“

Aron stefnir að því að flytja til Eyja seinnipartinn í næsta mánuði og er spennur fyrir því að búa í Eyjum.

„Ég hlakka til eftir ferðalagið í Evrópu. Ég held að sé fint að vera þar. Ég hef eingöngu komið þangað á Þjóðhátíð og íþróttamót. Við byrjum að æfa í lok júlí og þá verð ég hafa komið mér fyrir,“ segir markvörðurinn stóri en hann er enn eitt stóra nafnið sem kemur heim fyrir næstu leiktíð og óhætt að segja að deildin hafi ekki verið eins sterk í fjöldamörgum árum.

„Það er ein af ástæðunum fyrir því að ég var til í að koma heim. Maður les nánast í hverri viku um einhvern sem er að koma heim. Þetta er virkilega spennandi og ég held að deildin eigi eftir að verða hrikalega skemmtileg. Það verður gaman að taka þátt í því. Þetta verður geggi- að.“ henry@frettabladid.is

PEDERSEN AFTUR TIL VALS

Toppliði Vals í Pepsi-deild karla hefur borist mikill liðsstyrkur en danski framherjinn Patrick Pedersen hefur skrifað undir þriggja ára samning við Hlíðarendafélagið. Pedersen, sem er 25 ára, þekkir vel til hjá Val en hann lék 47 leiki með liðinu á árunum 2013-15 og skoraði 28 mörk. Sumarið 2015 skoraði Pedersen 13 mörk fyrir Val í Pepsi-deildinni og fékk gullskóinn. Sama sumar varð hann bikarmeistari með Val. Pedersen getur byrjað að spila með Val þegar félagaskiptagluggin opnast um miðjan júlí.



ATLI ÆVAR EFTIRSÓTTUR

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er línumaðurinn Atli Ævar Ingólfsson á heimleið. Atli, sem er 29 ára, hefur spilað erlendis síðan 2012, fyrst í Danmörku og svo í Svíþjóð þar sem hann lék með Eskilstuna Guif og Sævehof. Atli var valinn í úrvalslið sænsku deildarinnar á þarsíðasta tímabili. Atli er uppalinn hjá Þór en gekk í raðir HK 2009 og varð Íslandsmeistari með liðinu þremur árum síðar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa ÍBV og Selfoss mikinn áhuga á að klófesta þennan öflugan línumann sem hefur leikið níu A-landsleiki. Þráinn Orri Jónsson, línumaður Gróttu, ku einnig vera eftirsóttur af sterkustu liðum deildarinnar.



Haha litla Olís-veislan næsta vetur. Frábært fyrir deildina að fá Snorra, Árna Þór, Aron Rafn, Bjögga og Bjögga, Bjarka Má, Magnús Óla o.fl.

Ásgeir Jónsson @sonurjons

SNORRI STEINN Á HEIMLEIÐ

Snorri Steinn Guðjónsson verður spilandi þjálfari Íslands- og bikarmeistara Vals á næsta tímabili samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hvort Óskar Bjarni Óskarsson og Guðlaugur Arnarson verði báðir áfram í þjálfarateymi Vals hefur ekki fengist staðfest. Þá er skyttan öflugur Árni Þór Sigtryggsson einnig á leiðinni á Hlíðarenda en hann hefur leikið sem atvinnumaður í Þýskalandi síðan 2010. Valsmenn hafa ekki staðfest félagaskiptin og halda spilunum enn þétt að sér. Búist er við að tilkynnt verði um komu Snorra Steins og Árna á blaðamannafundi í júnílok þegar Snorri Steinn kemur heim frá Frakklandi þar sem hann hefur leikið undanfarin þrjú ár.



Í dag

19.30 Travelers Champ.Golfstöðin

Inkasso-deildin
19.15 HK - ÍR
19.15 Fram - Gróttu



Nýjar vörur frá
ENDURANCE

Útsöluaðilar:

Útilíf - Kringlunni - Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum

Dreifingaraðili: DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á dansport.is

OPNUNARTILBOÐ Í GLÆSIBÆ*

PEPSI
PEPSI MAX
499 KR. PK.
4x 2L



ICELAND PIZZUR
DEEP PAN OG THIN & CRISPY
299 KR. STK.



COKE OG
COKE ZERO
129 KR. STK.
1L



ICELAND
HEILHVÆTISAMLOKUBRAUÐ
199 KR. STK.



BEN & JERRY'S
ALLAR TEG.
499 KR. PK.
500ml



ICELAND
MEAL FOR ONE
LASAGNE, CHICKEN, BEEF
299 KR. PK.



COKE
COKE ZERO
599 KR. PK.
4x 2L



APPELSÍN, PEPSI,
PEPSI MAX
69 KR. STK.
500ML

Ný verslun í Glæsibæ.
Grill frá 14-17 í dag,
allir velkomnir.
Pylsur og gos í boði

HOLTA KJÖRFUGL
HEILL
599 KR. KG.



KJARNAFÆÐI
GRISAKÓTILETTUR
BRASILIA
1099 KR. KG.



LAY'S
SALTED, SOUR CREAM, BBQ
149 KR. PK.
175g



FJALLALAMB
LAMBALÆRI
999 KR. KG.



ALI KÓTILETTUR
KRYDDAÐAR
1199 KR. KG.



SPARE RIBS
STJÖRNUGRIS
899 KR. KG.



HOLTA KJÖRFUGL
LEGGIR
599 KR. KG.



ALI GRISALUNDIR
1399 KR. KG.



KJARNAFÆÐI
LAMBALÆRISSEIÐAR
VILLIKRYDDAÐAR
1399 KR. KG.



50%
AFSLÁTTUR Í NAMMILANDI
FIMMTUDAG, FÖSTUDAG,
LAUGARDAG OG SUNNUDAG



Netgíró
Betri leið til að borga



Iceland

OPÍÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA, VESTURBERGI,
ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ

* Tilboðin gilda eingöngu í Iceland Glæsibæ

SPORT

pepsi®

deildin 2017

VINNUR ÞÚ MIÐA Á LEIKINN?

500 ÁSKRIFENDUR
SPORTPAKKANS HAFNA NÚ ÞEGAR
UNNIÐ MIÐA FYRIR 2 Á VÖLLINN.

VERÐUR ÞÚ Í HÓPI ÞEIRRA
HEPPNU Í NÆSTU UMFERÐ?

LAUGARDAGUR 24. JÚNÍ 2017



KL. 16:00



AKUREYRARVÖLLUR

SUNNUDAGUR 25. JÚNÍ 2017



KL. 17:00



HÁSTEINSVÖLLUR

MÁNUDAGUR 26. JÚNÍ 2017



KL. 19:15



KÓPAVOGSVÖLLUR

Tryggðu þér
áskrift á aðeins
399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði



SÍMI 1817 365.IS 365

*miðað við 12 mánaða bindingu



Sandra Stephany Mayor Gutierrez er besti leikmaður fyrstu níu umferða Pepsi-deildar kvenna að mati Fréttablaðsins.

Yfirburðirnir óvæntir

Sigurganga Þórs/KA í Pepsi-deild kvenna hefur komið sparkspekingum að óvör-
um en norðanstúlkur eru með fullt hús stiga að loknum fyrri hluta tímabilsins.

FÓTBOLTI Þór/KA trónir heldur óvænt á toppi Pepsi-deildar kvenna með fullt hús stiga, nú þegar fyrri umferð tímabilsins er lokið og mótið því hálfnað. Liðið er með sex stiga forystu á Breiðablik og því langur vegur frá því að annar titill í sögu félagsins sé tryggður.

„Ég átti von á Þór/KA í toppbaráttu en ekki í svona afgerandi forystu. Þetta minnir mig á Íslandsmótið þegar ég var að spila,“ segir Helena Ólafsdóttir, þjálfari ÍA og sérfræðingur 365 um Pepsi-deild kvenna.

Fréttablaðið gerir nú upp fyrri hluta mótsins og tilnefnir lið umferðarinnar, besta þjálfarann, efnilegasta leikmanninn og þann besta – sem er Sandra Stephany Mayor Gutierrez hjá Þór/KA.

„Hún og allir útendingarnir hjá Þór/KA eru stórkostlegir en þeir gera líka leikmennina í kringum sig betri,“ segir Helena um Söndru Stephany og samherja hennar í Þór/KA.

Þita litlu liðin frá sér?

Þór/KA byrjaði sumarið á því að leggja Val að velli en Valskonum hafði skömmu áður verið spáð titlinum. Sigur á Breiðabliki, sem er nú í öðru sæti, fylgdi svo í kjölfarið.

„Mótið spilaðist vel fyrir þær því með þessum tveimur sigrum þá var komin trú í liðið. Sú trú hefur bara eflst eftir því sem liðið hefur á sumarið,“ segir Helena og vonar auðvitað til þess að síðari hluti mótsins verði spennandi.

„Þó svo að það sé ljótt að segja það átti ég von á að FH myndi taka fyrstu stiginn af Þór/KA í sumar. Það gerðist síðasta sumar að liðin í neðri hlutanum fóru að þita frá sér og ef það gerist aftur þá gætum við fengið meiri spennu í mótið.“

Missir liðið fótanna?

Helena bendir á að öll önnur lið í toppbaráttunni séu nokkurn veginn á pari miðað við það sem reiknað var með. Þór/KA hafi hins vegar farið langt fram úr væntingum.

Næstu tveir leikir Akureyringa verða við Val og Breiðablik en að þeim loknum verður hlé gert á deildinni vegna EM í Hollandi.

„Þessir leikir hafa mjög mikið að segja og maður veit ekki hvað gerist ef Þór/KA tapar leik. Missir liðið þá fótanna?“ spyr Helena.

Valur tekur á móti Þór/KA á þriðjudagskvöld í næstu viku, en þá hefst 10. umferðin með fjórum leikjum. eirikur@frettabladid.is

Úrvalslið fyrri umferðarinnar



Úrvalslið fyrri umferðarinnar er skipað fimm leikmönnum frá toppliði Þórs/KA. Breiðablik og Stjarnan eiga tvo fulltrúa hvort, FH og ÍBV einn.

Besti þjálfarinn

Halldór Jón Sigurðsson, þjálfari Þórs/KA, er besti þjálfari fyrstu níu umferðanna í Pepsi-deild kvenna að mati Fréttablaðsins enda lið hans með fullt hús stiga á toppi deildarinnar.

Donni, eins og hann er kallaður, tók við liðinu fyrir þetta tímabil og fer því frábærlega af stað. Hann hefur verið óhræddur við að koma með stórar yfirlýsingar eftir leiki í sumar og stefnir á að vinna alla leiki í sumar.

„Hann hleður trú í sína leikmenn. Þær trúa einfaldlega því sem hann segir og þess vegna trúir maður því sjálfur að þær geti unnið alla leiki í sumar,“ segir Helena Ólafsdóttir.

Donni koma mörgum á óvart með því að stilla upp í þriggja manna varnarlinu í upphafi móts og hefur hann haldið tryggð við sitt leikkerfi, enda ekki ástæða til annars. Þór/KA hefur aðeins fengið á sig þrjú mörk í níu deildarleikjum í sumar.

Besti ungi leikmaðurinn

Agla María Albertsdóttir er sautján ára og hefur átt frábært sumar, ekki bara með Stjörnunni heldur einnig íslenska landsliðinu þar sem hún hefur fengið stór tækifæri í ár.

„Það er stórkostlegt að fylgjast með henni. Hún átti til dæmis frábæran landsleik gegn Brasilíu og reiknaði maður með að eftir slíka frammistöðu myndi ungur leikmaður og hún slaka aðeins á en það er ekki að sjá á henni. Hún heldur bara áfram,“ segir Helena Ólafsdóttir.

Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari Íslands, mun í dag tilkynna leikmannahóp sinn fyrir EM í Hollandi og reiknar Helena með því að Agla María verði þar á sínum stað.

„Ég held að hún sé að fara til Hollands og að hún verði þar með stórt hlutverk“



SAMSUNG

Gæðavörur frá traustum framleiðanda



Kælikápur 202cm
RB36J8035SR

Stál. Heildarrými: 357 lítrar.
Kæliými: 247 lítrar. Frystirými:
110 lítrar. Mál B-H-D í mm:
595 x 2017 x 597

Verð: 149.900,-



Tvöfaldur Kælikápur
RS7567THCSR

Stál. Heildarrými: 532 lítrar. Kæliými:
361 lítrar. Frystirými: 171 lítrar. Twin
Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál
B-H-D í mm: 912 x 1789 x 754.

Verð: 199.900,-



Tvöfaldur Kælikápur
RH56J6917SL

Stál. Heildarrými: 555 lítrar. Kæliými: 376 lítrar.
Frystirými: 179 lítrar. Klakavél. Twin Cooling,
aðskilin kælikerfi.
Mál B-H-D í mm: 912 x 1794 x 732.

Verð: 279.900,-



Tvöfaldur Kælikápur
RFG23UERS1

Stál. Heildarrými: 520 lítrar. Kæliými: 396 lítrar.
Frystirými: 124 lítrar. Twin Cooling, aðskilin
kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm:
908 x 1774 x 774.

Verð: 289.900,-



WF70 Þvottavél

7 KG. 1400 SN.
Eco Bubble

Verð 59.900,-



DV70 Þurrkari

7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.

Verð 96.900,-

Við seljum eingöngu
SAMSUNG
með kolalausum mótör
með 10 ára ábyrgð

ecobubble
TECHNOLOGY

**HVAÐ ER
ECO BUBBLE?**
Leysir upp þvottaduft
undir þrýstingi og
myndar kvoðu,
svo duftið leysist upp
á um það bil 15 mín,
í stað 30-40 ella.



WW80 Þvottavél

8 KG. 1600 SN.
Eco Bubble

Verð 89.900,-



DV80 Þurrkari

8 kg barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.

Verð 119.900,-

Uppþvottavél í sérflokkki með Waterwall tækni



Einnig fánleg til innbyggingar

Verð 134.900,-



Framhlið úr burstuðu stáli / Stillingar ofan á hurð, blár litur / Tekur 14 manna stell / 7 þvottakerfi / Startímaseinkun / Orkunýtni A++ / Orkunotkun á ári (kWst) : 266 / Hjóðlát aðeins 41db / Stíllanleg efrigrind / Grind efst fyrir hnifapör með sérstökum "FLEX" bakka / 2 þvottaarmar + "WATERWALL" / Stærð (h x b x dj): 817 x 598 x 575 mm

Örbylgjuofnar af betri gerðinni

SAMSUNG MS23-F301EAS



800w

Örbylgjuofn
Keramík-emeleraður að innan
Verð kr. 18.900,-

SAMSUNG MS28J5255UB



1000w

Örbylgjuofn
Keramík-emeleraður að innan
Verð kr. 27.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG
S E T R I Ð

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
---	---	---	---	---	--	--	---	---	--	---	---	---

TÍMAMÓT



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Karólína Stefánsdóttir

Munkaþverárstræti 24, Akureyri,

lést föstudaginn 16. júní á gjörgæsludeild Sjúkrahúss Akureyrar.

Útför Karólinu fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 26. júní kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Hollvínasamtök Sjúkrahúss Akureyrar.

Karl Franklín Magnússon

Halldór Guðmann Karlsson

Valborg Stefania Karlsdóttir

Sigurros Margrét Karlsdóttir

Þórhalla Franklín Karlsdóttir

Karl Franklín Kristinsson

Hinrik Máni Jóhannesson

Rúnar Helgi Óskarsson

Anna Signý Magnúsdóttir

og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Elínborg Salóme Jónsdóttir

húsgagnabólstrari,

lést á heimili sínu aðfaranótt 20. júní. Jarðarför fer fram í Bústaðakirkju mánudaginn 26. júní kl. 13.00.

Blóm eru vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið og Ljósið.

Hilmar B. Þórarinnsson

Harpa Björk Hilmarsdóttir

Birkir Freyr Hilmarsson

Hlynur Snær Hilmarsson

Birta Marín Ingólfsdóttir

Anita Sól Ingólfsdóttir

Sölvi Hrafn Fannarsson

Ingólfur Steinar Pálsson

Árný Guðjónsdóttir

Laufleitt miðnæturmessu

Séra Bára Friðriksdóttir leiðir messu í Útskálakirkju um miðnætti annað kvöld, hvar gítarspil og söngur ráða ferðinni í bland við stórbrotið sólarlag sem einkennir Garðskagann.



Séra Bára fyrir altari. Annað kvöld verður hún með gítarinn með sér.

Við verðum með laufleitta miðnæturmessu sem hefst klukkan hálf tólf annað kvöld. Það er árviss hefð á sólstöðu-hátíð í Garðinum,“ segir séra Bára Friðriksdóttir prestur á Útskálum. Hún segir einstaka stemningu skapast þegar messað sé á þessum tíma. Sjálf hefur hún stjórnað tveimur slíkum síðan hún tók við embættinu, spilað á gítar og leitt almennan söng. „Alltaf er eitthvað töfrandi við Jónsmessunótt og það finn ég jafnan á gestum,“ segir hún og upplýsir að í söngskránni séu bæði sálmur og sumarljóð, meira að segja fótboltalag. „Ég vona að það verði tekið vel undir. Hugsanlega verður líka leyninúmer,“ segir hún dularfull.

Bára telur umhverfi Útskálakirkju einstakt. Lítil, falleg tjörn niður við sjóinn og yndisleg náttúra allt um kring, þannig að fuglasöngur og önnur náttúruhljóð blandist söngnum í kirkjunni. „Svo er útsýni óviðjafnanlegt til

Alltaf er eitthvað töfrandi við Jónsmessunótt og það finn ég jafnan á gestum.

Snæfellsjökuls þegar vel viðrar og við viljum meina að sólsetrið sé hvergi fegurra,“ bætir hún við.

Aðspurð segist Bára ekki eiga von á að gestir taki til við að velta sér upp úr dögginu að lokinni messu á Jónsmessunótt. Þó sé ekki útilokað að slíkt gerist en hún ætli ekki að taka ábyrgð á þeirri athöfn.

gun@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þóra Ingibjörg Kristjánsdóttir

Dídi

Kirkjuteigi 25,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 2 föstudaginn 16. júní. Útför hennar verður auglýst síðar.

Kristín Júlíusdóttir

Júlíus Þór Júlíusson

Hilmar Andrésson

Viktória Dagbjartsdóttir

barnabörn og langömmubörn.



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Hulda Sveinsdóttir

áður til heimilis að Jakaseli 25,

lést í Seljahlíð, heimili aldriðra Reykjavík, 19. júní. Útförin fer fram í Bústaðakirkju, föstudaginn 23. júní klukkan 13.00.

Einar Þór Þórsson

Ólafur Stefánsson

Anna Karlsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Kær mágkona og frænka,

Ásthildur Tómasdóttir

Laufvangi 8, Hafnarfirði,

lést fimmtudaginn 8. júní á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 23. júní klukkan 13.

Aðstandendur



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Ólafsson

Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, föstudaginn 16. júní. Útförin fer fram frá Akranesirkirkju þriðjudaginn 27. júní kl. 13. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili.

Ólafur Frimann Sigurðsson

Margrét Sólveig Sigurðardóttir

Emelía Petra Sigurðardóttir

Ólína Ása Sigurðardóttir

Anna Jakobsdóttir

Friðrik Ottó Ragnarsson

Ragnar Már Sveinsson

og afabörn.



Innilegar þakkir fyrir hlýhug, blóm og kveðjur við andlát og útför hjartkærrar móður okkar og tengdamóður,

Ragnheiðar Árnadóttir

Kærar þakkir til starfsfólks Landakots og Droplaugarstaða fyrir góða umönnun.

Árni Ísaksson

Jón Ísaksson

Bryndis Ísaksdóttir

Ragnheiður Ísaksdóttir

Ásta Guðrún Sigurðardóttir

Guðrún Jóhannesdóttir

Jón Torfi Jónasson

Róbert A. Darling



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Steinunn Ragnheiður Árnadóttir

Ránargötu 25, Akureyri,

lést á öldrunarheimilinu Hlíð, Akureyri, 20. júní.

Jóhanna Marianna Antonsdóttir

Ingibjörg Antonsdóttir

Ragnheiður Antonsdóttir

Árni Freyr Antonsson

ömmubörn og langömmubörn.

Þórarinn Arinbjarnason

Dóra Margrét Ólafsdóttir



Ástkæri vinur okkar, faðir, bróðir, afi og langafi,

Magnús Þórðarson

fæddur 19. desember 1947,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 11. júní. Útförin hefur farið fram.

Alda Jóhannesdóttir

Þórdur Áskell Magnússon

Ólafur Magnússon

Kormákur Örn Magnússon

Kristín Þórðardóttir

Dóra Henriksdóttir

Eva Rós Gústavsdóttir

Auður Bergdís Snorraddóttir

börn og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Sigrún Þórisdóttir

lífeindafræðingur og lyfjafræðingur,

lést laugardaginn 17. júní. Útförin fer fram í Kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Minningarsjóð krabbameinslækningadeildar Landspítala.

Ámundi Gunnar Ólafsson

Ólöf Ragna Ámundadóttir

Laufey Þóra Ámundadóttir

Sunnur Ámundadóttir

Sigrún Meng

Þorkell Andrésson

Guðni Ingólfsson

Guðni Lilja og



Elsku besti gullmolinn minn og eiginmaður,

Freyr Hreiðarsson

Ljósabergi 8,

lést að morgni 18. júní. Útförin fer fram frá Viðistaðakirkju mánudaginn 26. júní kl. 13.

Elín Óladóttir

Óli Tómas Freysson

Adam Freysson

Þór Hreiðarsson

Hugo Hreiðarsson

Tinna Freysdóttir

Hjörtur Rósant Freysson

Sævar Hreiðarsson

Linda Hreiðarsdóttir

tengdabörn, barnabörn og fjölskylda.

THULE
SWEDEN

Ferðavörur



THULE
SWEDEN

Hjólafestingar



THULE
SWEDEN

Hjólavagnar



THULE
SWEDEN

Ferðabox




Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Suðlæg eða breytileg átt í dag, yfirleitt 3-10 m/s og víða dálitlar skúrir. Fremur milt í veðri.



Föstudagur

Reykjavík 10° ↓ 6	Ísafjörður 7° ↙ 8	Akureyri 8° ↙ 9
Egilsstaðir 6° ↙ 13	Kirkjubæjarkl. 8° ↘ 10	Hveravellir 5° ↓ 12

Laugardagur

Reykjavík 11° ↙ 10	Ísafjörður 5° ↙ 10	Akureyri 5° ↓ 7
Egilsstaðir 5° ↓ 9	Kirkjubæjarkl. 14° ↙ 6	Hveravellir 5° ↙ 11

LÉTT

3	9			2			
			7	5	6	9	
	5		8		4		7
	9	3	4		8		5
4	8	1			3		9
		7		6		3	4
		8	5				
	3		1		9		5
1				8			

MIDLUNGS

	1	9	2		5		
			9				4
2	5	7	3	4			
9				5	3		
	2	6					3
3						6	9
5		4		7		2	6
		1				7	4
					8		

PUNG

				7	3		
7			6			9	4
		1		4			6
		4		2	5		8
6						9	5
		5	3		9		
				7			
		8				4	
5	6					2	1

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- málhelti
 - kúgun
 - vafi
 - krot
 - vörumerki
 - málmhúðun
 - ósannindi
 - býli
 - spreia
 - orga
 - tveir eins
 - rifa

- LÓDRÉTT**
- tind
 - drykkur
 - viðhorf
 - skjön
 - kálsöð
 - aldur
 - traust
 - laun
 - kaupstaður
 - tvíhljóði

1		2	3	4	5
6	7		8		
9			10		11
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

Skák

Gunnar Björnsson
Greinarhöfundur átti leik gegn þýska notandanum Listiger-freitag í skák á netinu (Chess24) nýlega.
Hvítur á leik
23. Dxxh7+! Kxxh7 24. Hh5# 1-0.
Ýmsar leiðir eru til að tefla á netinu. Vinsælastir slíkra vefja eru chess24.com og chess.com. Sterkt atskákmót hófst í París í gær. Meðal keppenda er Magnus Carlsen.
www.skak.is: Fylgst með París.



6	9	2	8	4	5	7	1	3		
1	3	4	6	7	2	8	9	5		
5	7	8	9	3	1	4	2	6		
2	8	1	7	5	3	9	6	4		
9	1	6	5	4	2	8	1	3	7	
3	4	1	7	1	9	6	5	8	2	
4	1	1	3	5	6	9	2	7	8	
7	2	9	3	8	4	6	5	1	1	
8	1	5	6	2	1	1	7	3	4	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



Hágæða amerísk heilsurúm sem auðvelt er að elska

rekkjan
HEILSURÚM

Sofðu rótt í alla nótt

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum App Store, Google Play, Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft

ÚTSALA

15-60% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

20% afsl.
af PRIMA möppuhillum
og skápum

20% afsl.
af sérpöntuðum sófum
og gestastólum

Sérstaklega gerðir fyrir fyrirtæki,
stofnanir og hótél

30% afsl.
af heilsukollum

15% kynningarafsl.
af öllum nýjum vörum

40-60% afsl.
af völdum vörum

*Á ekki við um PRIMA rafmagnsborð

Hirzlan

Gæði, stöðuleiki og skilvirkni í 24 ár

 Þið finnið
okkur
á Facebook

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

30-60% afsl. af öllum stólum



ALUMEDIC 5
197.800 kr.
118.600 kr.

LADY SITNESS
129.000 kr.
64.950 kr.

TOP PRO
32.900 kr.
12.900 kr.

XPANDER
107.500 kr.
69.500 kr.

Hátíðin er leikvöllur hugmyndanna

Reykjavík Midsummer Music, hátíð Víkinga Heiðars Ólafssonar píanóleikara, hefst í kvöld og skartar flottum listamönnum og forvitnilegum verkum.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Blessuð! Þetta er fullkomin tímasetning fyrir símaviðtal. Við vorum að klára fyrstu æfingu dagsins og næsta byrjar eftir sautján mínútur.“ Þannig byrjar píanósnillingurinn Víkingur Heiðar samtal um tónlistarhátíð sína Reykjavík Midsummer Music sem hefst í kvöld og lýkur á sunnudagskvöld. Hann er maður sem nýtir tíma sinn vel, er nýlentur eftir flug frá Leipzig og æfir stíft milli þess sem hann tekur á móti erlendu gestunum sem ætla að spila með honum næstu kvöldin.

Á opnunartónleikunum í Hörpu í kvöld munu litrík kammerverk tónskáldanna Mozart, Pärt og Stravinsky fléttast saman og Víkingur Heiðar segir flytjendurna vera heimslíð strengjaleikara hans kynslóðar. Hvernig fer hann að því að fá þá hingað? „Þetta er fólk sem ég hef unnið með erlendis. Sumt af því er að koma í fyrsta sinn til Íslands og það er ekki af því að það hafi ekki verið beðið áður. „Ég þekki það allt, margt af því er vinir innbyrðis og þar er skemmtileg stemning. Allt stjórnur. Hljóðfærin eru líka öll metfá en þau eru þögl út af fyrir sig, þetta fólk er með þau af því það hefur unnið til þess.“

Þetta er sjötta hátíðin sem Víkingur Heiðar heldur og hann segir hana þá metnaðarfyllstu til þessa. „Mér finnst bara óraunverulegt að það sé að gerast hér á Íslandi að átta eftirsóttustu einleikarar yngri kynslóðarinnar í klassíska heiminum séu að koma á mína litlu hátíð í Hörpu og ég er svo þakklátur fyrir það.“

Dagskráin er á vefnum reykjavikmidsummermusic.com. Hún er litrík og er ýmist flutt í Norður-

MÉR FINNST BARA ÓRAUNVERULEGT AÐ ÞAÐ SÉ AÐ GERAST HÉR Á ÍSLANDI AÐ ÁTTA EFTIRSÓTTUSTU EINLEIKARAR YNGRI KYNSLÓÐARINNAR Í KLASSÍSKA HEIMINUM SÉU AÐ KOMA Á MÍNA LITLU HÁTÍÐ Í HÖRPU OG ÉG ER SVO ÞAKKLÁTUR FYRIR ÞAÐ.

ljósum í Hörpu eða Mengi á Óðinsgötu. Í Mengi mun lengsti strengjarkvartett sem saminn hefur verið, 5 klukkustundir Feldmans, hljóma á sunnudag. „Skrítasta verkið,“ segir Víkingur Heiðar. „Að hlusta á það er tækifæri sem fólk byðst kannski bara einu sinni á ævinni. Ég hef spilað annað verk eftir Feldman og fyrsti hálfímínn var frekar lengi að líða, annar miklu fljótari og sá þriðji var eins og augnablik. Það gerist eitthvað inni í svona geggjúðum hljóðheimi. Þeir sem sitja alla tónleikana fá verðlaun, en það má líka alveg ganga út og inn. Þema hátíðarinnar er frelsi. Ég það íslenska strokkvartettinn Sigga að taka verkið að sér og hann sagði já. Hátíðin er leikvöllur hugmyndanna og stemningin er jákvæð.“

En sefur Víkingur Heiðar ekki í viku eftir svona álagstíma? „Nei, nefnilega ekki, ég missi meira að segja af lokapartíinu því klukkan sjö á mánudagsmorgun fer ég út til Noregs að spila á nýrri tónlistarhátíð í Vestfold með Leif Ove Andsnæs, þekktasta og flottasta píanóleikara Norðurlanda. Þú mátt bara ekki minna mig á hvað þetta er mikið brjálæði, það er best að hugsa ekki um það heldur taka það sem æfingu í að lifa í núinu.“



„Tíminn líður svo hratt, það er ótrúlegt að aftur séu komnar sumarsólstöður,“ segir Víkingur Heiðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

L-Mesitran

Náttúruleg sáragræðsla með hunangi

Hunangsplástur og sárakrem með hunangi. Hentar á allar tegundir sára. Plásturinn hentar vel á lítil yfirborðssár. Nauðsynlegur á sára hæla eftir göngur.



- Fæst í apótekum -

Williams & Halls
www.wh.is

Tatu með eigin tónlist í farteskinu

Finnski harmóníkuleikarinn Tatu Kantomaa setti lit á íslenskt tónlistarlíf um tólf ára skeið fyrir 2008 en hvarf þá til nyrstu slóða Finnlands. Nú er hann á landinu og spilar í Hörpu í kvöld undir merki Arctic Concerts. „Það er eigin tónlist sem ég ætla að leika,“ upplýsir hann. „Ég hef samið talsvert undanfarin ár, einkum fyrir nútímasirkus, danssýningar og leikhús. Sumir segja þá tónlist undir áhrifum af franskri harmóníkutónlist og argentínskum tangó, hún verður í fyrri hluta dagskrárinnar og í síðari hlutanum eru lög sem tengjast mínu heimasvæði, Lapplandi.“

Tatu býr í borginni Rovaniemi, rétt norðan við heimskautsbaug. „Þetta er jólasveinabær með í kringum 30-40 þúsund manns. Skógur alls staðar í kring og litlir bæir líka. Ég kenni í tónlistarskóla, spila í sirkus,



Tatu hefur síðustu ár einbeitt sér að eigin tónsmíðum.

leikhúsi og víðar þar sem vantar tónlist,“ lýsir hann glaðlega.

Tatu kom með nýjan tón í harmóníkumenninguna á Íslandi, hélt tónleika um allt land, lék með íslenskum tónlistarmönnum og kenndi í skólum. Var í hljómsveitinni Rússibönnum og lék í leikhúsum, meðal annars í Sjálfstæðu fólki, Cyrano og Édith Piaf í Þjóðleikhúsinu. Hann talar svo góða íslensku að maður gleymir strax að hann er útlendingur. „Ég var rúm tólf ár á Íslandi, svo ég hafði góðan tíma til að læra,“ segir hann.

Hann kveðst hafa lært á harmóníku í tvö ár í Hannover en þá verið búinn að læra í fimmtán ár heima. Skyldi harmóníkan vera sterk í Finnlandi? „Það eru margir sem spila á harmóníku ég get samt ekki sagt að hún sé vinsælt hljóðfæri í dag, en hún var það, eins og á Íslandi.“ – gun

NÓA

Loksins

Biðin er á enda.
Þeir eru komnir aftur!

NÝTT!

NÓA

Tritlar

Þúkalegt
piparhúðað
lakkrishlaup

80g

Ég hef alltaf meiri áhuga á spurningum en svörum

Alicja Kwade opnar einkasýningu í i8 galleríi í dag og þar tekst hún á við stórar spurningar og leitar svara með aðferðum listarinnar með endurvinnslu muna sem birta sjálfsævisögulegt innihald listamannsins.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Einn trilljónasti úr sekúndum, er yfirskrift sýningar listakonunnar Alicja Kwade sem verður opnuð í i8 galleríi í dag. Alicja Kwade er pólsk og þýsk, búsett í Berlín og á meðal nýlegra einkasýninga hennar má nefna sýningu í Whitechapel Gallery í London, Kunsthalle Schirn í Frankfurt am Main auk fjölmargra fleiri verkefna og samsýninga víða um Evrópu og Bandaríkin.

Alicja Kwade er rólyndisleg og viðkunnanleg kona. Daginn fyrir opnun ætlar hún að nýta til þess að keyra aðeins um landið og segist ekki setja hráslagalegt veðrið fyrir sig enda hafi hún heyrt þetta sé sérdeilis íslenskt. Alicja hefur þó ekki mikinn tími til þess að skoða Ísland að þessu sinni en það leiðir spjallið að titli sýningarinnar og hvort tíminn sé lykilþáttur í hennar verkum. „Nei, hann er mikilvægur en engu að síður þá hverfast þessi verk ekki um tímann. En auðvitað skiptir tíminn okkur alltaf miklu máli og þá líka í allri sköpun en fyrir mér er hann aðeins eitt af því sem skapar ákveðinn veruleika.“

Alicja skapar sín verk úr hlutum sem hafa átt samleið með henni á lífsleiðinni. Tölva, lampi, spegill – allt geta þetta verið kyrralífsmyndir samtímans en hugmyndin byggir á því að efniviðurinn birti sjálfsævisögulegt innihald listamannsins. „Efniviðurinn samanstendur af hlutum sem ég hef lengi verið að vinna með í minni sköpun. Hlutir eins og lampi og tölva sem hafa fylgt mér lengi. Eldri verkin byggja á því að þessir nytjahlutir eru í raun malaðir mélinu smærri, svo aðskil ég þau efni sem þeir eru búnir til úr, og loks endurmóta ég þá í gerbreyttri mynd. Efnismassi hlutanna breytist ekki í þessu ferli heldur verða þeir að dufti sem ég vinn með og gef svo nýtt form, nýja lögun og tilgang. Þannig verður hlutur sem hefur tengst mér eða öllu heldur þjónað mér á lífsleiðinni að einhverju allt öðru en úr sama efni.“ Verk Alicju eru



Alicja Kwade, myndlistarkona spyr heimspekilegra spurninga á sýningu sinni í i8 galleríi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

einkar falleg í forminu og hún segir að vissulega hafi ákveðin hlutir gert ákveðið tilkall til þess að snúa aftur í ákveðnu formi. „Tölvan mín hefur núna tekið á sig klassískt form, antik-form, en ég er ekki að skapa þetta í ákveðnum stil eða sem eftirmyndir heldur fremur að leitast við að finna kjarna þessara forma. Í rauninni skoðaði ég mikið af formum víða að úr heiminum og vann þetta svo út frá því.“

Á sýningunni eru einnig verk sem virðast hafa sterka skírskotun inn í heim hins mælanlega; stærðfræðinnar og eðlisfræðinnar en Alicja segir að verk hennar snúist í raun ekki um slík vísindi heldur fremur leitist hún við að draga

allar þessar eigindir saman. „Hvers vegna er efni eins og það er? Hvers vegna erum við hér? Hvers vegna erum við til og eins og við erum? Hvers vegna hugsum við um veruleikann? Allar þessar spurningar og auðvitað miklu fleiri. Viðfang þessara spurninga getur verið tíminn en líka tungumálið, samfélagið og allt það sem við sjáum sem ákveðinn veruleika. Það þarf allt þetta til.“

Er það kjarni þeirra verka sem þú vinnur með klukkuvísunum og mögulegum vísunum í plánetur? „Fyrir mér eru þetta allt ákveðnar línur, ákveðnar víddir sem geta í raun aldrei mæst. Fyrirbæri sem renna aldrei saman heldur verða að vera á sinni línu, í sinni vídd.

Þannig er líka komið fyrir okkur í þessu lífi, við erum bundin af okkar vídd, tíma og efni. Við erum föst á okkar línu.

Fyrir mér snýst þessi sýning þannig fyrst og fremst um þá heimspekilegu spurningu: Hvað er efni? Þess vegna skipta líka titlar verkanna miklu máli því það sem þú sérð er pottur en verkið heitir lampi. Þú sérð vasa og hann heitir klukkur. Þess vegna er þetta líka um tungumálið og okkur sem manneskjur og hvernig við skilgreinum allt. En það er eitthvað sem við gerum eftir formum, notagildi og í ákveðnum tíma og þess vegna skipta allar þessar eigindir máli. Skipta okkur máli og hvernig við skilgreinum ver-

öldina sem við getum kallað okkar vídd.“

En er þá til að mynda trúin ákveðin þörf fyrir að víkja af þessari vídd eða að minnsta kosti tengjast annarri? „Trúin er eitthvað sem ég ætti að hafa áhuga á í þeim skilningi að í henni er fölginn leit að einhverjum veruleika. En fyrir mér er eitthvað of einfalt við þetta. Vandinn er að ég trúi ekki. Verkin mín snúast miklu fremur um það að hafna trú, að trúa engu og efast um allt. Ég sem listamaður lít á mig sem eins konar landkönnuð en trúin er vissulega forvitnilegt fyrirbæri sem er áhugavert að skoða og leitast við að skilja. Enda hef ég alltaf meiri áhuga á spurningunum en svörum.“

FERÐUMST OG FRÆÐUMST



- Vegakort
- Þéttbýliskort
- Ítarlegur hálendiskafli
- 24 síðna kortabók
- Vegahandbókar App
- Þjóðsögur
- Heitar laugar o.fl. o.fl.

**FULLT VERÐ
5.490 KR**

1.500 kr. afsláttur ef þú kemur með gömlu bókina

Einungis hægt að skipta í bókabúðum (ekki á bensinstöðvum)

Stöðug uppfærsla í meira en 40 ár

Farið með svarið í ferðalagið

Vegahandbókin • Sundaborg 9 • Sími 562 2600

Valdið man framtíðina

BÆKUR

Orðspor

★★★★★

Juan Gabriel Vásquez

Þýðing: Sigrún Á. Eiríksdóttir

Útgefandi: Benedikt

Prentun: Oddi

Síðufjöldi: 191

Kápa: Ólafur Unnar Kristjánsson/
Dynamo Reykjavík

Skopmyndir dagblaða hafa lengi verið einn beittasti broddur gagnrýni á valdhafa um víða veröld. Flest eigum við líka okkar uppáhalds skopmyndateiknara, vitum nákvæmlega hvar teikningar þeirra eru í blöðunum okkar, og biðum verka þeirra oft með óþreyju þegar mikið gengur á í samfélaginu. Góð skopmynd getur sagt meira en hundrað greinar eða fréttir því beitt háðið er afhjúpanði – snjall skopmyndateiknari kemst í einni mynd og með örfáum orðum að kjarna máls.

Mallarino, aðalpersóna skáldsögunnar Orðspor eftir kólumbíska rithöfundinn Juan Gabriel Vásquez, er einmitt slíkur skopmyndateiknari. Godsögn á lífanda lífi, dýrkaður

og dáður af þjóð sem er langþreytt á spilltum stjórnmálamönnum, siðblindum glæpamönnum og máttleysi lýðræðisins í landinu öllu. Mallarino á að baki glæstan feril en ekki alveg eins vel heppnað hjónaband eða fjölskyldulíf enda er vinnan honum köllun. Frægðin og valdið sem vinnunni fylgir er líka umtalsvert sætara en hann vill viðurkenna fyrir sjálfum sér.

Líf Mallarinos virðist í fyrstu vera nánast kyrralíf. Dagarnir fastmótadír og hverfast utan um vinnuna frá degi til dags. En svo kemur að því að Mallarino á að hljóta opinbera upphæfð, viðurkenningu frá valdinu til valdsins sem býr í hugarflugi hans og flugbeittum teiknipennanum og þá fer allt að breytast. Einföld saga um vinnusaman skopmyndateiknara tekur aftur og ítrekað óvænta stefnu, engu verður lengur treystandi og vald Mallarinos flýgur jafnvel út fyrir tíma og rúm allt þar til hann man framtíðina.

Orðspor býr yfir þeim heillandi eiginleika, sem stundum er að finna í frábærum bókum, að hún spyr langtum fleiri spurninga en hún svarar. Krefur lesandann í sífellu um afstöðu og sviptir svo undan

honum fótunum. Rétt eins og góður skopmyndateiknari leikur Vásquez sér að tímasetningu og samhengi og veltir upp óvæntum flötum á valdinu, eðli þess og botnlausri þrá fyrir að næra sig, vaxa og dafna án þess að láta sig varða um afleiðingar. Valdinu sem býr yfir þeim eiginleika að muna fram í tímann og vera ekki eins og hið fátæklega minni sem leitar aðeins til baka.

Öll sú óvænta framþróun sem á sér stað innan sögunnar er einstaklega haganlega fléttuð og Vásquez mótur úr efniviði sínum einstaklega sjónræna og sterka heild án fyrirhafnar. Orðspor er fantavel skrifuð skáldsaga, stillinn rismikill, jafnvel ljóðrænn og fallegur á köflum og þýðing Sigrúnar Á. Eiríksdóttur er vönduð og áreynslulaus. Þrátt fyrir að Orðspor sé verk sem er langt að komið þá á sagan ótvírátt erindi inn í íslenskt samfélag og umræðu og full ástæða til þess að gleðjast yfir sjóðheitum suður-amerískum sendingum til íslenskra lesenda.

Magnús Guðmundsson

NIÐURSTAÐA: Vel skrifuð, einföld en sterk skáldsaga sem spyr margra og áleitinna spurninga.

TAX FREE DAGAR

FRÁ 22.- 26. JÚNÍ

ALLAR VÖRUR Á TAX FREE VERÐI*

*TAX FREE er 19,36% raunafsláttur sem reiknast á við kassa og auðvitað fær ríkissjóður sinn skerf.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.

Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á [Facebook](#) [Pinterest](https://www.pinterest.com/a4fondur) og [Instagram](https://www.instagram.com/a4verslanir)



Undir áhrifum ástar og „eitís“-tónlistar

Sing Street



Leikstjóri: John Carney
Framleiðendur: Anthony Bregman, John Carney, Kevin Scott Frakes
Handrit: John Carney
Aðalhlutverk: Ferdia Walsh-Peelo, Lucy Boynton, Jack Reynor

Segja má að Sing Street sé afbragðs-dæmi um hvernig skal gera klisju-kenna sögu ferska, enda mynd sem geislar af mikilli hlýju, bjartsýni og ást á tónlistarsköpun þannig að það verður erfitt að standast unglinga- og nostalgíutöfra hennar.

Sögusviðið er Dublin árið 1985. Conor Lawlor er fjórtán ára miðjubarn í fjölskyldu sem hefur séð sælli daga. Samband foreldranna hangir á bláþræði og fjárhagserfiðleikar eru allsráðandi. Sparnaðaráætlun þeirra neyðir Conor til þess að skipta um skóla. Aðlögunin verður ekki áreynslulaus, en sem betur fer eignast hann fljótt nýja og hæfileikaríka vini og ákveður að stofna hljómsveit til að ganga í augun á Raphinu, stúlku sem á sér drauma um að verða fyrirsæta.

Með metnaði, vænni kennslu frá stóra bróður og viljastyrknum fer bandið hans Conors af stað og lífið öðlast nýja orku. Conor finnur sköpunargleðina og vegna hennar gengur hann í gegnum ýmsar breytingar út söguna, ekki síst í klæðaburði, á meðan innblástur er dreginn frá Duran Duran, The Cure og fleirum. En að ná tökum á sjálfstöðunni til að elta ástina og sigra hjarta Raphinu reynist ekki auðvelt verk. Sérstaklega þegar hann þarf að takast á við hindranir úr öllum áttum eins og hörð skólayfirvöld, hrotta og líka kærasta draumastúlkunnar.

Írski leikstjórinn John Carney (Once, Begin Again) snýr aftur á heimaslóðir sínar og trúlega til einhverra æskuminninga. Með Sing Street er Carney því staddur í þægindaramma sínum, enda hefur hann núna gert þrjár myndir sem allar eiga það sameiginlegt að vera ljúfar ástarsögur þar sem tjáning persóna fer fram í gegnum tónlist á einn hátt eða annan.

Carney fær ýmislegt lánað frá fyrri myndum sínum, þar á meðal beinar senur sem settar eru í nýjar umbúðir, með smá skvettu af unglingsögum Johns Hughes og slettu af The Commitments. Þessi blanda er vel sjarmerandi. Niðurstaðan er bráðskemmtileg og heillandi þroskasaga sem nær furðuvel að fanga hvernig tilfinningin er að vera ungur, vitlaus og brjálæðislega ástfanginn.



Lucy Boynton og Ferdia Walsh-Peelo standa sig vel í hlutverkum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

Þrátt fyrir að það sé talsverður „fantasiukeimur“ á sögunni og framvindu hennar er áferð myndarinnar og samspil leikara hversdagslegt og trúverðugt. Allir leikararnir með tölu standa sig frábærlega. Ungi tónlistarmaðurinn Ferdia Walsh-Peelo spreytir sig með leikarafrumraun sinni og er yndislegur í aðalhlutverkinu, bæði með það á hreinu að sýna óvænta töffarann og viðkunnanlega lúðann í drengnum. Raphina verður einnig marglaga

og í senn dularfull í túlkun Lucy Boynton, með góðum samleik við Walsh-Peelo. Jack Reynor er líka ákaflega eftirminnilegur sem Brendan, stóri bróðir Conors, sem segja má að gegni hlutverki

raddar skynseminnar – eða áhættunnar. Brendan reynir sitt besta til að styðja og hvetja yngri bróður sinn á meðan hann glímir við eigin eftirsjá. Reynor stelar algjörlega þessari mynd.

Það eru litlir hnökror hér og þar sem hindra frekari meðmæli. Án þess að segja frá of miklu heldur t.d. endirinn ekki alveg vatni. Hann er ljúfur á sinn hátt en það virkar eins og Carney hafi ekki hugsað endalokin út. Það sama á reyndar við um persónurnar. Það hefði líka verið skemmtilegra að kynna hinum meðlimum hljómsveitarinnar örlítið betur.

En mikil umhyggja fyrir yfir efninu ríkir hjá leikstjóranum. Einlæginn skín öll í gegnum þessa mynd og hún er vel þess virði að faðma fast að sér.

Það sakar auðvitað ekki að tónlistin sem Conor og félagar skapa eða hlusta á er hress, skemmtileg og gefur myndinni góðan púls með „eitís“-tímabilinu sem Carney endurskapar hreint ágætlega. Auk þess er freistandi að henda laginu Drive it Like you Stole it í spilun að henni lokinni. Hvílikur eyrnaómur sem þetta lag er. **Tómas Valgeirsson**

NIÐURSTADA: Vel samsett og hressandi þroskasaga sem smitar frá sér tónlistargleði og velliðunarstraumum.

Það er erfitt að standast unglinga- og nostalgíutöfra myndarinnar.



Tilkomumikill ferill leikarans Daniels Day Lewis

Í vikunni bárust fréttir af því að leikarinn Daniel Day Lewis væri hættur í leiklistinni. Það eru eflaust margir sorgmæddir yfir þessari ákvörðun hans en ekki hefur enn komið fram af hverju Daniel ákvað að leggja leiklistina á hilluna fyrir fullt og allt. Leiklistarferill Daniels er ansi tilkomumikill og þá er ekki úr vegi að rifja upp þau hlutverk sem hann er einna þekktastur fyrir.

- Daniel lék eitt aðalhlutverkið í myndinni *There will be blood* sem kom út árið 2007. Hann hlaut Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í myndinni.
- Daniel lék glæpönn Bill „The Butcher“ Cutting í kvikmyndinni *Gangs of New York* undir leikstjórn Martins Scorsese. Daniel tók sig vel út í hlutverki Bills enda þykir hann túlka vonða kalla afar vel.
- Myndin *My left foot: The story of Christy Brown*, frá árinu 1989, tryggði Daniel nokkur verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki, svo sem Óskarsverðlaun og BAFTA.
- Daniel fór með hlutverk Abrahams Lincoln í myndinni *Lincoln*. Hann þótti standa sig sérlega vel í hlutverki fyrrverandi forseta Bandaríkjanna og hlaut Óskarsverðlaun fyrir það hlutverk árið 2013.
- Daniel fór með aðalhlutverkið í *The last of the mohicans* sem kom út árið 1992. Hann var tilnefndur sem besti leikari í aðalhlutverki á BAFTA-hátíðinni en tapaði fyrir Robert Downey Jr.

Vinsælasta útvarpsappið

9 útvarpsstöðvar • fréttir • hljóðbrot • upplýsingar um flytjendur og margt fleira

BYLGJAN
989



FETAÐU NÝJAR SLÓÐIR

Í ÚTILÍF FÆRÐ ÞÚ FJÖLBREYTTA
GÆÐASKÓ FRÁ ÞEKKTUM MERKJUM

Meindl Island

Margverðlaunaðir gæðaskór.
Vandaðir og traustir í lengri,
krefjandi göngur.
Karla/kvenna
49.990 kr.



Meindl Kansas

Góðir alhliða gönguskór.
Vaxað Nubuk leður
og GTX vatnsvörn.
Karla/kvenna
34.990 kr.



Meindl Ohio

Sérstaklega léttir og þægilegir.
Frábærir í léttari göngur,
líka erlendis.
Karla/kvenna
32.990 kr.



Scarpa Kinesis Pro

Hálfstífir herra gönguskór,
öflugir fyrir fjallaferðir.
Vaxað Nubuk leður
og GTX vatnsvörn.
54.990 kr.



Scarpa Mythos Pro

Hálfstífir dömu gönguskór
fyrir alvöru fjallaferðir.
Nubuk leður, GTX vatns-
vörn og Vibram sóli.
54.990 kr.



TNF Hedgehog Hike

Vinsælir, léttir og þægilegir.
Fáanlegir í Mid hæð og lágir.
GTX vatnsvörn.
Karla/kvenna
19.990 kr.



ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI / SMÁRALIND

utilif.is

LAUGARÁS BIÓ **5%** **mid.is**

TRANSFORMERS THE LAST KNIGHT SÝND KL. 6, 9

TOM CRUISE THE MUMMY SÝND KL. 8, 10, 20

HOW TO BE A LATIN LOVER SÝND KL. 5, 30

ÉG MAN ÞIG SÝND KL. 8, 10, 20

Heiða SÝND KL. 5, 30

SAMBÍÓINN Sambio.is

Frá leikstjóranum Michael Bay

Mark Wahlberg Anthony Hopkins

TRANSFORMERS THE LAST KNIGHT Barrátta tveggja heima – Aðeins annar lífir

Sýnd með íslensku og ensku tali

WONDER WOMAN 93%

BAYWATCH

PIRATES OF THE CARIBBEAN SALAZAR'S REVENGE

MUMMY

SAMBÍÓINN ALFABAKKA	SAMBÍÓINN EGILSHÖLL	SAMBÍÓINN KRINGLUNNI	NÚMÉRUD SÆTI
TRANSFORMERS 2D KL. 6-8-9-11	TRANSFORMERS 3D KL. 10:30	TRANSFORMERS 3D KL. 5-8-11	
TRANSFORMERS 2D VIP KL. 5-8-11	TRANSFORMERS 2D KL. 5-7:30	TRANSFORMERS 2D KL. 10:20	
BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 3-3:20-5:40-8	BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 5	BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 5:40	
BÍLAR 3 ÍSL TAL 3D KL. 3:40	THE MUMMY KL. 10:30	CARS 3 ENSK TAL 2D KL. 8	
WONDER WOMAN 2D KL. 5-8-11	WONDER WOMAN 2D KL. 5-7:50-10:40	WONDER WOMAN 2D KL. 10:10	
BAYWATCH KL. 3-5:30-8-10:30	BAYWATCH KL. 5:20-8-10:30	BAYWATCH KL. 5	
PIRATES 2D KL. 5:15	PIRATES 2D KL. 7:50	PIRATES 2D KL. 7:30	
SPARK ÍSL TAL KL. 3	GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 10:20	KEFLAVÍK	
	TRANSFORMERS 3D KL. 5-8-11	TRANSFORMERS 3D KL. 7:30-10:30	
	BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 5:40	BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 6	
	WONDER WOMAN 2D KL. 10:15	WONDER WOMAN 2D KL. 10:30	
	BAYWATCH KL. 8	BAYWATCH KL. 8:10	

KAUPTU BIÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

Góða skemmtun í bió

Parftu að ráða?

Iðnaðarmann

Bílstjóra

Bifvélavirkja

Þjónustufólk

Öryggisvörð

Lagerstarfsmann

Matreiðslumann

elja Starfsmannþjónusta

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Þú getur treyst á TUDOR

Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

22. JÚNÍ 2017

Tónlist

Hvað? Hrifandi trompethljómar með Baldvin Oddssyni og Elisabetu Þórðardóttur

Hvenær? 12.00

Hvar? Hallgrímskirkju

Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju hefst í vikunni með hrifandi trompetleik og fagnaðarhljómunum því í sumar fagnar Listvinafélag Hallgrímskirkju 25 ára afmæli þessarar vinsælu sumartónleikaraðar.

Hvað? Útgáfufögnuður Páls Ragnars Pálssonar

Hvenær? 17.00

Hvar? Mengi, Óðinsgötu

Þann 2. júní kom Nostalgia, fyrsta plata Páls Ragnars Pálssonar út hjá Smekkleysu. Platan inniheldur verk hans samin á árunum 2009-2015 og eru strengjahljóðfæri áberandi. Flytjendur á plötunni eru m.a. Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Daníels Bjarnasonar, Pálína Árnadóttir, Guðrún Hrund Harðardóttir, Hrafnkell Orri Egilsson, Una Sveinbjarnardóttir og Tui Hirv. Una og Tui koma til með að leika verk af plötunni ásamt Strokkvartettinum Sigga. Útgáfufögnuðurinn hefst klukkan 17 og stendur til klukkan 19. Léttar veitingar og öll velkomin.

Hvað? Tatu Kantomaa harmoniku-leikari á Arctic Concerts

Hvenær? 20.30

Hvar? Hörpu

Tatu Kantomaa harmóníkusnill-ingur heldur tónleika í Hörpu í kvöld. Tatu kemur frá nyrstu slóðum Finnlands, við heim-

skautsbaug, þar sem hann býr nú og starfar. Hann er Íslendingum að góðu kunnur, dvaldi hér með hléum í ein tólf ár, fram til ársins 2008 er hann flutti aftur til Rovaniemi í Lapplandi. Tónleikar Tatu Kantomaa í Hörpu eru undir merkjum Arctic Concerts sem hafa opnað eyru fyrir tónlist Norðurljóða, þ.m.t. Íslands, Færeyja og Grænlands. Miðaverð 2.900 krónur.

Hvað? Opnunartónleikar Reykjavík Midsummer Music: Mozart, Pärt, Stravinsky

Hvenær? 20.00

Hvar? Hörpu

Frumleg og litrík kammerverk eftir þrjú tónskáld sem kunnur að umgangast hefðina af hamslausu frelsi. Fram koma: Víkingur Ólafsson (píanó), Julien Quentin (píanó), Lars Anders Tomter (víola), István Várdai (selló), Sayaka Shoji (fiðla), Rosanne Philippens (fiðla).

Hvað? HAM

Hvenær? 21.00

Hvar? Húrra, Naustunum

Sunnlendingar og sveitungar þeirra (og allir hinir): HAM á Húrra! Hljómsveitin fagnar útgáfu hljómplötunnar Söngvar um helvíti mananna með tvennum tónleikum á Húrra dagana 22. og 23. júní. Góðir gestir hita mannskapinn upp áður en HAM stígur á svið.

Hvað? Rasta gata / RVK Soundsystem

Hvenær? 17.00

Hvar? Bryggjunni brugghúsi, Grandagarði

RVK Soundsystem hefur leik á Bryggjunni í kvöld og spilar spíkefita og hressandi reggítóna fram eftir kvöldi, þú ættir að kíkja við. Bjór hússins á 500 kall á Happy Hour.

Hvað? LungA tónleikar með Daða Frey

Hvenær? 20.00

Hvar? Oddsson, Hringbraut

LungA blæs til upphitunar fögnuðar á Oddsson. Daði Freyr stígur á svið. Sigriður Ásgeirsdóttir stýrir Karókiherberginu sem verður opið þetta kvöld. Þrenna, styrktaraðili LungA 2017 mætir með lukkuhjóli. Veglegir vinningar í boði! Þar á meðal armband á stórtónleika LungA og ýmiss glaðningur sem hentar vel í ferðalagið í sumar. DJ Thelma & Louise sjá til þess að fólk fer dansandi inn í bjarta nóttina.


Viðburðir

Hvað? Kvöldganga - Himinninn yfir höfninni.

Hvenær? 20.00

Hvar? Gröfinni, Tryggvagötu

Jón Páll Björnsson, sérfræðingur hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur, mun leiða kvöldgöngu um hafnar-



Daði Freyr spilar á LungA upphitun á Oddsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

svæðið og fjalla um upphaf flugs á Íslandi.

Hvað? Jónsmessugleði Grósku 2017

Hvenær? 19.30

Hvar? Við Strandstíginn, Garðabæ

Sumarsólstoður nálgast óðfluga og í dag klukkan 19.30-22 verður Jónsmessugleði Grósku haldin í niunda sinn við Strandstíginn í Sjáländshverfi Garðabæjar. Á Jónsmessugleðinni verða fjölbreytt listaverk til sýnis í töfrandi umhverfi Ylstrandar með útsýni yfir hafði. Sýnendur eru vel yfir 40 talsins og hafa aldrei verið fleiri enda hafa gestalistamenn í boði Grósku flykkt hvaðanæva að til að taka þátt í Jónsmessugleðinni.

Hvað? Leiðsögn við gerð ferðahandbóka í Sólheimasafni

Hvenær? 16.00

Hvar? Borgarbókasafni, Sólheimum

Haldið verður námskeiði í gerð persónulegra ferðahandbóka í Borgarbókasafninu Sólheimum í dag milli klukkan 16-18. Námskeiðið er tilvalið fyrir þá sem hyggja á ferðalög og vilja búa öllum minningunum úr ferðinni fallega umgjörð.

Hvað? Reykjavík Kabarett

Hvenær? 22.00

Hvar? Café Rosenberg, Klapparstíg

Reykjavík Kabarett blæs til fjórðu sýningarlotu á nýjum stað og verða á hverjum fimmtudegi í júní á Rosenberg. Íslenska kabarettfjöl-skyldan mun láta ljós sitt skína ásamt einvalaliði gesta. Blandað verður saman nýjum atriðum og flottustu og vinsælustu atriðum kabarettinsins.

Hvað? Grease – Singalong!

Hvenær? 20.00

Hvar? Gamla bíói

Gamla Bíó ætlar að skella sér aftur í bióbúning og sýna singalong-útgáfu af myndinni Grease í kvöld. Miðaverð er 1.000 krónur.

BIO PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Lion..... 17:30

Knight Of Cups..... 17:30

Hjartasteinn..... 17:30

Sing Street..... 20:00, 22:00

Everybody Wants Some!!..... 20:00

Eg Man Þig..... 20:00

The Shack..... 22:30

Heima..... 22:15

KNIGHT OF CUPS

playmobil® DAGAR

Í HAGKAUP 22.-25. JÚNÍ

Allt Playmobil
20%
afsláttur



Playmobil fest ekki í Holtagörðum né á Eiðistorgi.

24
Hagkaup

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

Spennu-
þáttur

Magnaðir breskir spennuþættir sem fjalla um mannréttindalög-fræðinginn Emmu Banville sem er þekktust fyrir að velja sér krefjandi og oft á tíðum talin óvinnandi mál. Nú tekur hún upp gamalt mál manns sem sakfelldur var fyrir morð á ungru stúlku fyrir fjórtán árum. Hörkuspennandi þættir frá handritahöfundum Homeland og 24.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



Í ELDHÚSI EVU

Skemmtilegir matreiðsluþættir þar sem Eva Laufey töfrar fram gómsæta og girnilega rétti í eldhúsinu heima. Í þessum þætti býður Eva Laufey í grillveislu á pallinum hjá sér og töfrar fram grillaðan lax, nautalund með kartöflusalati og dásamlegan eftirrétt.

ANIMAL KINGDOM

Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás. Mögnuð glæpasería sem enginn má missa af!



TRAINING DAY

Stórskemmtilegur spennuþáttur um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem oftast en ekki eru æði ósammála um hvernig löggæslan skuli fara fram!



THE THIN RED LINE

Firring seinni heimsstyrjaldarinnar er að gera út af við bandaríska hermenn sem berjast fyrir þjóð sína á lítilli eyju í Kyrrahafinu.



STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Kalli kanína og félagar
07.50 Tommi og Jenni
08.10 The Middle
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Mom
10.35 Landnemarnir
11.20 Sælkeráferðin
11.45 Nettir Kettir
12.35 Nágrannar
13.00 Hail, Caesar!
14.45 The Little Princess
16.30 Impractical Jokers
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.

19.05 Ísland í sumar Fjölbreyttur fréttu- og mannlífspáttur í léttum dúr þar sem þrautreyndir dagskrárgerðarmenn Stöðvar 2 fjalla um alla heima og geima. Allt frá takkaskóm og torfæru til heyskapar og hektara.

19.25 2 Broke Girls
19.50 Masterchef The Professionals Australia Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamenskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum eru það þó alltaf dómarnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem Meistari fagmannanna.

20.35 Í eldhúsi Evu Frábærir nýir þættir í umsjón Evu Laufeyjar þar sem hún fer á stúfana og kynnir sér hina ýmsu veitingastaði, kaffihús, bakarí og lærir nýjar aðferðir sem hún vinnur svo með í eldhúsinu heima hjá sér. Í hverjum þætti er sérstakt þema t.d. baksturs, indverskt, asiðkt og ítalskt svo dæmi séu nefnd og einnig er einn þáttur tileinkaður matarsóun.

21.00 Fearless
21.50 Animal Kingdom Mögnuð glæpasería sem fjallar um ungan mann sem flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr. Þar kemur hann inn í vægast sagt vafasöm mál þar sem fjölskyldustarfsemin er ekki öll sem hún er séð.

22.40 Training Day
23.25 Grantchester
00.15 Gasmannan
01.00 The Lord of the Rings. The Fellowship of the Ring
03.55 Shameless
04.45 Shameless
05.40 X-Company
06.25 The Middle

SPORT

07.00 Tenerife - Getafe
08.40 KR - Breiðablik
10.20 FH - Víkingur R.
12.00 Síðustu 20
12.25 Barcelona - Eibar
14.05 Malaga - Real Madrid
15.55 FH - Þór/KA
17.35 Pepsímörk kvenna
18.35 Premier League World
19.05 Tenerife - Getafe
20.45 1 á 1
21.15 Liverpool - Middlesbrough
23.00 Goals of the Season
23.55 Premier League World

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

17.30 Raising Hope
17.55 The New Girl
18.15 Mindy Project
18.40 Modern Family
19.05 Ástriður
19.30 Á fullu gazi
19.50 Sósa og salat
20.15 Undateable
20.35 Gotham
21.20 American Horror Story. Roanoke
22.05 Gilmore Girls
22.50 Silicon Valley
23.20 Eastbound & Down
23.55 Ástriður
00.15 Á fullu gazi
00.35 Sósa og salat
00.55 Undateable
01.20 Gotham
02.00 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Víkingurinn Viggó
07.11 Zigby
07.25 Stóri og Litli
07.38 Skógardýrið Húgó
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.47 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Lalli
09.55 Rasmus Klumpur 10.00 Lína langsokkur
10.25 Hvellur keppnisbill
10.37 Ævintýraferðin
10.49 Gulla og grænjaxlarnir
11.00 Víkingurinn Viggó
11.11 Zigby
11.25 Stóri og Litli
11.38 Skógardýrið Húgó
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.47 Doddi litli og Eyrnastór
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Lalli
13.55 Rasmus Klumpur
14.00 Lína langsokkur
14.25 Hvellur keppnisbill
14.37 Ævintýraferðin
14.49 Gulla og grænjaxlarnir
15.00 Víkingurinn Viggó
15.11 Zigby
15.25 Stóri og Litli
15.38 Skógardýrið Húgó
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.47 Doddi litli og Eyrnastór
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Lalli
17.55 Rasmus Klumpur
18.00 Lína langsokkur
18.25 Hvellur keppnisbill
18.37 Ævintýraferðin
18.49 Gulla og grænjaxlarnir
19.00 Mörgæsirnar frá Madagaskar



Svampur Sveinsson kl. 09.24, 13.24 og 17.24

GOLFSTÖÐIN

10.15 US Open
15.15 Golfing World
16.05 Meijer LPGA Classic
19.05 Inside the PGA Tour
19.30 Travelers Championship
22.30 Inside the PGA Tour
22.55 Golfing World

BÍÓSTÖÐIN

11.00 Drumline. A New Beat Skemmtileg mynd frá 2014 um stúlku sem ákveður að fara sínar eigin leiðir og elta drauma sína í tónlist.
12.45 Waitress
14.30 Tootsie
16.25 Drumline. A New Beat
18.10 Waitress
20.00 Tootsie Skemmtileg Óskarsverðlaunamynd með Dustin Hoffman í aðalhlutverki en hann leikur atvinnulausan leikari sem þykir erfiður í samskiptum og dulbýr sig sem kona til að fá hlutverk í sápuóperu. Dorsey finnur sig vel í hlutverkinu og verður smátt og smátt þessi kona sem hann leikur, og heillar konur um allt land og hvetur þær til að losna undan oki manna og verða meira eins og hún.
22.00 The Thin Red Line Firring seinni heimsstyrjaldarinnar er að gera út af við bandaríska hermenn sem berjast fyrir þjóð sína á eyju í Kyrrahafinu. Æðri tilgangur sem felst í því að farna lífi sínu fyrir þjóð sína vikur fyrir sjálfsbjargarviðleitni þeirra og þeirri tilhugsun að þeir muni jafnvel ekki sjá ástvini sína aftur.
00.50 Mission. Impossible II Mögnuð hasarmynd með Tom Cruise og Thandie Newton í aðalhlutverkum. Sérsvaitarmaðurinn Ethan Hunt er kominn aftur á stjá og fær nú sitt erfiðasta verkefni til þessa. Spurnir hafa borist af lífshættulegu efni og yfirvöld mega ekki til þess hugsa að það komist í rangar hendur.
02.55 Act of Valor Spennumynd sem fjallar um sérsvaitarmenn sem fá það verkefni að frelsa CIA starfsmann úr klóm mannræningja. Í kjölfarið sérhæfa þeir sig í að uppræta hryðjuverkahópa og ferðast um allan heim til að ráðast á greni hryðjuverkamanna.
04.45 The Thin Red Line

RÚV

17.20 Í garðinum með Gurry
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Litli prinsinn
18.25 Með okkar augum
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Matur frá öllum heims-hornum – Tony Singh: Indland
20.35 Heimavígstöðvarnar
21.25 Fjölbraut
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Lögregluvaktin
23.05 Skómm
23.30 Svikamylla
00.30 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 WOW Cyclothon 2017 - BEINT
17.00 King of Queens
17.25 How I Met Your Mother
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
19.10 The Late Late Show with James Corden
19.50 Man With a Plan
20.15 Pitch
21.00 How To Get Away With Murder
21.45 MacGyver
22.30 Better Things
23.00 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
23.40 The Late Late Show with James Corden

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

FM 96,3 FM Suðurland FM 98,9 Bylgjan
FM 96,7 Létt Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga
FM 97,7 X-ið FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



býður upp á

stærsta safn íslensks sjónvarpsefnis



sem völ er á

Horfðu á heilu þáttaraðirnar af íslensku sjónvarpsefni.

AÐEINS
2.990 KR
Á MÁNUÐI*

*Fylgir með völdum sjónvarpsspökkum Stöðvar 2

2now.is




2now.is

LÍFIÐ



Vesturbæingurinn
Ránargata 18
220.000.000 kr.

Ægifagurt einbýlishús, íslensk steinsteypu-klassísk sem hefur verið notuð sem skrifstofa en væri hæglega hægt að breyta í blautan draum innlitsþáttastjórnandans. Það þarf ekkert nema hjól, vaxjakka og skeggoliu og þetta er „golden“.



Listamannavillan
Bergstaðastræti 81
230.000.000 kr.

Ef þú ert búin/n að selja milljónir eintaka af nýju skáldsög-
unni þinni eða meika það sem heimsþekktur listamaður er þriggja hæða einbýlishús á Bergstaðastræti það sem þú ættir
að eyða peningunum þínum í, klárt mál.

Fasteignir drauma þinna

Fasteignabólan er algengasti frasinn þessa dagana og fólk talar ekki um annað en sölu og kaup íbúða, Airbnb og húsnæðislán. Lífið birtir hér á þessum síðum handhægan leiðarvísi fyrir þá sem eru að leita – eða jafnvel þá sem láta sig bara dreyma.



Konungur miðbæjarins
Bankastræti 11
135.000.000 kr

Ertu djammari með nokkrar kúlur á bankabókinni? Þá liggur beinast við að kaupa sér íbúð í hjarta miðbæjarins þar sem þú bókstaflega sérð hvað margir og hverjir eru í röðinni á B5 – ekki að þú þurfir að bíða þar í röð.



Íslenski
draumurinn
Kríunes 4
124.900.000 kr.

Ahh, Arnarnesið, þangað sem ríka fólkio fer til að deyja. Þetta risastóra gímaldr er í boði fyrir einungis rétt yfir hundrað kúlur, sem eru líklega smámunir fyrir alla sem ætla sér að flytja á Arnarnesið. Gallinn er samt sá að ísbíltúr íbúa höfuðborgasvæðisins fer fram fyrir framan húsið þitt en það verður líklega búið að loka Arnarnesinu með hliði innan skamms svo að það ætti að sleppa.

Nostalgiu-
paradísin
Fáfnisnes 3
125.000.000 kr.

Nútíminn er algjört rusl og þá er best að hverfa inn í nostalgiu horfinna tíma (sem líklega voru aldrei til nema í fantasíum). Fegursta hús Reykjavíkur 1973 gæti orkað sem tímavél fyrir retró dýrkandann og ekki er verra að þetta meistarastykki er staðsett í Skerjafirðinum. Já, það er timburklætt gufubað þarna.



Nýrika pakkioð
Skuggahverfið
Lindargata 39
229.000.000 kr.

Í höfði hvers bankamanns sem kom „úr engu“ má finna drauminn um að búa í íbúð hátt uppi í Skuggahverfinu þar sem lyftan opnast beint inn til þín og algjöra félagslega einangrun er að finna í þakgarðinum. Reyndar er þetta bara næstefsta hæðin – en það ætti að halda manni á tönnum.

Bankastjórinn
Laugarásvegur 60
tilboð

Það er algjörlega galið að vera bankastjóri og búa ekki á Laugarásvegi. Það er svokallaður „no brainer“. Þetta stórglæsilega hús er til sölu og það má búast við að fyrir utan sé sægur af Land Cruiser jeppum í klessó upp á hver hreppir hnossio.



Chris Pine



ARMANI code

COLONIA, the new freshness



KYNNING Á GIORGIO ARMANI ILMUM 22. - 28. JÚNÍ Í VERSLUNUM HAGKAUPS.
Glæsilegt GIORGIO ARMANI handklæði er kaupaukinn þinn þegar þú kaupir GA vörur fyrir 8.500 eða meira.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
GIORGIO ARMANI DÖMU OG HERRAILMUM.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Starfsmanna- og munaskápar

RMI
OFNASMÍÐJAN
www.rymi.is

Flutt aftur til Íslands og íhugar bókarskrif

Kolbrún Sara Larsen, sem margir kannast við úr þáttunum Leitinn að uppruninum, er flutt aftur til Íslands eftir að hafa búið í Danmörku í nokkur ár. Kolbrún segir lífið svolítið breytt eftir að þættirnir komu út og íhugar nú að kafa dýpra í sögu sína og gefa út bók.

Það fylgdust margir með Kolbrúnu Söru Larsen í fyrri þáttunum Leitinn að uppruninum, þegar hún hafði uppi á líffræðilegri fjölskyldu sinni í Tyrklandi, en Kolbrún var ættleidd til Íslands sem barn.

„Lífið hefur breyst að mörgu leyti eftir fjölskyldufundinn og þættina. Núna er ég í sambandi við fólkíð mitt í Tyrklandi. Svo er það bara spurning um tíma og peninga hvernær við förum, öll fjölskyldan, út og hittum þau. Börnin eru að minnsta kosti ofurspennt.“

Breytingin fyrir mig felst aðallega í því að núna veit ég hver staðan var hjá foreldrum mínum og hvað gerðist í raun. Það er það sem leitinn mín snerist um frá upphafi, að fá að vita að ég hafi ekki verið yfirgefin. Sú fullvissa er ómetanleg,“ segir Kolbrún sem er nýflutt aftur til Íslands eftir að hafa búið í Danmörku ásamt fjölskyldu sinni í tæp fjögur ár. Þegar hún flutti aftur til Íslands varð hún vör við það hversu margir landsmenn fylgdust spennitir með ferðalagi hennar til Tyrklands.

„Við fengum gríðarlega jákvæð viðbrögð. Fólk er forvitið og fylgdist greinilega vel með og er óhrætt við að spyrja mig. Það að ég hafi verið ættleidd er ekkert leyndarmál og hefur aldrei verið. Hjá sumum er þetta feimnismál. Stundum, þegar fólk spurði mig hér áður fyrr hvaðan ég væri, þá að sjálfsgöðu svaraði ég hreint út að ég væri ættleidd. Þá var stundum eins og fólk þætti það óþægilegt. Sumir báðust meira að segja fyrirgefningar á því að tala um þetta,“ segir Kolbrún og hlær.

Vildi vera nær fjölskyldunni

Spurð út í af hverju hún og fjölskylda hennar ákvað að flytja aftur til Íslands frá Danmörku segir hún: „Okkur leið rosalega vel úti en okkur fannst bara orðið svolítið langt í fjölskylduna. Og það gekk ýmislegt á síðastliðað ári, bæði gleðilegt og sorglegt, sem við vildum taka þátt í. Ég held að það hafi verið jákvætt fyrir alla að komast heim og börnin-blómstra í öllu frelsinu sem fæst með því að flytja til Íslands og út á land,“ segir Kolbrún sem á tvö börn.

Kolbrún sneri til Húsavíkur, þar sem hún ólst upp. „Það er minn heimabær og ég var búin að



Kolbrún og fjölskylda höfðu búið í Danmörku í næstum fjögur ár.

fá loforð um vinnu á spítalanum á Húsavík áður en við tókum endanlega ákvörðunina,“ útskýrir Kolbrún sem er hjúkrunarfræðingur.

Fjölskyldan er nú á höttunum eftir húsnæði á Húsavík. „Við búum inni á foreldrum því þó svo að það sé næg vinna á Húsavík þá er vöntun á húsnæði hérna og við eigum enn þá eftir að selja fallega húsið okkar í Danmörku. Við erum búin að vera með húsið á sölu í fjóra mánuði, það þykir langur tími á íslenskan mælikvarða en svo sem ekkert langur tími miðað við danskan. Við erum bara svo óþolinmóð, enda Íslendingar að upplagi,“ segir hún og hlær.

MIG LANGAR TIL AÐ GERA SÖGU MINNI BETRI SKIL. ÞAÐ VAR SVO MIKIÐ SEM KOM Í LJÓS ÞEGAR ÉG HAFÐI UPPI Á FJÖLSKYLDUNNI MINNI ÚTI.

Google translate til bjargar

Aðspurð hvernig gangi svo að eiga í samskiptum við fjölskyldu sína í Tyrklandi kveðst Kolbrún vera þakklát fyrir tæknina. „Ég get skrifað á ensku til sumra en svo skrifa þau til mín á tyrknesku og þá nota ég Google translate. Guði sé lof fyrir tæknina,“ segir Kolbrún.

„Svo tölum við stundum saman á Skype og þá sýni ég þeim hvað við erum að gera eða hvar við erum. Þá náum við að heyra rödd hvert annars og mamma sendir mér fingurkossa, það er frábært,“ segir Kolbrún sem er farin að læra svolítið í tyrknesku.

Spurð út í hvað sé svo fram undan segist Kolbrún hafa áhuga á að segja nánar frá sögu sinni. „Mig langar að gefa út bók. Ég þarf bara að finna einhvern með mér í lið, því ég er enginn rithöfundur. Mig langar til að gera sögu minni betri skil. Það var svo mikið sem kom í ljós þegar ég hafði uppi á fjölskyldunni minni úti, meira en mig hefði nokkurn tímann grunað. Og það var ýmislegt sem komst ekki að í þáttunum þannig að þarna er mikil saga sem þarf að skrásetja nákvæmar. Mig langar að kafa í allar hliðar málsins. Það eru nefnilega alltaf nokkrar hliðar á hverju máli.“

gudnyhronn@365.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinnsson hafsteinn@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÖLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@365.is, FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFTI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrnann Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Mundir þú eftir að burstu og skola í morgun?

GUM eru hágæða tannvörur

tannlæknar mæla með GUM tannvörum



... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

allar upplýsingar á www.icecare.is



Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðu litríkt úrval á bros.is

Bros auglýsingavörur, Norðlingabraut 14.

BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
– með þínu merki

RAFMAGNESVESPUR

Parf ekki próf, tryggja eða skrá!



NITRO

Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is

ÚTSALAN er hafin

20-50%
AFSLÁTTUR

the
PIER

PALLURINN

Klárurum dæmið!

REIKNADU ÚT EFNISKOSTNAÐ Á BYKO.IS

GAGNVARIN OG ALHEFLUÐ FURA *4,5 m og styttra.

AB-gagnvarin 22x95 mm. Vnr. 0058254 **185** kr./lm*

AB-gagnvarin 22x120 mm. Vnr. 0058255 **247** kr./lm

AB-gagnvarin 27x95 mm. Vnr. 0058324 **215** kr./lm*

AB-gagnvarin 27x145 mm. Vnr. 0058326 **325** kr./lm*

AB-gagnvarin 45x95 mm. Vnr. 0058504 **295** kr./lm*

AB-gagnvarin 45x145 mm. Vnr. 0058506 **485** kr./lm*

A-gagnvarin 95x95 mm. Vnr. 0059954 **715** kr./lm*



BLÓMAKASSI

Ferkantaður, lítill
36 x 66,5 x 23,5 cm.

3.395 kr.

0291535



Fleiri stærðir fánlegar

BLÓMAKASSI

Ferkantaður 45,5 x 75,5 x 28 cm.

4.495 kr.

0291536



SORPTUNNUGEYMSLA

fyrir 2 tunnur.

44.995 kr.

0291700

SORPTUNNUGEYMSLA

fyrir 1 tunnu.

22.995 kr.

0291701

MIKIÐ ÚRVAL FYRIR GARÐINN

BLÓMAKASSI

Lítill 28 x 43 x 50 cm.

4.495 kr.

0291460



GARDBORD gagnvarin fura,
þvermál 120cm, hæð 73cm.

36.995 kr.

0291454



GARDBEKKUR

3 sæta, ícelandic.

26.995 kr.

0291474



SANDKASSI

120 x 120 cm.

13.995 kr.

0291468



Q1200 gasgrill, svart. 2,64 kW/h ryðfrír brennari. Meðfærilegt, frábært heima eða í ferðalagið, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárnri. Grillflötur er 32 x 42 cm. Slanga og þrýstijafnari fyrir venjulegan gaskút, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hliðarborð, hitamælir í loki, álbacki fyrir fitu.

33.995 kr.

50650007

2,64
kw

1
brennari
(ryðfrí)

weber



TRAVELQ PRO

PORTABLE GAS GRILL

TRAVELQ PRO 285X gasgrill 4,1 Kw, 2 brennarar, heildargrillflötur er 54 x 37 cm, JETFIRE™ kveikjakerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárnri, ACCU PROBE™ hitamælir.

44.995 kr.

506600016

4,1kw

2
brennarar

Broil King®

Great Barbecues Every Time

PORTA-CHEF gasgrill, einn 4,1 kW ryðfrír brennari, eldunarsvæði: 46 x 31 cm. Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárnri. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Sure-Lite™ kveikikerfi. Accu-Temp™ hitamælir í loki.

23.895 kr.

50657524

4,1
kw

1
brennari



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 28. júní eða á meðan birgðir endast.

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM **BOSCH** HÁPRÝSTIDÆLUM



30%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM **Einhell**® RAFMAGNSVERKFERUM*

* Gildir þó ekki um garðverkfæri



BOSCH

TILBODSVERÐ

BÚTSÖG PCM 8 1200W.

22.395 kr.

74862008
Almennt verð: 27.995kr.

ÞÚ SPARAR 5.000kr.



TILBODSVERÐ

RAFHLÖÐU-BORVÉL PSR 14,4V.

22.395 kr.

74864116
Almennt verð: 27.995kr.

ÞÚ SPARAR 5.000kr.

2 rafhlöður fylgja

TILBODSVERÐ

MULTISÖG PMF 220

15.995 kr.

74862194
Almennt verð: 19.995kr.



GARDENA

TILBODSVERÐ

SLATTUVÉL GARDENA 1200W.

17.595 kr.

54904073
Almennt verð: 21.995kr.



Einhell

TILBODSVERÐ

SLATTUORF GB-BC 25 AS, 0,75kW.

19.995 kr.

74830073
Almennt verð: 26.995kr.

ÞÚ SPARAR 7.000kr.



TILBODSVERÐ

Einhell

SLATTUVÉL GC-PM 46, 1,9kW.

31.995 kr.

748300652
Almennt verð: 39.995kr.



ÞÚ SPARAR 8.000kr.

Vertu með!

PALLA-LEIKUR BYKO

1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. MAÍ - 17. ÁGÚST 2017.
2. ÞÚ SKRÁIR NÖTUNÚMER OG AÐRAR NAUDSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!



AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS SENDUM ÚT UM ALLT LAND



1962-2017

55 ára



Bakþankar

Tómasar Þórs Þórðarsonar



Rússíbanareið í nýja berjamó

Eftir þrjár mislukkaðar tilraunir til að fara í Costco tókst það loksins á þriðjudaginn. Ég er týpan sem biður ekki í röð og þurfti því tvisvar að taka vinkilbeygju út af bílplaninu þegar ég mætti og reyndi að skrá mig til leiks.

Með spánnýtt plastkort með mynd af mér þaut ég af stað inn í þennan nýja verslunar- og menn-ingarheim. Og þvilik upplifun. Mig langaði aldrei að fara heim.

Guð hefði svo sannarlega mátt hjálpa foreldrum mínum hefði Costco verið til þegar ég var polli. Þarna er nefnilega til dæmis hægt að fá tvö fótoltamörk og vesti á 14.000 krónur! Krakkar nú til dags virðast eitthvað minna spenntir fyrir því og sváfu sum börnin bara á brettinu undir risavöxnum kerrunum.

Eitt það spaugilegasta og besta við Costco er úrvalið og verðið á berjum. Costco er hinn nýi berjamór Íslendinga en allt í einu fer maður hvergi í heimsókn án þess að fara heim úturtroðinn af jarðarberjum og hindberjum. Það er ömurlega leiðinlegt að fara í berjamó en í Costco-berjamó er geggjáð.

Eðlilega kaupa Íslendingar sér ber í tonnavís núna. Sumir eru líklega að smakka þau í fyrsta skipti enda hafa ber á Íslandi verið verðlögð eins og fjórhjóladrifnir skutbílur með rafmagni í rúðum.

Tilfinningarnar fengu svo sannarlega rússíbanareid þegar ég kom svo við í annarri af tveimur stóru lágvöruverðsverslunum okkar Íslendinga. Þar hélt ég að Costco væri að pretta mig því tveir hlutir sem ég keypti í Kaupvangi voru á sama verði og ódýrari í þeirri verslun.

En þá mundi ég: Vegna mikils ágangs landans í nýja berjamóinn hafa aðrir þurft að slaka á okrinu. Þá tók ég gleði mína á ný.



Sómasamlökur

SAMLOKURNAR OKKAR

— ERU BESTAR Í DAG —

FERSKT Á FERDINI • FRESH TO GO



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Iceland

KRANAN



1439 kr. kg

Grísahnakkaspjót úrval marineringa. Spánn Verð áður 1799 kr. kg